

HALLDÓR
**skoðun** 20

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Gámar & gámaþjónusta
Lífið










# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**31. ágúst 2012**
204 tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Þakklát fyrir að lifa
*Ingibjörg Stefánsdóttir fagnar fertugsafmæli.*
**tímamót** 32

## Humar slær í gegn
*Humar Linduson Eldjárn varð óvænt Facebook-stjarna.*
**popp** 54



## Sjö stiga forysta
*FH hafði betur gegn ÍBV í gær og er með sjö stiga forystu á toppnum.*
**sport** 48

**veðrið í dag**




**TALSVERÐ RIGNING** og strekkingur eða allhvasst sunnan og vestan til fyrri hluta dags en hægari vindur og úrkomuminna norðanlands. Skúrir síðdegis.
**VEÐUR** 4

# Skuldirnar vegna kaupa á Símanum að sliga Skipti

**Skuldir Skipta eru alltof háar og skerða samkeppnishæfni félagsins. Forstjóri þess segir endurfjármögnun „mjög aðkallandi“. 62 milljarðar á gjalddaga 2013 og 2014. Þorri skulda tilkominn vegna einkavæðingar.**

**VIÐSKIPTI** Fjármagnskostnaður Skipta, móðurfélags Símans, Mílu og Skjás miðla, skerðir samkeppnishæfni og fjárfestingagetu félagsins. Forstjóri þess segir þetta ekki ganga upp til lengri tíma og að endurfjármögnun félagsins sé „mjög aðkallandi“.

Kostnaðurinn er tilkominn vegna sambankaláns sem tekið var þegar Skipti keyptu Símann í einkavæðingarferli árið 2005 og útistandandi skuldabréfaflokks. Sambankalánið, sem stendur í um fjörutíu milljörðum króna, er á gjalddaga í desember 2013 og skuldabréfaflokkurinn, upp á 22 milljarða króna, á að greiðast í apríl 2014. Þangað til greiðir félagið vexti af þessum skuldum.

Skipti birtu hálfsársuppgjör sitt í gær. Rekstrarhagnaður félagsins nam 3,4 milljörðum króna. Á móti var fjármagnskostnaður þrír milljarðar og virðisrýrnun eigna 1,3 milljarðar. Þessir tveir þættir voru ráðandi í því að félagið tapaði 2,6 milljörðum á fyrstu sex mánuðum ársins, sem er um 700 milljónum meira en tapið á sama tíma í fyrra.

Steinn Logi Björnsson, forstjóri Skipta, segir ljóst að það þurfi að endurfjármagna félagið enda sé afkoma Skiptasamstæðunnar óviðunandi vegna alltof hárrar skuldastöðu og fjármagnskostnaði sem henni fylgir. „Fjármagnsstrúktúrinn eins og hann er núna gengur ekki til lengri tíma,“ segir hann. „Það er því orðið mjög aðkallandi að ráðast í endurfjármögnun og undirbúningur fyrir hana er hafinn. Það kemur í ljós á næstu mánuðum hvernig til tekst.“

> Fjármagnsstrúktúrinn eins og hann er núna gengur ekki til lengri tíma.
>
> STEINN LOGI BJÖRNSSON
> FORSTJÓRI SKIPTA

Aðspurður hvort nægjanlegt sé að endurfjármagna skuldir segir Steinn það fræðilega vera hægt. „Það er þó auðvitað aldrei ákjósanlegt til lengri tíma. Skuldastaðan hefur áhrif á samkeppnishæfni okkar og við getum ekki fjárfest eins og við þurfum.“

Eigandi Skipta er Klakki ehf., sem áður hét Exista. Stærsti eigandi þess félags er Arion banki með 44,9 prósent hlut. Þrír erlendir vogunarsjóðir eiga auk þess samtals 17,5 prósent í Klakka. **- þsj**



**HUNDAFJÖLD** Það var fjör hjá hundunum á Geirsnefi í gær, enda alltaf gott að losna við tauminn og hlaupa um með félögunum. Þeir eru líklega ánægðir með þá staðreynd að hundum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um rúmlega helming á sex árum. **Sjá síðu 4.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ný íslensk þáttaröð:

## Ungt fólk opinskátt um kynlíf

**FÓLK** „Þetta er fræðsluþáttur, en efnið er séð með augum ungs fólks og við upplifum þetta svolítið í gegnum það,“ segir Hrefna Björk Sverrisdóttir, einn framleiðandi sjónvarpsþáttanna 2+6 sem hefja göngu sína á Popptíví í vetur.



HREFNA BJÖRG SVERRISDÓTTIR

Kynlíf er umfjöllunarefni þáttanna. Að sögn Hrefnu Bjarkar verður ákveðið efni tekið fyrir í hverjum þætti og nefnir hún sem dæmi BDSM og sjálfsfróun. „Ungt fólk er mjög opinskátt þegar kemur að kynlífi og það er mjög áhugavert að sjá og heyra hvað það er að spá.“

Sunna Sverrisdóttir og Veigar Ölnir Gunnarsson eru umsjónarmenn þáttanna. Tökur hefjast í næstu viku. **- sm** / **sjá síðu 54**

Innanríkisráðherra fundar með Eimskipsmönnum vegna laumufarþegafaraldurs:

# Við getum lagað brotalamirnar

**LÖGREGLUMÁL** „Að mati ráðuneytisins er það ótvíræð ógn við siglingavernd ef óviðkomandi aðilar komast inn á afgirt hafnarsvæði og því nauðsynlegt að grípa til viðeigandi aðgerða til þess að stemma stigu við því,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær telur Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskipafélagsins, hættu á að yfirvöld í Bandaríkjunum banni beinar siglingar frá íslenskum höfnum vestur um haf komist hælisleitendur héðan sem laumufarþegar til Bandaríkjanna.

„Ég hef ekki forsendur til að meta það,“ svarar innanríkisráðherra aðspurður um mat sitt á fullyrðingu Gylfa. „Það eina sem ég hef forsendur til að meta er hvers við erum megnug og ég er alveg sannfærður um að við getum lagað þær brotalamir sem þarna eru á.“



Ögmundur segir innanríkisráðuneytið bera saman bækur sínar við yfirvöld annars staðar á Norðurlöndum. „Við höfum óskað eftir fundi með fulltrúum Eimskipafélagsins í næstu viku til að fara yfir málin en jafnframt vil ég sjá einhverjar handfastar tillögur þeirra aðila sem hafa með þessi mál að gera fyrir lok septembermánaðar,“ segir ráðherrann og nefnir þar stofnanir eins og Siglingastofnun, hafnaryfirvöld og siglingaverndarráð. **- gar**

**STÖÐ 2 BLAÐIÐ FYLGIR BLAÐINU Í DAG**








## SPURNING DAGSINS



*Er hægt að týna sér í þessum fræðum?*

„Já, en það ber ríkan ávöxt.“

Sveinn Rúnar Hauksson læknir er mikill áhugamaður um ber og nýtingu þeirra. Hann segir að stöku frostnætur bindi ekki enda á berjavertíðina eins og margur heldur.

Síldarvinnslan í Neskaupstað kaupir Berg-Hugin í Vestmannaeyjum:

# Einu skipi verður lagt í hagræðingarskyni

**SJÁVARÚTVEGUR** Síldarvinnslan í Neskaupstað (SVN) hefur undirritað kaupsamning um kaup á útgerðarfélaginu Bergi-Hugin í Vestmannaeyjum. Kaupverðið er trúnaðarmál, en kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Bergur-Huginn var í eigu Magnúsar Kristjánssonar, útgerðarmanns í Eyjum. Í yfirlýsingu frá honum segir að með sölunni ljúki útgerðarsögu hans, sem staðið hafi óslitið síðustu fjörutíu ár í Vestmanneyjum.

Bergur-Huginn gerir út tvo togbáta og hefur yfir að ráða aflaheimildum sem nema tæpum 5.000 þorskígildistonnum. Hjá félaginu starfa 35 manns, flestir til sjós, en fyrirtækið rekur ekki landvinnslu. Fyrir á SVN tvo togbáta.



GUNNÞÓR INGVASON

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri SVN, segir að einu skipi af fjórum verði lagt í hagræðingarskyni.

„Við teljum að við þurfum að fækka um skip í hagræðingarskyni til að fá það út úr rekstrinum sem þarf til að borga af skuldbindingum og auknum álögum. Veiðileyfagjald mun hækka og það er aukin krafa á okkur um aukna hagræðingu til að geta staðið undir skuldbindingum.“

Gunnþór segir lítið hægt að segja á þessu stigi um hvaða áhrif kaupin hafi á starfsemina í Eyjum. „Fyrirtækið Bergur-Huginn verður rekið áfram sem fyrirtæki í útgerð í Vestmannaeyjum.“ **- kóp**



**BERGEY** Eftir kaupin á Síldarvinnslan fjögur skip, þar með talið Bergey. Fækkað verður um eitt skip. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON



**ÝMISHÚSIÐ** Menningarsetur múslíma á Íslandi er með aðstöðu í húsinu.

Ýmir fær nýtt hlutverk:

## Bænastarf hefst um helgina

**MENNING** Bænastarf múslíma hefst í Ými um helgina, en Menningarsetur múslíma á Íslandi er þar með aðstöðu. Karlakór Reykjavíkur reisti Ými, en fjárfestar keyptu það fyrir nokkru á um 270 milljónir.

Í fréttum Stöðvar 2 kom fram að fjárfestarnir hefðu verið gagnrýndir fyrir að þiggja fjárstyrki frá Sádi-Arabíu. Þeim hefur verið brigslað um tengsl við hryðjuverkasamtök. Formaður íslamskra fjárfesta á Íslandi, Hussein Aldaoudi, sagði við fréttastofu Stöðvar 2 að hann vildi sýna hlutlaust og íslenskt íslam. „Boðskapur minn til þeirra sem hafa efasemdir um mig er að ég vil bara þjóna samfélaginu, annað ekki.“ **- kóp**

Ný könnun í Svíþjóð:

## Fleiri konur háðar spilum

**SVÍÞJÓÐ** **Konum með spilafíkn fjölgar í Svíþjóð, samkvæmt nýrri könnun sænsku lýðheilsustofnunarinnar. Konur eru nú helmingur nýrra spilafíkla. Algengast er að konur á aldrinum 45 til 64 ára glími við vanda vegna spilafíknar.**

**Fram kemur í sænskum fjölmiðlum að þar sem konur séu oft einar við spil sé meiri hætta á að þær missi tökin. Tegund spilamennskunnar skiptir einnig máli. Hættan á að verða spilafíkill er sögð mikil ef spilað er í spilakössum og vissum spilum á netinu. Áfengisvandi er einnig áhættuþáttur. Þeim sem drekka mikið er hættara við að verða spilafíklar.** **- ibs**

# Peningum safnað í strætóbauk í Höfða

**Sumaropnun fyrir almenning í Höfða lýkur í dag. Til að hafa upp í kostnað hefur verið óskað eftir frjálsum framlögum gesta í stað þess að að innheimta aðgangseyri. Notaður er gamall farmiðabaukur frá Strætó sem geymir lykilinn.**

**REYKJAVÍKURBORG** „Það verður forvitnilegt að sjá hvað kemur þarna upp úr,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingastjóri Reykjavíkurborgar, um söfnunarbauk sem verið hefur í Höfða í sumar.

Reykjavíkurborg ákvað í vor að opna Höfða fyrir almenningi sem, frá því 5. júní í sumar, hefur getað skoðað sig um í húsinu alla virka daga milli klukkan ellefu og fjögur.

„Ef við hefðum farið að innheimta aðgangseyri þá hefði það kostað heilan starfsmann sem hefði þurft að vera þarna og taka við honum,“ útskýrir Bjarni ástæðu þess að ákveðið var að sleppa gestum við að borga sig inn en setja þess í stað upp bauk fyrir frjáls framlög til að fá fé upp í kostnað.

Síðasti dagur sumaropnunarinnar er í dag. Höfði verður opnaður klukkan ellefu að venju en búast má við að húsinu verði lokað fyrr en venjulega, jafnvel strax klukkan eitt, vegna móttöku sem þar verður eftir hádegi.

„Aðsóknin hefur verið góð,“ segir Bjarni um reynsluna af sumaropnuninni. Hann upplýsir að gestir hafi verið taldir í sumar og að verið sé að taka saman þær tölur. Jafnframt verði söfnunarbaukurinn nú opnaður í fyrsta sinn frá því í sumarbyrjun og talið upp úr honum. Um er að ræða gamlan farmiða- og fargjaldsbauk frá Strætó. „Þeir hjá Strætó eru með lykilinn og munu koma og opna baukinn með viðhöfn.“

Sumaropnunin í Höfða var rædd á síðasta fundi menningar- og ferðamálaráðs borgarinnar. Fram kom að jafnframt því að almenningur hefði getað skoðað húsið hefði verið sýning á efri hæð um byggingu Höfða og sögu norskra húsa á Íslandi. Þá hafi í mörg ár verið ljósmyndasýning á neðstu hæð um leiðtogafundinn í Höfða í október 1986. „Opnun hússins í sumar hefur gengið afar vel og er stefnt að því að opna það fyrir almenning aftur næsta sumar,“ segir menningar- og ferðamálaráð.

Áhugasamir hafa því tækifæri til að skoða Höfða til klukkan um það bil eitt í dag og hugsanlega setja pening í baukinn áður en húsið verður þeim lokað fram á næsta sumar. **gar@frettabladid.is**



**SAFNAST ÞEGAR SAMAN KEMUR** Gestir í Höfða sýnast hafa verið örlátir í sumar og bæði íslenskir seðlar og erlendir streymt í farmiðabaukinn sem Strætó lagði til fyrir frjáls framlög. Mikilvægt þykir að peningar séu sýnilegir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þeir hjá Strætó eru með lykilinn og munu koma og opna baukinn með viðhöfn.
>
> BJARNI BRYNJÓLFSSON
> UPPLÝSINGASTJÓRI REYKJAVÍKURBORGAR

## Guðmundur Páll látinn

**Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur og rithöfundur, er látinn. Hann var 71 árs, fæddur 2. júní 1941.**



GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON

**Guðmundur lærði meðal annars köfun, myndlist og líffræði og lauk B.Sc. gráðu frá ríkisháskólanum í Ohio. Seinna lærði hann bæði ljósmyndun og sjávarlíffræði í Stokkhólmi. Þá stundaði hann listnám í Ohio.**

**Hann starfaði sem skólastjóri og kennari á ferli sínum. Hann starfaði jafnframt við köfun, trésmíðar, veiðar, hönnun og teikningar. Þá starfaði hann í seinni tíð sem rithöfundur, náttúrufræðingur og ljósmyndari. Hann hlaut íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir bókina Hálendið í náttúru Íslands, og var einnig tilnefndur til verðlaunanna fyrir Perlur í náttúru Íslands og Ströndin í náttúru Íslands.**

Sparsamur Obama:

## Minnsta eyðsluaukning frá ‘61

**BANDARÍKIN** Ríkisútgjöld Bandaríkjanna hafa aukist um 1,4% undir stjórn Baracks Obama. Það er minnsta aukning á einu kjörtímabili nokkurs forseta síðan Eisenhower lét af störfum árið 1961. Þetta kemur fram í Forbes.

Til samanburðar jukust útgjöldin hjá George W. Bush um 7,3% á fyrra kjörtímabili og 8,1% á því síðara og hjá Ronald Reagan um 8,7% á fyrra kjörtímabili og 4,9% á því síðara. **- kóp**




Píanónám fyrir þig

popp blús djass sönglög

Tónheimar bjóða upp á píanónám fyrir alla aldurshópa sniðið að þörfum og áhugasviði hvers og eins.

Láttu drauminn rætast og lærðu að spila þín uppáhaldslög eftir eyranu.

Frístundakort

**Haustönn hefst 10. september**

**Upplýsingar og skráning á www.tonheimar.is**

tónheimar

Síðumúla 8 - sími 846 8888 - tonheimar@tonheimar.is


Fagnaðarfundir urðu með ákærðu pari í Héraðsdómi Reykjaness í gær:

# Kossaflens í eins kílós kókaínmáli

**DÓMSMÁL** Par sem ákært er fyrir að skipuleggja innflutning á tæpu kílói af kókaíni til landsins í þremur hlutum játaði hluta sakarinnar við þingfestingu ákærunnar í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Miklir fagnaðarfundir urðu með parinu þegar það náði saman í dómsalnum og kysstist það innilega og ítrekað á meðan beðið var eftir dómaranum. Konan situr í varðhaldi í Kvennafangelsinu í Kópavogi en manninum var nýverið sleppt úr varðhaldi og hann úrskurðaður í farbann.

Konan, Giovanna Soffía Gabríella Spanó, játaði að hafa fengið móður sína til að flytja hingað 570 grömm af kókaíni sem falið var í ferðatösku. Móðirin er ekki ákærð í málinu. Konan neitar aftur á móti að bera ábyrgð á innflutningi á 350 grömmum af kókaíni frá Spáni og tilraun til að smygla 140 grömmum frá Danmörku.

Maðurinn, Magnús Björn Haraldsson, játar sök í síðastnefnda liðnum en neitar hinum tveimur. Burðardýrin í Spánarmálinu mættu ekki í héraðsdóm í gær.

Steinar Aubertsson, sem var eftirlýstur vegna málsins og var handtekinn í Hollandi fyrir tveimur vikum, er væntanlegur til landsins á næstunni. Búist er við að þá verði gefin út framhaldsákæra á hendur honum og honum þannig bætt inn í málið. **- sh**



**ÚR DÓMSSAL** Parið ýmist neitaði eða játaði sök eftir ákæruliðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ert þú WOW?

## – við leitum að liðsauka



### Endurskoðunarséní

– þarf að hafa unun af bókhaldi

**Aðalbókari**
Óskum eftir að ráða öflugan bókara með víðtæka reynslu á sínu sviði. Þarf að hafa yfirburðaþekkingu á Navision og frumkvæði í starfi. Starfið felst í bókhaldi, skýrslugerð, afstemmningum og fleiri æsispennandi verkefnum. Viðskiptamenntun af endurskoðunar- eða fjármálasviði er nauðsyn.

### Ferðamálafrömuður

– þarf að vera snöggur að pakka

**Verkefnastjóri hjá WOW ferðum**
Við leitum að hugmyndaríkum starfskrafti í framleiðslu og skipulagningu pakkaferða. Þarf að hafa reynslu og þekkingu á pakkaferðum fyrir hópa og einstaklinga og sölu til erlendra ferðamanna. Ekki spillir fyrir að hafa einlægan áhuga á ferðalögum, mikið keppnisskap og skemmtilega sýn á lífið og tilveruna.

### Tölvunarfagurkeri

– þarf að vera viðmótsþýður

**Viðmótsforritari**
Viljum ráða forritara til að vinna í hópi hugbúnaðarsérfræðinga, með áherslu á viðmótsforritun. Ef þú getur látið IE8 hegða sér skikkanlega og ert flennifær á CSS og Jquery þá viljum við þig í hópinn! Háskólagráða í tölvunarfræði eða haldgóð reynsla í hugbúnaðargerð er skilyrði, sem og mikil og góð reynsla af vefforritun. -hönnun og myndvinnslu.

### Tungumálatryllir

– þarf að kunna stafrófið

**Ritstjóri**
Við viljum ráða ritstjóra yfir erlendu efni WOW air. Þarf að vera snillingur og/eða séní í að skrifa ensku og hafa brennandi áhuga á Íslandi og öllu sem það hefur upp á að bjóða. Viðkomandi er ábyrgur fyrir því að efnisþættir á erlendum vefsvæðum okkar séu WOW. Tungumálakunnátta er lykilatriði – því fleiri, því betra.

### Forritarafóstra

– þarf að kunna að telja

**Verkefnastjóri tölvudeildar**
Yfirlit með verkefnisstjórnun hóps forritara. Þarfagreining vegna nýrra verkefna og mat á umfangi þeirra. Þarf að hafa háskólagráðu í tölvunarfræði eða reynslu af hugbúnaðargerð og verkefnastjórnun í hugbúnaðargeira. Þarf að geta forritað í .NET (VB, C#). Þekking á Umbraco er kostur.

### Hugbúnaðarforkur

– þarf að skilja tölvur

**Hugbúnaðarsérfræðingur**
Óskum eftir hörkuduglegum starfsmanni til að vinna í öflugum hópi sérfræðinga að þróun kerfa WOW air. Þarf að hafa háskólagráðu í tölvunarfræði eða reynslu af hugbúnaðargerð. Góð kynni af .NET (VB, C#), MS SQL, HTML, CSS, jQuery er æskileg, sem og viðamikil þekking á Umbraco.

## Erum við að leita að þér? Ekki hika við að senda umsókn á **starf@wowair.is** fyrir 8. sept.

WOW air

Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | Ísland / Iceland | +354 590 3000 | www.wowair.is | wowair@wowair.is

**GENGIÐ 30.08.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,00 | 122,58 |
| Sterlingspund | 193,17 | 194,11 |
| Evra | 152,94 | 153,80 |
| Dönsk króna | 20,524 | 20,644 |
| Norsk króna | 20,971 | 21,095 |
| Sænsk króna | 18,327 | 18,435 |
| Japanskt jen | 1,5508 | 1,5598 |
| SDR | 185,35 | 186,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,676

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögfræðiálit bendir til að álagning fasteignagjalda á Hörpu sé ólögleg:

# Íhuga mál vegna fasteignagjaldanna

**SKIPULAGSMÁL** Portus ehf., rekstrarfélag Hörpu, íhugar að sækja rétt sinn fyrir dómstólum vegna álagningar fasteignagjalda. Fyrirtækið hefur fengið lögfræðiálit sem sýnir, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, fram á ólögmæti álagningarinnar.

Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar, staðfestir að álitið sé komið í hús, en vill ekki tjá sig um innihald þess.

„Við munum ræða innihaldið við eigendur okkar og taka afstöðu um næstu skref, vonandi fyrir 15. september.“ Spurður hver þau skref gætu verið segir hann: „Það er að gera ekki neitt, eða að taka málið áfram til Þjóðskrár eða dómstóla.“


PÉTUR J. EIRÍKSSON

Eins og fram hefur komið gerðu áætlanir um rekstur Hörpu, sem eigendur lögðu blessun sína yfir, ráð fyrir að fasteignagjöld yrðu ekki hærri en 180 milljónir króna. Úrskurður yfirfasteignamatsnefndar er að miða skuli við byggingarkostnað, en ekki nýtingarkostnað, og fasteignagjöld séu því 335 milljónir króna. Harpa er í eigu ríkis og Reykjavíkurborgar.

Rekstur Hörpu stendur ekki undir sér og tap á rekstri verður 407 milljónir króna í ár.

Óljóst er hvernig eigendur bregðast við lögfræðiálitinu, en samkvæmt heimildum blaðsins telur Portus það þess eðlis að dómsmál gæti skilað árangri. Málaferli vegna greiðslu gjaldanna til annars eigandans, Reykjavíkurborgar, gætu því verið í uppsiglingu. **- kóp**

Sífelld fjölgun í Lundskógi:

# Sextíu sumarhús á 20 árum

**FRAMKVÆMDIR** Áætlað er að reisa um níutíu sumarbústaði í Lundskógi í Fnjóskadal á næstu árum. Um sextíu hús eru byggð eða í byggingu. Fyrsta húsið var reist þar árið 1991.

Þórólfur Guðnason, bóndi í Lundi og eigandi Lundskógar, segir að sumarhúsaeigendur séu ánægðir. „Þetta fór rólega af stað en þróaðist hratt og fór fyrir alvöru að fjölga fyrir hrunið,“ segir hann. „En það kom furðulítill afturkippur og aldrei verið byggt meira en síðustu tvö ár.“ **- sv**


**SMÁBÁTAHÖFN** Veiðar krókabáta á makríl ganga miklu betur en fyrri ár.

Tíu daga viðbótarveiði leyfð:

# Mega krókveiða makríl lengur

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur gefið út reglugerð sem heimilar bátum sem veitt hafa úr krókapottinum að stunda veiðar í tíu daga eftir að búið er að veiða þau 845 tonn sem ætluð voru til veiðanna.

Makrílveiðar krókabáta hafa gengið afar vel upp á síðkastið og bátarnir því búnir með áætlað magn löngu fyrir þann tíma sem búist var við. Ráðuneytið hefur með reglugerðinni brugðist við óskum Landssambands smábátaeigenda um framlengingu og heimilað þeim bátum sem leyfi hafa að veiða í tíu daga til viðbótar frá og með deginum í dag. **- shá**

**SLYS**

### Slasaðist í Skaftafelli

Kona slasaðist á fæti í Skaftafelli um kvöldmatarleytið í gær. Konan, sem er erlendur ferðamaður, var á göngu að Sjónarnípu þegar hún slasaðist. Björgunarsveitamenn voru kallaðir út og þurftu að bera konuna niður að vegi þar sem sjúkrabíll beið hennar.

**LEIÐRÉTT**

Ranglega var hermt að of mikið magn af hexóklórbenseni hefði fundist í sýnum KR-flugelda. Hið rétta er að það var í sýnum frá Knattspyrnudeild Keflavíkur. Einnig mældist of mikið magn í sýnum frá Alvöru flugeldum.

# Hundum fjölgað um helming á sex árum

**Nálega 5.500 hundar eru skráðir á höfuðborgarsvæðinu. Þeim hefur fjölgað um 54 prósent á undanförnum sex árum, hlutfallslega langmest í Hafnarfirði en langminnst á Álftanesi. Talið að upp undir fjórðungur geti verið óskráður.**

**DÝRAHALD** Skráðum hundum á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað um 54 prósent síðan í ársbyrjun 2006. Þeir voru 3.551 í byrjun ársins 2006 en eru nú 5.475, samkvæmt tölum sem ýmist eru glænýjar eða frá síðustu áramótum.

Mjög mikill munur er á því hversu mikið hundum hefur fjölgað á þessu tímabili eftir sveitarfélögum. Langmest hefur fjölgunin verið í Hafnarfirði, um 86 prósent, en langminnst á Álftanesi, um fjórtán prósent. Næstmest hefur hundum fjölgað í Kópavogi, um 66 prósent, því næst í Mosfellsbæ og Reykjavík, um 48 og 46 prósent, og þar á eftir koma Seltjarnarnes og Garðabær, með fjölgun sem nemur 37 og 36 prósentum.

Það er þó ekki víst hversu mikla sögu þessar tölur segja um heildarfjölda hunda, enda er þó nokkuð um óskráða hunda í borginni. Hversu mikið er þó erfitt að segja, að því er fram hefur komið í samtölum blaðamanns við starfsfólk sveitarfélaganna og heilbrigðiseftirlits.

Árný Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, segir að talið sé að allt upp undir 25 prósent allra hunda í Reykjavík séu óskráð. „Þótt það sé ómögulegt að vita það með einhverri vissu,“ bætir hún við.

Ingimundur Helgason, hundaeftirlitsmaður á Seltjarnarnesi, kveðst eiga erfitt með að fallast á að 25 prósenta talan geti átt við um Seltjarnarnes, og Páll Stefánsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis segir það almenna tilfinningu manna þar á bæ að ekki sé svo stór hluti hunda óskráður.

**stigur@frettabladid.is**

**Hundar á höfuðborgarsvæðinu**

**Þróun hundahalds 2006-2012**




Tölurnar um fjölda hunda í Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi eru fengnar frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogs og ná aðeins til áramóta. Tölurnar úr Reykjavík, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi eru hins vegar nýjar.




Jarðskjálfti af stærðinni 4,6:

# Ekki búist við frekari virkni

**NÁTTÚRA Jörð skalf á suðvesturhorni landsins í hádeginu í gær. Jarðskjálftinn varð eina mínútu í tólf og átti upptök sín í Bláfjöllum, rúma þrjá kílómetra norðaustan Bláfjallaskála. Skjálftinn mældist 4,6 stig en hann varð á tæplega sex kílómetra dýpi.**

**„Skjálftinn var á þekktu jarðskjálftabelti og honum fylgdu 25 til 30 litlir eftirskjálftar,“ segir Martin Hensch, jarðeðlisfræðingur á Veðurstofunni. Engar spár eru gerðar um framhaldið og engar vísbendingar hafa komið fram um að frekari virkni sé að vænta á svæðinu.** **- bþh**

Úttekt á ferðaþjónustunni:

# Ræður ekki við skattahækkun

**VIÐSKIPTI** Ferðaþjónustan ræður ekki við hækkun á virðisaukaskatti og mun lenda í miklum rekstrarerfiðleikum ef af henni verður. Þetta segir Alexander Eðvardsson sérfræðingur hjá KPMG.

Hann segir að af 35 hótelum og gististöðum sem skoðaðir hafi verið hafi reksturinn verið neikvæður í Reykjavík um tæplega 600 milljónir króna í fyrra en jákvæður um tæplega 200 milljónir á landsbyggðinni. **- mh**


PILATES

Markmið Pilates er að lengja og styrkja líkamann með kerfisbundnum æfingum. Hver æfing er hvetjandi, virkjar kviðvöðvana og heldur iðkendum við efnið.

Kolbrún þjálfari segir fólk koma afslappað út úr tímunum en jafnframt fullt af orku.

- Hefst 11. september
- 8 vikur
- Kennari er Kolbrún Jónsdóttir
- Þri og fim kl. 18:30-19:30
- Verð kr. 21.900 (þ.e. 10.950 pr. mán)

NÝTT Í HEILSUBORG!



HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


**VEÐURSPÁ**



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**ÚRKOMUSAMT** verður á landinu í dag, sérstaklega sunnan- og vestanlands fyrri hluta dagsins. Síðdegis snýst vindur til suðvestanáttar með skúrum. Á morgun verður áfram úrkoma sunnan og vestan til en bjart með köflum á Norðausturlandi.



**Á MORGUN**
Fremur hægur vindur víða, heldur hvassara með ströndum SV-lands.

**SUNNUDAGUR**
Fremur hægur vindur víða um land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 17° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 32° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 18° |
| París | 18° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

Waterland

# FRÁBÆRT VERÐ
## Á GÚMMÍSTÍGVÉLUM OG GÚMMÍSKÓM



Waterland
Stígvél
st. 20-35
3.999



Waterland
Stígvél
st. 20-35
3.999



Waterland
Gúmmískór
st. 20-35
2.499



Waterland
Stígvél
st. 20-35
3.999



Stígvél
Loðfóðruð
st. 20-35
4.999



Þór
Stígvél
Loðfóðruð
st. 20-35
4.999



Waterland
Stígvél
st. 20-35
3.999



Waterland
Gúmmískór
st. 20-35
2.299



Waterland
Gúmmískór
st. 20-35
2.299



Waterland
Stígvél
st. 20-35
3.999

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér það skipta máli hver mun reka hótel við Hörpu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 43,5% |
| NEI | 56,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að endurskoða ráðningarmál hjá ráðuneytunum?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is. vísir

Kærandinn hafði meiri menntun og reynslu af ýmsum störfum en hinn ráðni:

# Gagnrýna Ögmund harðlega

**STJÓRNSÝSLA** Bæði sjálfstæðiskonur og jafnréttisnefnd Framsóknarflokksins gagnrýna Ögmund Jónasson innanríkisráðherra harðlega vegna niðurstöðu úrskurðarnefndar jafnréttismála um að hann hafi gerst brotlegur við lög.

Halla Bergþóra Björnsdóttir, settur sýslumaður á Akranesi, kærði ráðningu Svavars Pálssonar í embætti sýslumanns á Húsavík til nefndarinnar. Í úrskurðinum kemur fram að Halla hafi haft meiri menntun en Svavar. Hún hafi haft meiri reynslu af störfum á lögmannsstofu, stjórnsýslustörfum og aukastörfum. Hins vegar hafi Svavar haft lengri reynslu af saksókn. Að öðru leyti hafi þau verið jafnhæf. Innanríkisráðherra hafi ekki sýnt fram á aðrar ástæður fyrir ráðningunni en kynferði.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Hvöt, félag sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, segir ríkisstjórn sem vilji láta kenna sig við jafnrétti ekki hafa náð að fylgja eigin markmiðum og stefnu. Brot bæði Ögmundar og Jóhönnu Sigurðardóttur, sem var dæmd fyrir sams konar brot í fyrra, séu alvarleg og viðhorf þeirra gagnvart úrskurðum nefndarinnar ekki síður.

Jafnréttisnefnd Framsóknarflokksins segir Ögmund eiga að skammast sín. Jafnréttislögin séu ein grundvallarstoð jafnréttis kynjanna og eftir þeim beri öllum að fara. **- þeb**

Kringlan 25 ára:

## Söfnun fyrir hjartveik börn

**FÉLAGSMÁL Rekstrarfélag Kringlunnar hefur hleypt af stokkunum söfnun fyrir Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna. „Láttu hjartað ráða“ eru einkunnarorð söfnunarinnar en tilefnið er 25 ára afmæli verslunarmiðstöðvarinnar. Útbúinn hefur verið hjartalaga baukur sem stendur miðsvæðis í Kringlunni.**

**Það er von kaupmanna og starfsfólks að viðskiptavinir taki þátt í að lita „söfnunarhjartað“ rautt með því að láta af hendi 500 krónur. - shá**




# Virða lög að vettugi við netaveiðar á laxi

**Veiðifélag Árnesinga hefur aldrei skilað inn lögbundinni nýtingaráætlun vegna netaveiða á laxi í Hvítá og Ölfusá. Fiskistofa hefur lagalegan rétt til að setja reglur um veiði sé áætlun ekki skilað. Um skýrt brot á lögum virðist að ræða.**

**VEIÐI** Veiðiréttarhafar í Hvítá og Ölfusá hafa stundað netaveiðar sínar síðan 2006 án þess að skila inn lögboðinni nýtingaráætlun um veiðifyrirkomulag. Það sama á við um netaveiði í Þjórsá, en nær allur netaveiddur lax kemur úr þessum tveimur vatnsföllum á hverju ári.

Þetta staðfestir Árni Ísaksson, forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu. „Það var skilað nýtingaráætlun í fyrra en þar var ekki fjallað um netaveiðina,“ segir Árni og vísar til nýtingaráætlunar Veiðifélags Árnesinga (VÁ), en undir merkjum VÁ starfa deildir einstakra veiðisvæða þar sem stangveiði er stunduð. Þær hafa skilað inn tilskildum áætlunum síðan það ákvæði var fest í lög árið 2006.

„Það er auðvitað vitað nokkurn veginn hvernig netabændur standa að veiðunum; veiðifélagið gerir um það samþykktir hvernig þeir vinna þetta. En það hefur ekki verið formlega skilað inn nýtingaráætlun fyrir netaveiðina, það er rétt,“ segir Árni.

Spurður hvort netaveiðin sé ekki þar með ólögleg, segist Árni ekkert vilja segja til um, en viðurkennir að án undantekningar eigi allir að skila inn nýtingaráætlun. Spurður um viðurlög segir Árni að lítið fari fyrir þeim í lögunum en þau séu í endurskoðun.

Lögin um lax- og silungsveiði virðast vera nokkuð skýr hvað varðar skilaskyldu á nýtingaráætlunum, en í sex greinum laganna segir að sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar „ekki þessari skyldu sinni getur Landbúnaðarstofnun [Fiskistofa], að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur“.

Nýtingaráætlun skal skila til Fiskistofu sem staðfestir hana formlega að fenginni umsögn Veiðimálastofnunar (VMST).

Sigurður Guðjónsson, forstjóri VMST, segir að stofnunin hafi hvatt VÁ til að seinka netaveiðinni til að hlífa stórlaxi. „Þeir hafa aðeins hreyft sig í þá átt en það má gera betur.“

Spurður hvort ekki væri eðlilegt að setja kvóta á netaveiðar, eða hvort slíkt sé gerlegt, segir Sigurður að grunnreglan í lögunum sé að veiðar úr náttúrulegum stofnum skuli vera sjálfbærar. „Það eru til meðöl til að halda sókninni niðri, eins og það birtist í nýtingaráætlunum; að stórlaxi sé hlíft sem og svæðum vegna hrygningar, kvótasetning og að sleppa veiddum laxi.“

Ekki náðist í formann VÁ við vinnslu fréttarinnar. **svavar@frettabladid.is**



**STÓRA-LAXÁ Í HREPPUM** Árni Baldursson, framkvæmdastjóri Lax-ár, birti harðorða grein á vefsvæði félagsins í gær. Frá 1973 hafa 206.707 laxar verið veiddir í net en 71.373 á stöng. Netaveiðibændur eru tuttugu. Aðrir landeigendur eru 240 talsins. MYND/BJÖRGÓLFUR

> Það hefur ekki verið formlega skilað inn nýtingaráætlun fyrir neitaveiðina, það er rétt.
>
> **ÁRNI ÍSAKSSON**
> FORSTÖÐUMAÐUR HJÁ FISKISTOFU







Rúmlega þrítug íslensk kona kærð fyrir meiðyrði og rangar sakargiftir:

# Steinar segir mansalssögu tómt rugl

**LÖGREGLUMÁL** Steinar Aubertsson, einn fimm Íslendinga sem handteknir voru í Amsterdam fyrir tveimur vikum vegna ásakana um mansal, hefur kært konuna sem hafði ásakanirnar í frammi fyrir meiðyrði og rangar sakargiftir.

Steinar situr enn í fangelsi í Amsterdam, einn fimmmenninganna, og bíður þess að vera framseldur til Íslands vegna fíkniefnamáls sem hér er rekið. Hann sendi frá sér yfirlýsingu vegna ásakana konunnar í gær.

Fyrst var greint frá málinu í DV í fyrradag. Þar var birt nafnlaust viðtal við konuna, sem fullyrti að hún hefði heyrt á tal mannanna þar sem fram hefði komið að þeir hygðust selja hana mansali til Brasilíu. Fólkinu var öllu sleppt, að Steinari undanskildum, þar sem engar sannanir þóttu vera fyrir hendi sem renndu stoðum undir ásakanir konunnar.

„Mansal er grafalvarlegur glæpur. Það að vera ranglega ásakaður um slíkt er til þess fallið að hafa slæm áhrif á mannorð þess sem fyrir verður og þeirra sem eru honum nákomnir,“ segir í yfirlýsingu Steinars.

„Íslenskir fjölmiðlar hafa, í stað þess að leitast við að leiða í ljós hið rétta í þessu máli, ákveðið að gera sér fréttamat úr dylgjum sem eru eins fjarri sannleikanum og nokkuð getur verið,“ segir Steinar einnig, og kveðst ætla að leita réttar síns gagnvart íslenskum fjölmiðlum sem hafa fjallað um málið. **- sh**



**Í FANGELSI** Steinar Aubertsson situr í fangelsi í Hollandi og bíður þess að verða framseldur til Íslands.

# AFMÆLISTILBOÐ!

## RÚMFATALAGERINN ER 25 ÁRA

TILBOÐIN GILDA TIL 05.09.2012



8880000458



27302



3658132

ALLIR SÓFAR*
25%
AFSLÁTTUR

3+2 SÓFAR - TUNGUSÓFAR - HORNSÓFAR

*nema hægindasófar og svefnsófar



ALLIR PLASTKASSAR
20%
AFSLÁTTUR

AFMÆLISTILBOÐ
25 ÁRA



900304

50%
AFSLÁTTUR

**SULTUKRUKKUR OG SAFTFLASKA**
Mikið úrval af góðum sultukrukkum með loki.
Einnig 1 lítra saftflaska með tappa.
0,25 lítra krukka
399 nú 199
0,50 lítra krukka
499 nú 249
1 lítra krukka
695 nú 345
1,5 lítra krukka
1.295 nú 645
1 lítra saftflaska
995 nú 495

VERÐ NÚ FRÁ:
199

SINGER



SPARIÐ
5.000

FULLT VERÐ: 29.295
24.950

**SINGER TALENT 3321 SAUMAVÉL**
Frábær SINGER saumavél sem gerir öll helstu sporin, zikk-zakk, hnappagöt o.fl. Er með nálaþræðara.



69021021

7 PÖR

50%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.495
745

**VIKUDAGSSOKKAR**
Flottir sokkar fyrir stelpur og stráka merktir með öllum vikudögunum.
7 pör.



5318400

FULLT VERÐ: 4.695
1.995

58%
AFSLÁTTUR

10 METRAR

**ÓBLEIKJAÐ LÉREFT**
Gott efni úr 100% bómull.
Breidd á efni: 137 sm.
Magn: 10 metrar í pakka.



Price Star

4106100

FRÁBÆRT VERÐ!

SÆNG+KODDI

**BERGEN SÆNG OG KODDI**
Góð sæng fyllt með 1000 gr. af polyester-holtrefjum.
Sængin er sikksakksaumuð.
Stærð: 135 x 200 sm.

SÆNG OG KODDI
5.995

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvað á stór hluti leikskólakennara að hafa lokið háskólaprófi samkvæmt lögum?

2 Eftir hvern er ljóðabókin Eldhús ömmu Rún?

3 Hvernig fór leikur FH-ÍBV?

**SVÖR**

1. 2/3, 2. Sigmund Ernir Rúnarsson, 3. 2-0 fyrir FH

Verndarstefnan aukin:

## Stríð um tolla í uppsiglingu

**DANMÖRK** Stríð um tolla er í uppsiglingu milli Danmerkur og Noregs, að því er segir á fréttavefnum Business.dk.

Norðmenn hækkuðu án viðvörunar tolla á blóminu hortensíu um 72 prósent í júlí sem kemur sér illa fyrir danska garðyrkjubændur.

Viðskiptaráðherra Danmerkur hótar að fjalla um málið á vettvangi Evrópusambandsins á þeirri forsendu að verndarstefna Norðmanna sé að aukast þrátt fyrir loforð um hið gagnstæða. Ráðherrann, Pia Olsen Dyhr, hefur rætt við norska ráðherra án árangurs.

Norskir bændur eru einnig sagðir hafa reynt að fá settan sérstakan toll á osta upp á 262 prósent.

- ibs

# Akureyrarborg fengi skýrara hlutverk gagnvart ríkinu

**Ef Akureyri yrði skilgreind sem borg yrði hlutverk hennar skýrara gagnvart ríkinu, segir stjórnarformaður Byggðastofnunar. Ekkert í lögum sem skilgreinir slíkt. Skiptir engu máli, segir bæjarstjóri.**

**BYGGÐAMÁL** Með því að skilgreina Akureyri sem borg yrði hlutverk hennar og ábyrgð skýrari gagnvart ríkinu og öðrum sveitarfélögum. Þetta segir Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður Byggðastofnunar. Engin ákvæði eru í lögum sem tilgreina hvaða skilyrði bæjarfélag þarf að uppfylla til að fá borgartitil.

Þóroddur sendi bæjarfulltrúum Akureyrarbæjar nýverið fyrirspurn um álit þeirra á þessari mögulegu breytingu.

„Þetta gæti einfaldað ákveðin mál, til dæmis innan heilbrigðiskerfisins," segir Þóroddur. „Þetta mundi skýra betur þjónustuhlutverk sjúkrahússins í samhengi við hvernig heilbrigðiskerfi á að byggja upp sem er nógu stórt fyrir landshlutann."

Gagnvart ríkinu segir Þóroddur að borgartitill gæti skýrt hví Akureyri fær hluti sem önnur bæjarfélög fá ekki sem og ábyrgðarhlutverk hennar vegna þess. Engin fordæmi eru fyrir þessu hér á landi og telur Þóroddur að nóg sé að bæjaryfirvöld ákveði að breyta skilgreiningunni. „Ef þau lýsa því yfir að bærinn verði borg frá áramótum, þá verður það bara þannig."

Reykjavík var skilgreind sem borg árið 1962, en þá voru íbúarnir um 75 þúsund. Akureyri er fjórði stærsti bær landsins, með átján þúsund íbúa, og sá stærsti utan höfuðborgarsvæðisins. Íbúafjöldi Kópavogs er næstmestur á eftir Reykjavík, en þar búa rúmlega 31 þúsund íbúar. Nýverið kom sú hugmynd upp að Kópavogur yrði skilgreindur sem borg í ljósi íbúafjöldans. Þóroddur segir það ekki duga til.

> „Ef þau lýsa því yfir að bærinn verði borg frá áramótum þá verður það bara þannig.
>
> **ÞÓRODDUR BJARNASON**
> STJÓRNARFORMAÐUR BYGGÐASTOFNUNAR

„Kópavogur getur verið öflugt og gott samfélag, en hefur ekki mikið þjónustuhlutverk út fyrir bæjarmörkin," segir hann. „Reykjavík er lítil í alþjóðlegu samhengi, en sinnir því sem hún á að sinna sem höfuðborg. Því verður Kópavogur aldrei borg, sama hvað hann er stór."

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, kallar málið orðaleik. „Mér finnst þetta ekki skipta neinu máli," segir hann. „Vissulega er eðlilegt að hugmyndin komi upp og hún rædd, en okkur hefur liðið ágætlega sem bær í 150 ár og líður sennilega ágætlega í önnur eins."

Akureyri vikublað greindi frá því í gær að Jón Gnarr borgarstjóri, sem staddur var á Akureyri í tilefni afmælishátíðar bæjarins, hefði tekið afar vel í hugmyndina. „Mér finnst það löngu tímabært að Akureyri breytist úr bæ í borg og styð það heils hugar," sagði borgarstjórinn.

sunna@frettabladid.is



**ÚR BÆ Í BORG?** Bæjarstjóra Akureyrar finnst ekki skipta nokkru máli hvort Akureyri er bær eða borg. MYND/RAGNAR HÓLM RAGNARSSON

### 30 milljónir fyrir árslanga afmælisveislu

Akureyrarbær varð 150 ára á miðvikudag og var mikið um dýrðir í bænum þann dag. Formlegri afmælishátíð lýkur á sunnudag, en afmælisnefnd bæjarins hefur skipulagt hátíðarhöld í einhverri mynd út allt árið.

Sigríður Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri afmælisársins, segir ótrúlegt hversu margir hafi komið að hátíðarhöldunum. „Það er gríðarlegur fjöldi fólks sem leggur fram mikla sjálfboðavinnu í tilefni afmælisins," segir Sigríður. „Og við erum auðvitað afskaplega ánægð með hvernig þetta hefur gengið."

Afmælisnefndin fékk þrjátíu milljónir til umráða fyrir allt árið og segir Sigríður allt líta út fyrir að kostnaður muni haldast innan þess ramma.






**Á SJÓ** Mesta aukningin á síðasta ári var í loðnuafla. Þrefalt meira veiddist af loðnu en árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Fiskveiðar á síðasta ári:

## Heildaraflinn jókst um 8%

**SJÁVARÚTVEGUR Heildarafli íslenskra skipa var tæp 1.149 þúsund tonn á síðasta ári. Það er aukning um 85 þúsund tonn frá árinu 2010, sem jafngildir átta prósentum. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Hagstofunni.**

**Verðmæti aflans jókst um 15,7% frá 2010 og nam tæpum 154 milljörðum í fyrra. Þá er ótalið verðmæti aukaafurða sem falla til við fiskvinnslu, sem var 3,7 milljarðar í fyrra og hafði aukist um 15,8% frá 2010. Uppsjávarafli nam um 61,3% af heildaraflanum, botnfiskafli 35,2%, flatfiskafli 2% og afli skel- og krabbadýra tæpu einu prósenti.**

- þj

Fær lífræna vottun frá Túni:

## Kú framleiðir nú lífræna osta

**NEYTENDUR** Mjólkurbúið Kú er fyrsta vinnslustöðin á Íslandi sem uppfyllir reglur um framleiðslu á lífrænum ostum. Vottunarstofan Tún afhenti Kú vottorðið formlega í gær.

Með vottuninni er staðfest að innihald og framleiðslan byggi á lífrænum hráefnum, sem haldið er aðgreindum frá öðrum hráefnum á öllum stigum. Ólafur Magnússon framkvæmdastjóri segir mikilvægt að fyrirtæki svari sívaxandi eftirspurn eftir lífrænum afurðum. Kú hóf framleiðslu árið 2010 og framleiðir nú átta tegundir af mygluostum.

- sv

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör

Tilboðin gilda **30.** ágúst **-** **2.** sept.




**NAUTAKÓTELETTUR**
PEPPERSTYLE

**30% AFSLÁTTUR**

**1.749**
ÁÐUR 2.498 KR/KG

# BESTU TILBOÐIN **Í NETTÓ**

**KALKÚNA**
GRILLSNEIÐAR




**1.499**
ÁÐUR 1.898 KR/KG

**KJÚKLINGALUNDIR**
FERSKAR

**40% AFSLÁTTUR**




**1.799**
ÁÐUR 1.898 KR/KG

**EPLA- EÐA APPELSÍNUSAFI**
200 ML




**59**
ÁÐUR 79 KR/STK

**31% AFSLÁTTUR**



**OKKAR ÝSUFLÖK**
ROÐ- & BEINLAUS

**897**
ÁÐUR 1.300 KR/KG

**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
1 STK. 175 G

**25% AFSLÁTTUR**




**99**
ÁÐUR 119 KR/PK



**SMÁEPLI**
1.5 KG

**50% AFSLÁTTUR**

**ÁVÖXTUR VIKUNNAR**

**199**
ÁÐUR 398 KR/PK

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**BARIST UM BOLTANN** Desire Oparanozie frá Nígeríu og Olivia Jimenez frá Mexíkó börðust í undanúrslitum í heimsmeistarakeppni kvenna undir 20 ára á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Steingrímur sannfærður um að rétt hafi verið að auglýsa ekki stöðuna:

# Kristján verður ráðuneytisstjóri

**STJÓRNSÝSLA** Kristján Skarphéðinsson verður ráðuneytisstjóri hins nýja atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Kristján var áður ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneytinu.

Steingrímur J. Sigfússon, verðandi atvinnuvegaráðherra, lá undir ámæli fyrir að auglýsa ekki stöðu ráðuneytisstjóra. Umboðsmaður alþingis hefur átalið stjórnvöld fyrir að sinna auglýsingaskyldunni ekki nógu vel. Steingrímur segist enn sannfærður um að rétt hafi verið staðið að ferlinu.

„Ákveðið var að styðjast við þær heimildir innan stjórnarráðslaganna sem gera ráð fyrir að við svona breytingar sé hægt að flytja fólk til í störfum.“



**KRISTJÁN SKARPHÉÐINSSON**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Flokksráð Vinstri græns ályktaði um síðustu helgi að jafnan skuli auglýsa stöður hjá hinu opinbera. Steingrímur segist sammála þeirri ályktun.

„Það er algjörlega hafið yfir vafa, og var rætt á flokksráðsfundinum, að ályktuninni var ekki beint gegn þessu tilfelli. Þegar gerðar eru innri breytingar í stjórnarráðinu er heimilt að færa fólk til í störfum.“

Steingrímur útilokar ekki að einhverjar stöður í hinu nýja ráðuneyti verði auglýstar á næstunni. „Það ræðst fyrst og fremst af því hæfnismati sem verið hefur í gangi.“ **- kóp**

Nálastungulæknir ákærður:

# Smitaði fólk af alnæmisveiru

**SVISS, AP** Svissneskur nálastungulæknir hefur verið ákærður fyrir að hafa vísvitandi smitað sextán manns af alnæmisveirunni.

Hann er meðal annars sagður hafa komið smituðu blóði í fólk með nálastungum, en einnig er hann sagður hafa byrlað lyf í drykki fólks og smitað það af veirunni eftir að það varð meðvitundarlaust.

Sjálfur er hann ekki HIV-jákvæður, en á nú yfir höfði sér fimm til tíu ára fangelsi. **- gb**



**GEIMSÝN** Tvær reikistjörnur hafa fundist á braut um sama tvístirnið. Slíkt fyrirbrigði hefur ekki áður sést og heyrir til nokkurra tíðinda. MYND/NASA

Merkilegur fundur NASA:

# Tvær plánetur við tvístirni

**VÍSINDI Stjörnufræðingar NASA hafa fundið tvær reikistjörnur sem eru á braut um tvær sólir, svokallað tvístirni.**

**Síðasta árið eða svo hafa fundist nokkrar reikistjörnur á braut um tvístirni, en nú hefur Kepler-sjónaukinn varpað ljósi á að fleiri en ein reikistjarna getur verið á braut um eitt tvístirni.**

**Tvístirnið er í um það bil 4.900 ljósára fjarlægð frá jörðu. Önnur plánetan, Kepler-47c, er staðsett á hinu svokallaða lífbelti stjarnanna, þar sem lífvænlegar aðstæður gætu verið til staðar, nema að um er að ræða gashnött en ekki berghnött.** **- þj**

# Fulltrúar Sýrlands gengu út af leiðtogafundi í Íran

**Ræða Morsi Egyptalandsforseta til stuðnings uppreisnarmönnum í Sýrlandi veldur uppnámi á leiðtogafundi í Teheran. Írönsku gestgjafarnir hafa eindregið stutt Assad Sýrlandsforseta gegn uppreisnaröflum.**

**ÍRAN, AP** „Blóðbaðið í Sýrlandi er á ábyrgð okkar allra og hættir ekki fyrr en gripið verður inn í til að stöðva það,“ sagði Mohammed Morsi, hinn nýi forseti Egyptalands, á leiðtogafundi Samtaka hlutlausra ríkja, sem haldinn er í Teheran, höfuðborg Írans.

„Við ættum að veita baráttu þeirra sem krefjast frelsis og réttlætis í Sýrlandi fullan stuðning,“ sagði Morsi, sem jafnframt er framkvæmdastjóri samtakanna, og gekk þar með algerlega fram af fulltrúum Sýrlands, sem gengu út af fundinum meðan hann hélt ræðu sína.

„Það sem Morsi sagði braut í bága við hefðir leiðtogafundarins og telst íhlutun í innri málefni Sýrlands,“ sagði Walid Moallem, utanríkisráðherra Sýrlands.

Þetta er í fyrsta sinn sem leiðtogi Egyptalands kemur í heimsókn til Írans síðan byltingarsveitir múslímaklerka steyptu Íranskeisara af stóli árið 1979.

Morsi, sem hefur verið forseti Egyptalands í tvo mánuði, sagði hins vegar uppreisnina í Sýrlandi af sama meiði og uppreisnir í öðrum arabaríkjum undanfarin misseri, þar á meðal í Egyptalandi þar sem forvera hans, Hosni Mubarak, var steypt af stóli í byrjun síðasta árs.

Þetta stangast harkalega á við afstöðu Íransstjórnar, sem hefur stutt uppreisnarbylgjuna í mörgum arabaríkjum og jafnvel líkt henni við byltingu múslímaklerka í Íran árið 1979, en engu að síður dyggilega stutt við bakið á Bashar al Assad Sýrlandsforseta gegn uppreisnarmönnum þar í landi. Bandaríkin hafa sakað Íransstjórn um að standa fyrir þjálfun bardagasveita í Sýrlandi, sem hjálpa stjórnarher Sýrlands í baráttunni við uppreisnarmenn.

Morsi hefur engu að síður lagt til að Íran ásamt Egyptalandi, Tyrklandi og Sádi-Arabíu taki að sér að miðla málum í Sýrlandi.

„Egyptaland er til í að starfa með hverjum sem er við að stöðva blóðbaðið í Sýrlandi,“ sagði Morsi, sem sjálfur lítur á sig sem fulltrúa uppreisnaraflanna í Egyptalandi.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kom síðan saman í gærkvöldi til að ræða hugmyndir Tyrklands um að Sameinuðu þjóðirnar afmarkaði griðland í Sýrlandi fyrir flóttamenn, en ekki var búist við því að þær hugmyndir næðu fram að ganga vegna andstöðu Rússa og Kínverja við íhlutun í málefni Sýrlands.

Öll þessi áhersla, sem beinst hefur að Sýrlandi á leiðtogafundinum í Íran, er reyndar dálítið á skjön við þær hugmyndir sem Íransstjórn gerir sér um hlutverk Samtaka hlutlausra ríkja. Íranar hafa meiri áhuga á að samtökin þróist upp í að verða öflugt mótvægi við þau miklu áhrif sem Vesturlönd hafa haft á heimsmálin. **gudsteinn@frettabladid.is**



**MOHAMMED MORSI OG ALI AKBAR VELAYATI** Forseti Egyptalands á tali við fyrrverandi utanríkisráðherra Írans á leiðtogafundinum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Samtök hlutlausra ríkja

Samtök hlutlausra ríkja voru stofnuð í Belgrad af leiðtogum Júgóslavíu, Indlands, Egyptalands, Gana og Indónesíu árið 1961, þegar kalda stríðið var í algleymingi. Aðildarríkin vildu skapa sér vettvang utan blokkanna tveggja, Vesturlanda annars vegar og austantjaldsríkjanna hins vegar. Samtökin starfa enn þótt kalda stríðinu sé lokið, en hefur gengið brösuglega að finna sér tilgang. Aðildarríkin eru nú 120 og leiðtogar þeirra hittast á þriggja ára fresti. Einungis fimmtíu þeirra taka þó fullan þátt í leiðtogafundinum sem haldinn er þessa dagana í Íran.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Helmingur ók of hratt

Lögreglan fylgdist með og mældi hraða vegfarenda um Norðurfell í Reykjavík í um klukkutíma á þriðjudag. 113 fóru þessa akstursleið en 56 óku yfir hraðamörkum. Hámarkshraðinn er 30 kílómetrar á klukkustund en meðalhraði þeirra brotlegu var 46. Sá sem hraðast ók fór á 65. Fjöldi skólabarna fer þarna um enda stendur Fellaskóli við götuna.


www.volkswagen.is



Volkswagen Caddy

# Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra akstursegínleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Caddy* kostar aðeins frá
**2.950.000 kr.**
**(kr. 2.350.597 án vsk)**

*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Atvinnubílar

Til afgreiðslu strax

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

Toys R Us®

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# Lagerútsala
# Sparið allt að
# 50%
## á völdum vörum

Tilboðin gilda til og með 16/9. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

**AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600
**KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800



**FALLIST Í FAÐMA** Varaformannsefni Repúblikana, Paul Ryan, faðmaði börnin sín, Sam og Lizu, eftir að hafa ávarpað samflokksmenn sína á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Árshlutareikningur Reykjavíkur lagður fram í borgarráði í gær og var harðlega gagnrýndur:

# 4,5 milljarða halli á rekstri borgarinnar

**STJÓRNSÝSLA** Afkoma Reykjavíkurborgar á fyrstu sex mánuðum ársins var verri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hún var neikvæð um tæplega 4,5 milljarða króna, en áætlanir höfðu gert ráð fyrir 277 milljóna króna rekstrarafgangi. Árshlutareikningur borgarinnar var lagður fram í borgarráði í gær.

„Þennan viðsnúning má einkum finna í fjármagnsliðnum sem var neikvæður um 12.555 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 6.143 milljónir króna," segir í tilkynningu borgarinnar. Skýringuna sé að finna í veikara gengi og lægra álverði, sem hafi áhrif á Orkuveituna.

Rekstri borgarinnar er skipt í A- og B-hluta. Til A-hluta telst starfsemi sem er fjármögnuð með skatttekjum og til B-hluta fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki að hálfu eða í meirihlutaeigu borgarinnar.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 2.807 milljónir, eða 537 milljónum meira en búist var við. Að sögn borgarinnar skýrist þetta af gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga sem námu 1,3 milljarði króna en aðeins hafði verið gert ráð fyrir 300 milljónum.

Eiginfjárhlutfall, skuldahlutfall og sjóðstreymi hefur styrkst og sýnir það að sögn borgarinnar að reksturinn sé traustur og á góðri leið þrátt fyrir sveiflur. Heildareignir borgarinnar, A- og B-hluta, námu 460.612 milljónum króna, heildarskuldir 318.452 milljónum og eigið fé var 142.160 milljónir. Skuldsetning borgarinnar hefur lækkað úr 203 prósentum í 194 prósent. - þeb

### Áætlanir standast ekki

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, segir það mikið áhyggjuefni fyrir borgarbúa hversu illa meirihlutanum gangi að fylgja áætlunum. „Eina ferðina enn eru skatttekjur vanáætlaðar, en þrátt fyrir að meira sé tekið af almenningi en til stóð dugir það ekki fyrir rekstrarkostnaði sem fer langt fram úr þeim áætlunum sem samþykktar voru í lok síðasta árs."

Unga Svía vantar pening:

# Veðlánarar vinsælli en smálán

**SVÍÞJÓÐ** Margt ungt fólk sem áður tók dýr sms-lán fer nú frekar til veðlánara og veðsetur eigur sínar. Þetta hefur sænska blaðið Dagens Nyheter eftir Nils Klevmarken hjá veðlánafyrirtækinu Sefina.

Vextir af 3.000 sænskum krónum, um 55.000 íslenskra króna, eru 3,25 prósent eða 97,50 sænskar krónur á mánuði hjá Sefina. Meðallánstíminn er þrír mánuðir.

Starfsemi veðlánara í Svíþjóð hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum. Ástæðan er meðal annars sú að fleiri veðsetja en áður vegna hækkaðs verð á gulli. Hjá veðlánafyrirtækinu Pantbanken taka menn að meðaltali sex þúsund sænskar krónur að láni eða rúmlega 100 þúsund íslenskar krónur. - ibs

Alvogen selur vörur undir vörumerkinu Pure Iceland:

# Markaðssetja íslenskar heilsuvörur í Kína

**VIÐSKIPTI** Lyfjafyrirtækið Alvogen hefur hafið samstarf við íslensk útflutningsfyrirtæki um markaðssetningu og sölu á íslenskum heilsuvörum í Kína. Fram kemur í tilkynningu frá Alvogen að samstarfsaðilarnir búist við því að árlegt söluverðmæti varanna verði um 700 milljónir króna.

Íslenskir samstarfsaðilar Alvogen eru Purity Herbs, Ensímtækni og Lýsi en Alvogen hefur til skoðunar að hefja samstarf við fleiri íslensk fyrirtæki á þessu sviði.

Fyrstu íslensku vörurnar voru settar á markað í Kína í fyrra og eru nú seldar í átján borgum víðs vegar um landið. Vörurnar eru markaðssettar undir vörumerkinu Pure Iceland. Dr. Lue, framkvæmdastjóri Alvogen í Kína, sótti Ísland nýverið heim og kynnti sér starfsemi íslensku fyrirtækjanna.



**RÓBERT WESSMANN**

Alvogen er alþjóðlegt lyfjafyrirtæki með höfuðstöðvar í Pine Brook í Bandaríkjunum en forstjóri þess er Róbert Wessmann, fyrrverandi forstjóri Actavis. Greint hefur verið frá því í fjölmiðlum að Alvogen skoði nú möguleikann á því að reisa lyfjaverksmiðju á Íslandi en um tuttugu starfsmenn fyrirtækisins hafa aðsetur á Íslandi. -mþl



**GÓÐUR GANGUR** Íslandsbanki kláraði sameiningu við Byr á þessu ári og samhliða hefur efnahagsreikningur bankans stækkað. Birna Einarsdóttir er bankastjóri bankans og Jón Guðni Ómarsson er fjármálastjóri hans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Bankar hagnast um tólf milljarða hvor

**Íslandsbanki græddi 11,6 milljarða króna í fyrra og Landsbankinn 11,9 milljarða. Hagnaður af reglulegri starfsemi meiri hjá Landsbankanum. Sala eigna skipti sköpum hjá báðum bönkunum.**

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki og Landsbankinn högnuðust samtals um 23,5 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2012. Hagnaður Íslandsbanka nam 11,6 milljörðum króna en Landsbankans 11,9 milljörðum króna. Þetta kemur fram í hálfsársuppgjöri bankanna sem birt var í gær. Arion banki mun birta sitt uppgjör í dag.

Hagnaður af reglubundinni starfsemi Íslandsbanka var 7,2 milljarðar króna. Á meðal þeirra þátta í starfsemi bankans sem skiluðu auknum hagnaði voru fjármunatekjur upp á 1,9 milljarða króna. Þær eru fyrst og fremst tilkomnar vegna hækkandi gengis á hlutabréfum í Icelandair, en Íslandsbanki er þriðji stærsti eigandi þess félags með 11,7 prósenta eignarhlut.

Þá nam hagnaður af aflagðri starfsemi alls 2,9 milljörðum króna. Þar munar mestu um söluna á Jarðborunum fyrr á þessu ári en virði fyrirtækisins hafði verið að mestu fært niður í bókum bankans. Endurreikningur á virði lánasafns bankans skilaði 2,1 milljarði króna í kassann. Á kynningarfundi vegna uppgjörsins í gær sagði Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, að sú aukning væri að langmestu leyti tilkomin vegna hækkunar á virði lána til fyrirtækja. Að lokum hagnaðist bankinn um 880 milljónir króna vegna gengishagnaðar. Arðsemi eiginfjár var 17,9 prósent og eigið fé bankans er nú 134,5 milljarðar króna. Eiginfjárhlutfallið er 23,5 prósent, sem er langt yfir sextán prósenta mörkum Fjármálaeftirlitsins (FME).

Hagnaður Landsbankans var töluvert minni en á sama tímabili í fyrra þegar bankinn hagnaðist um 24,4 milljarða króna. Hagnaður af reglulegri starfsemi bankans nam 9,4 milljörðum króna. Hagnaður af aflagðri starfsemi var 2,5 milljarðar króna, og er að mestu tilkominn vegna sölu á 75 prósentum hlutafjár í Regin hf., en félagið var sett á markað í sumar. Sú sala ein og sér skilaði bankanum 1,7 milljörðum króna. Virðisbreyting útlána var neikvæð um 3,5 milljarða króna. Arðsemi eigin fjár Landsbankans var 11,5 prósent og eiginfjárhlutfallið 23,3 prósent. thordur@frettabladid.is

### Borga milljarða króna í skatta

Skattur á fjármálafyrirtæki hefur farið hækkandi á undanförnum árum. Til að mynda var tekjuskattur á fyrirtæki hækkaður úr 18 prósentum í 20 prósent á árinu. Þar að auki þurfa fjármálafyrirtæki að greiða aukalega sex prósent á hagnað sem er yfir einum milljarði króna. Til viðbótar þurfa bankar síðan að greiða nýjan 5,45 prósenta skatt á heildarlaun allra starfsmanna.

Íslandsbanki greiddi þrjá milljarða króna í tekjuskatt á fyrstu sex mánuðum ársins auk þess sem bankinn greiddi 407 milljónir króna í sérstakan bankaskatt.

Áætlaður tekju- og bankaskattur Landsbankans á fyrri hluta ársins var 2,8 milljarðar króna.




VIÐ HÖFUM OPNAÐ STÆRSTU

# AFÞREYINGAR- OG SKEMMTIHÖLL

LANDSINS Í EGILSHÖLL GRAFARVOGI

## 4000 m² AF MARGFALDRI SKEMMTUN

- Keilusalur með 22 brautum
- Fjölskylduvænt veitingahús
- Heilsubar og kaffihús
- Sportbar - Bistro
- Fundarsalir o.m.fl.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

**Opið** Sunnud. - fimmtud. 11:00 - 24:00
Föstud. og laugard. 11:00 - 01:00




**KEILUHÖLLIN**

HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

E G I L S H Ö L L

pepsi

Keiluhöllin er opin sunnudaga til fimmtudaga frá 11:00 - 24:00 og föstudaga og laugardaga frá 11:00 - 01:00 - Sími 511 5300 - www.keiluhollin.is


FRÁBÆRT VERÐ
OG ÚRVAL FYRIR ALLA
RUGBY JEANS CO.
1.999kr
Nærbolur
Valensia
1.299kr
Nærbuxur st. S-XL
1.699kr
Saumlaus bolur
999kr/stk
Saumlaus dömu boxer
1.999kr/stk
Blúndubrjóstahaldari
HFK line
2.999kr
Náttkjóll
RUGBY JEANS CO.
1.699kr
Saumlaus boxer
TOY STORY
2.999kr
Toy story náttföt
HFK line
999kr
Sokkabuxur
3 í pk.
399kr
Dóru sokkar
1.299kr/pk
Princess nærbuxur 3 í pk
3 í pk.
399kr
Cars sokkar
1.299kr/pk
Cars nærbuxur 3 í pk
Gildir til 2. september á meðan birgðir endast.
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg



**699**kr/kg
Ferskir kjúklingaleggir verð áður 998






**314**kr/kg
Ferskir kjúklingavængir verð áður 449

**2.283**kr/kg
Ferskar kjúklingabringur verð áður 2.854






**679**kr/pk
Hamborgarar 4 stk x 80g verð áður 854




**499**kr/stk
Edge to Edge pizzur verð áður 699



**2.548**kr/kg
Lamba tvírifjur verð áður 2.998

*Alvöru súkkulaðiterta!*





**299**kr/stk
Fjallabrauð verð áður 399



**249**kr/stk
Focaccia 2 teg. verð áður 379



**119**kr/stk
Sérbökuð vínarbrauð verð áður 254

**999**kr/stk
**Þessi er alvöru!**
3 hæða súkkulaðiterta verð áður 1.499

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**MYNDASYRPA:** Íslandsmeistaramótið í fjallabruni í Skálafelli

vísir › Sjá nánar á visir.is



**BARA FYRIR OFURHUGA** Margir af bestu hjólreiðamönnum Íslands tóku þátt í mótinu. Keppnin er gríðarlega erfið og reynir bæði á snerpu og úthald keppenda.



**FJALLABRUN** Íslandsmeistaramótið í fjallabruni fór fram laugardaginn 25. ágúst. Brunað var niður hlíðar skíðasvæðisins í Skálafelli. Þar er búið að útbúa sérstaka braut sem hentar vel í keppni sem þessa á sumrin þegar skíðin ráða ekki ríkjum í brekkunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Á fleygiferð niður fjallshlíð



**FLUG** Keppt var bæði í kvenna- og karlaflokki í fjallabruni. Brautin er erfið og verða þeir sem niður hlíðina fara að taka stökkið af stökkpallinum, berjast við erfiða drulluna en umfram allt höndla þann gríðarlega hraða sem hægt er að ná. Ræst er við topp fjallsins en endamarkið er við rætur þess. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**UTAN BRAUTAR** Það getur verið sárt að fara út fyrir brautina og líklegt að sú svaðilför endi einmitt í forinni. Þessi hjólreiðakappi lá vankaður eftir volkið.



**HRAÐINN ÓUMFLÝJANLEGUR** Fjallabrun snýst um að komast eins hratt niður fjallshlíðina eftir fyrirfram ákveðinni braut og mögulegt er. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

# Til hamingju með frábæran árangur á Ólympíuleikunum, Kári Steinn

SUZUKI

Way of Life!




Hugtök Markaðsráðgjöf, ágúst 2012

# Suzuki Swift – kraftur, öryggi, úthald




**Verð frá 2.550 þús.**
Eyðsla frá 5,0L/100km
(í blönduðum akstri, beinskiptur)
$CO^2$ 116g/km

Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár enn betri og flottari - stærri og rúmbetri og með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél. Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur i N-CAP öryggisprófuninni og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum sem staðalbúnaði.

## Komdu og reynsluaktu

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

föstudagur **Föstudagsviðtalið** **Dines Mikaelsen,** ferðamálafrömuður með fleiru á Grænlandi

# Tekur slaginn eftir dvöl á Íslandi

Ekki er átakalaust fyrir Grænlending að hasla sér völl í ferðaþjónustu þar í landi. *Óli Kristján Ármannsson* hitti að máli **Dines Mikaelsen**, fyrsta Grænlendinginn á Austur-Grænlandi sem stofnar eigið ferðaþjónustufyrirtæki. Dines er margreyndur veiðimaður sem umhugað er um grænlenska menningu. Hann skýrir meðal annars frá hvernig hræða megi árásargjarnan ísbjörn.

Hlutirnir gerast hratt núna eftir að ég hef komist í samband við fólk á Íslandi," segir Dines Mikaelsen, ferðamálafrömuður, veiðimaður og listamaður frá Grænlandi. Hann leggur meðal annars stund á ferðamálafræði og er staddur hér á landi í verknámi hjá íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum. Dines er fyrst innfæddi Grænlendingurinn á Austur-Grænlandi sem stofnar eigið ferðaþjónustufyrirtæki. Hann býður upp á gistingu og leiðsögn. Meðal annars hefur hann farið þrjár ferðir þvert yfir Grænlandsjökul. „Já, eða tvær og hálfa, því einu sinni fór ég ekki yfir ísinn til baka."

Dines valdi Ísland til tólf vikna námsdvalar sem er hluti af námi hans. Hann byrjaði dvöl sína hjá Borea Adventures á Ísafirði og var hjá fyrirtækinu í um fjórar vikur í sumar. Núna er hann í miðri viðburðaríkri dvöl hjá Arctic Adventures í Reykjavík.

### Ánægður með Ísland

„Í raun er tvöfaldur ávinningur af Íslandsdvölinni fyrir mig. Bæði fæ ég innsýn inn í hvernig gróin ferðaþjónustufyrirtæki starfa og hvernig þau setja upp vel heppnaðar ferðir og svo kem ég mér líka upp mikilvægum samstarfsaðilum," segir Dines, en þegar eru uppi ráðagerðir um aukið samstarf hans og Borea á Ísafirði. „Það er líka svo stutt á milli landanna okkar. Heima á Grænlandi er heldur engin fyrirtæki að finna til samstarfs því þar á ég í harðri samkeppni við dönsk ferðaþjónustufyrirtæki og fæ enga aðstoð þar," bætir hann við, en segist sjálfur leggja áherslu á að fá samlanda sína til liðs við sig þar. „Ég er nýbúinn að ráða þrjá vana grænlenska leiðsögumenn og er svo með tíu sem stýrt geta hundasleðum."




**Í REYKJAVÍK** Dines Mikaelsen, sem einungis er 35 ára gamall, hefur þrisvar farið með ferðamenn á hundasleða yfir Grænlandsjökul. Yngri bróðir hans hefur farið níu sinnum. „Ég er þolinmóðari en hann og fer þess vegna fyrir hann þegar hópar þýskra ferðamanna koma," segir Dines glettinn, án þess að skýra það nánar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með auknu samstarfi við íslensk fyrirtæki segist Dines geta tekist á við dönsku fyrirtækin á jafnréttisgrundvelli og lítur framtíðina björtum augum. Svo mikla áherslu leggur hann á tenginguna við Ísland að hann hóf fyrir um ári að læra íslensku. „Og núna skil ég svona flest sem sagt er í kring um mig. Ég var hins vegar lengi búinn að reyna að komast í tengsl við íslensk ferðaþjónustufyrirtæki, en það var raunar ekki fyrr en í fyrra að það tókst."

### Með mörg járn í eldinum

„Svo erum við líka að leggja lokahönd á nýja vefsíðu fyrir fyrirtækið mitt, en hún verður á slóðinni *dines-tours.com*. Vefurinn ætti að vera tilbúinn eftir tvær vikur eða svo."

Á nýja vefnum segir Dines að hægt verði að panta ferðir og nálgast upplýsingar um Grænland, auk þess sem þar verði hægt að kaupa beint margvíslegt handverk eftir hann sjálfan sem hingað til hefur verið sent annað í sölu.

Þá segist Dines eiga þrjú hús á Grænlandi sem hann nýti undir starfsemi sína.Eitt leigir hann ferðafólki sem kemur til skemmri dvalar og annað segist hann svo leigja stjórninni, en í því húsi er ekki vatnssalerni og hentar það því síður í leigu til ferðamanna. „Þriðja húsið er ég svo að gera upp og stefni á að vera þar með veitingasölu og kaffihús fyrir ferðafólk. Setja til dæmis saman nestispakka sem henta í lengri og skemmri ferðir," segir hann.

Dines er með mörg járn í eldinum önnur en ferðaþjónustuna. Veiðimennska er honum í blóð borin, hann sker út listmuni og grímur, málar myndir, safnar orðum sem eru að hverfa úr grænlenskri tungu og er með í smíðum bók þar sem hann ætlar fyrstur manna að færa á blað þjóðlegan fróðleik Grænlendinga. Þegar hann var strákur kom líka kennari auga á hvað hann var listfengur og endaði það með því að Dines var fenginn til að búa til myndabók um lífið á Grænlandi, bara 12 ára gamall. „Þetta hafði heilmikil áhrif. Ágóðann af bókinni gat ég svo notað til að komast seinna í ársdvöl á Nýja-Sjálandi þar sem ég lærði ensku," segir hann.

### Ísbirni er hægt að hræða

Þótt Dines vilji koma þjóðlegri þekkingu á bók segir hann Grænlendinga samt duglega að halda henni við. Til dæmis séu strákar sem vilji leggja stund á náhvalaveiðar dregnir um í kanóum sínum af kraftmiklum mótorbát, til að búa þá undir kraftinn í hvalnum. „Þessar veiðar geta verið hættulegar."

Í ferð með Borea til Grænlands í sumar fékk hann líka tækifæri til að sýna hluta þekkingarinnar. Í ferðinni kom ísbjörn syndandi að bátnum sem þau voru á en Dines var á kajak í sjónum. „Og ég heyrði hvernig hann lét smella í tönnunum, en þá veit maður að hann er í árásarham. Þetta kenndi afi minn mér. Hann og pabbi kenndu mér líka hvernig hægt er að fæla frá árásargjarna ísbirni," segir hann en úti í sjónum hélt hann fyrir munninn og blés mjög fast frá sér í gegn um nefið svona fimm sinnum. „Svo þarf að rymja hátt eins og ísbjörn, fimm sinnum og slá fast með árunum í sjóinn." Eftir að hafa gert þetta um stund lagði björninn á flótta upp á ísinn og fólkið um borð í bátnum fagnaði.



**ÍSBJÖRNINN VERKAÐUR** Dines Mikaelsen er mikill veiðimaður og býr að reynslu sem gengið hefur mann fram af manni. Fjölskylda hans er frá Isortoq-byggðinni á austurströnd Grænlands, en þar segir sagan að finna megi suma færustu veiðimenn heims. MYND/DINES MIKAELSEN



**ÚTSKURÐUR** Meðal þess sem Dines tekur sér fyrir hendur er að skera út í bein (líkt og hér að ofan) og rekavið. MYND/DINES MIKAELSEN



**BÓK OG KENNSLUEFNI** Dines hjálpaði bróður sínum að læra ensku með því að teikna myndir og rita hjá ensk heiti hlutanna. Undir blöðunum má sjá bók sem kom út eftir hann tólf ára gamlan. Ágóðinn af útgáfunni kostaði árs námsdvöl hans á Nýja-Sjálandi þar sem hann nam ensku. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

## Stefnir á útgáfu bókar með það fyrir augum að bjarga menningararfleifð Grænlendinga frá glötun

Eftir eitt til tvö ár stefnir Dines Mikaelsen á að gefa út bók þar sem safnað hefur verið saman margvíslegum grænlenskum fróðleik.

„Mér er annt um menningu þjóðar minnar, en hingað til hefur menningararfurinn bara gengið mann fram af manni í munnmælum," segir Dines um leið og hann dregur upp úr pússi sínu skissubók með fjölda nákvæmra teikninga þar sem rituð hafa verið heiti hluta og lýsing á því hvernig á að nota þá. Til dæmis má sjá hundasleða og ólar, hunda, hnífa og hvað eina annað sem Grænlendingar hafa notað til að draga fram lífið í áranna rás. „Hver hluti ólarinnar á sér nafn," segir Dines og bendir á mynd af festingu sem spennt er á sleðahund.

Þá má sjá hvernig kanóar eru gerðir og uppbyggðir, því við hvalveiðar á slíku farartæki er afar mikilvægt að þeir renni rétt, og víki á réttan hátt til hliðar þannig að veiðimaður geti beitt skutli sínum.

Eins eru upplýsingar um hvernig setja á saman fláningarhnífa og um hvernig nýta megi hina ýmsu hluta af þeim dýrum sem veidd eru á Grænlandi. Þannig eru ísbirnir hátíðarmatur sem neytt er á jólum, í stórafmælum og við aðra hátíðlega viðburði. Enginn hluti skepnunnar fer til spillis, meira að segja beinin í framfótum þeirra eru nýtt í nagla í kanóa og sleða.

„Ég lærði þessa hluti af afa mínum og föður og eins er það um marga aðra," segir hann. Óvíst er hins vegar að þekkingunni verði jafnvel haldið við alls staðar þegar fram líða stundir og því vill hann koma þessum fróðleik á bók. „Þetta kenna Grænlendingar hverjir öðrum, en segja ekki útlenskum fræðimönnum sem komið hafa til Grænlands til að skrifa bækur um grænlenska menningu og fræði."

Þá safnar Dines líka orðum sem ekki eru lengur notuð í grænlensku. „Ég er búinn að heimsækja um það bil hundrað gamalmenni til þess að safna þessum orðum, sem annars myndu bara hætta að heyrast og gleymast þar með," segir hann. „Við Grænlendingar getum ekki skorast undan því verkefni að gæta að menningararfi okkar."

Í framhaldinu segist Dines svo stefna á frekari skrif. „Faðir minn hefur fallist á að ég skrifi sögu hans og af því er ég mjög stoltur," segir Dines, en pabbi hans er grænlenski stjórnmálamaðurinn Vittus Mikaelsen, þingmaður og bæjarstjóri í Ammassalik. Dines segir ekki vanta efniviðinn í þá frásögn enda himinn og haf á milli þeirra aðstæðna sem faðir hans óx upp við og dagsins í dag. „Hann sá til dæmis í fyrsta skipti danskan mann fyrir um fimmtíu árum," segir hann, en sá viðburður vakti mikla kátínu og forvitni í krakkahópnum í þorpinu.



**ÚR SKISSUBÓKINNI** Hér má sjá hvar Dines hefur teiknað sleðahund og skráð heiti allra hluta hans. „Hver einasti hluti hundsins á sér nafn," segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

ALLT Á AÐ SELJAST!

# Verslunin að KORPUTORGI lokar

# 40-70%

## afsláttur af öllum vörum

í versluninni á meðan birgðir endast

**Dæmi um afslátt:**

**40%** afsláttur á allri snyrtivöru

**40%** afsláttur á öllum myndarömmum

**50%** afsláttur á öllum búsáhöldum

**50%** afsláttur á öllum verkfærum

**60%** afsláttur á öllum silkiblómum

**60%** afsláttur á öllum skóm

**70%** afsláttur á öllum kertum og servíettum

**70%** afsláttur á öllum blómapottum

ATH! Afslátturinn gildir eingöngu í verslun Europris að Korputorgi

WWW.EUROPRIS.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Innanríkisráðherra brýtur jafnréttislög:

## Tornæmt íhald?

Innanríkisráðherrann, Ögmundur Jónasson, er annar ráðherrann í vinstristjórninni sem kærunefnd jafnréttismála úrskurðar að hafi brotið jafnréttislögin með því að ráða karl fremur en konu í opinbert embætti. Héraðsdómur hefur svo staðfest þá niðurstöðu hvað varðar ráðningu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á skrifstofustjóra í forsætisráðuneytinu.

Kærunefndin telur að kona sem sótti um embætti sýslumanns á Húsavík hafi verið jafnhæf eða hæfari í sjö af átta þáttum sem voru lagðir til grundvallar skipun í embættið en karlinn sem var skipaður í það. Hún hafi því átt að fá starfið, enda séu konur færri en karlmenn í hópi sýslumanna.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Þessu er Ögmundur Jónasson ekki sammála. Hann segir keikur að þættir á borð við starfsreynslu, menntun, fræðistörf og fleiri skipti ekki öllu máli við svona ráðningu, heldur komi líka til matskenndir þættir, sem hann og ráðuneytið hafi þurft að leggja mat á. Það hafi verið gert fullkomlega málefnalega.

Þessari málsvörn hafa menn áður reynt að beita og bent á – með nokkrum rétti – að bæði jafnréttislögin og þau viðmið sem kærunefnd jafnréttismála starfar eftir einskorðist við mat á formlegri og skjalfestri hæfni einstaklinga, en taki ekkert mið af matskenndum þáttum. Kærunefndin geti til dæmis ekki tekið umsækjendur um störf í viðtöl til að meta frammistöðu þeirra.

Þessi rök hafa til þessa skipt Ögmund Jónasson, Jóhönnu Sigurðardóttur og flokkssystkin þeirra beggja litlu. Á grundvelli úrskurða kærunefndarinnar, sem Jóhanna beitti sér síðar fyrir að yrðu bindandi, hafa þau fellt þunga dóma yfir forverum sínum sem stigu í þetta sama spínat.

Þannig sagði Ögmundur í þingræðu 15. apríl 2004, rétt eftir að kærunefndin hafði komizt að þeirri niðurstöðu að þáverandi dómsmálaráðherra hefði brotið jafnréttislög: „Það blasir við að ráðherrar í ríkisstjórn verði settir á skólabekk til að læra jafnréttislögin. Ég ætla að gera það að tillögu minni að hæstvirtur félagsmálaráðherra sjái um að þeir tornæmustu í jafnréttisfræðunum fái sérkennslu.“ Fín tillaga og enn í fullu gildi.

Ögmundur hefur líka gagnrýnt að jafnréttisbaráttan sé ekki nógu róttæk. Í þingræðu um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum árið 1998 vakti hann athygli á að kvennahreyfingin hefði áður lagt áherzlu á „mjög róttæk sjónarmið“ eins og „veltum valdastólunum.“ Síðan hefðu áherzlurnar breytzt og kvótakerfið haldið innreið sína í kvennabaráttuna. „Áherslan varð fremur á að tryggja að jafnmargar konur sætu á þessum sömu valdastólum og karlar, sem menn hirtu svo síður um að velta. Þannig gerðist þessi barátta að mínum dómi íhaldssamari,“ sagði Ögmundur.

Ekki hefur orðið vart við að Ögmundur hafi reynt að velta neinum valdastólum eftir að hann komst sjálfur í einn slíkan. Og hann hafnar því alveg fjallbrattur að hann hafi átt að framkvæma það kvótakerfi sem felst í jafnréttislögunum. Er hann þá ekki enn íhaldssamari en fólkið sem berst fyrir jafnari kynjahlutföllum í stjórnunarstöðum hjá ríkinu?

Um framgöngu ráðherrans má segja það sem hann sagði sjálfur í áðurnefndri þingræðu um jafnréttismál 1998: „Staðreyndin er sú að alltof oft fara ekki saman orð og athafnir og það á svo sannarlega við í þessum efnum.“


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871





Allt í myrkri?

Snemma á morgnana og á nóttinni dreifa 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu til lesenda.

Hvernig er aðkoman að póstlúgu á þínu heimili?

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu til þín þarf lýsing að vera til staðar. Höfum ávallt kveikt á útiljósum og sjáum til þess að aðgengi að póstlúgu sé viðunandi.

Póst dreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skjótur frami

Skúli Mogensen, eigandi Wow air, hóf feril sinn hjá félaginu sem flugþjónn í einn dag. Nú, þremur mánuðum síðar, er hann orðinn að forstjóra þess. Samhliða því að forvera hans var hliðrað til fyrir eigandann setti Skúli hálfan milljarð inn í félagið. Fyrir þá sem eru ekki jafnsigldir í viðskiptum og Skúli mætti ætla að reksturinn hefði ekki gengið sem skyldi og því þurft róttækar aðgerðir.



### Ofsakláði

Það er hins vegar reginmisskilningur, ef marka má það sem Skúli segir í samtali við Viðskiptablaðið. Á honum er það helst að skilja að fyrrverandi forstjóra hafi verið vikið til hliðar af því að hann stóð sig svo vel og að hlutaféð hafi sömuleiðis verið aukið af því að félagið væri í svo góðum málum. „Mig var farið að klæja í fingurna,“ útskýrir Skúli. Það má vera býsna skæður kláði til að það réttlæti að láta hinn frábæra fyrrverandi forstjóra gossa.



### Úr bæ í borg

Upp hefur komið sú hugmynd að breyta Akureyri í borg. Sú breyting mundi reyndar ekki hafa annað í för með sér en að það þyrfti að skipta orðinu „Akureyrarbær“ út fyrir „Akureyrarborg“ á alls konar bréfsefni og skiltum og það mundi kosta pening. Vel má vera að það mundi líka slökkva minnimáttarkennd hjá stöku bæjarbúa, en þetta titlatog er auðvitað jafnóþarft fyrir norðan og í Kópavogi þótt Jón Gnarr stingi upp á því.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Öfundsýki út í yfirburðafólk


Ráðningar



Bergur Hauksson
lög- og viðskiptafræðingur


Mikið hefur verið fjallað um ráðningu starfsmanns hjá Þróunarstofnun Íslands. Það er undarlegt í þessu landi að ef stjórnmálamaður er ráðinn í opinbera stöðu þá eru alltaf einhverjir hælbítar sem rísa upp og segja að um klíkuráðningu sé að ræða.

Eins og forstöðumaður stofnunarinnar hefur bent á þá þurfti mann með reynslu úr íslenskri stjórnsýslu. Er erfitt að skilja það? Það er ekki þörf á fólki með reynslu á sviði þróunarhjálpar, lýðfræði, lýðheilsufræði, læknisfræði eða hjúkrun. Það er þörf á fólki með reynslu úr íslenskri stjórnsýslu í Afríku. Hvað er svo flókið við þetta að fólk skilji þetta ekki? Eru Íslendingar almennt ekki vel gefnir?

Fólk ætti að kynna sér söguna. Þetta er ekki eina dæmið um að reynsla úr stjórnsýslunni komi sér vel og Þróunarstofnun Íslands þurfi á slíku fólki að halda. Sighvatur Björgvinsson var ráðinn forstöðumaður stofnunarinnar og hann réð Stefán Jón Hafstein, báðir með reynslu úr stjórnsýslunni.

Hvað getur fólk lært af þessu? Það er mikil þörf í Afríku fyrir fólk með reynslu úr íslenskri stjórnsýslu.

Þetta er orðið óþolandi að stjórnmálamenn verði stöðugt fyrir árásum vegna

> Hvað er svo flókið við þetta að fólk skilji þetta ekki? Eru Íslendingar almennt ekki vel gefnir?

eðlilegra ráðninga. Hvað sagði ekki Jón Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, þegar sonur hans var skipaður í nefnd á vegum ráðuneytis hans og einhverjir voru að gagnrýna það? Ef ég man rétt þá var það á þá lund að hann frábað sér slíkan málflutning og sagði einnig að sonur hans væri virtur líffræðingur og ætti því allan rétt á að starfa að málinu. Vill fólk að ráðherra gangi fram hjá besta manninum einungis vegna þess að hann er sonur hans? Hvernig yrði þá land okkar ef vegna tengsla yrði að ganga fram hjá bestu mönnunum?

Viljum við að Afríka missi af því að læra um íslenska stjórnsýslu? Hún hefur breyst töluvert frá því að Sighvatur og Stefán voru í henni, orðin mikið siðvæddari, opnari og betri að öllu leyti. Ekki má Afríka missa af þeirri reynslu.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Yfirlýsing frá samtökum tölvuleikjaframleiðenda

Í DAG



Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Ef byrjað hefði verið að fjöldaframleiða tölvuleiki nokkrum áratugum fyrr og aðrar venjur hefðu skapast um dreifingu þeirra værum við kannski í dag að lesa yfirlýsingar eins og þessa:

„Samtök tölvuleikjaframleiðenda og eigenda leikjaréttar (STEL) eru stærstu og einu heildarsamtök tölvuleikjagerðarfólks á Íslandi og sjá samtökin einnig um hagsmunagæslu og innheimtu gjalda fyrir erlendar leikjasmiðjur í samstarfi við sambærileg samtök erlendis.

Vinsældir tölvuleikja hafa farið vaxandi að undanförnu og er það fagnaðarefni. Hins vegar er eins og sumir neytendur átti sig ekki alveg á lagarammanum og brjóti því oft íslensk lög með kaup- og spilahegðun sinni.

Þannig hefur það færst í vöxt að menn sæki sér tölvuleiki í gegnum erlendar vefsíður og tengist erlendum vefþjónum til að spila þá.

Stundum halda menn jafnvel að þeir séu í fullum rétti enda borgi þeir fyrir leikina og kaupi þá jafnvel beint af framleiðandanum. Það er misskilningur. Erlendir aðilar þurfa að sækja um um svokallaða „mótaheimild" á Íslandi til að geta boðið Íslendingum að spila leiki í gegnum erlenda vefþjóna. Það hafa fæstir þeirra gert. Ef menn vilja síðan leyfa fólki að hlaða niður leikjum af síðum sínum þá þarf til þess að hafa leikjarétt á Íslandi og gildir þá einu hvort menn hafi skrifað leikina sjálfir eða ekki.

STEL vill árétta að eina löglega tölvuleikjasíðan á Íslandi heitir Leikumokkurloglega.is. Þar er að finna tugi tölvuleikja fyrir alla aldurshópa. Vefsíðan hefur til dæmis nýlega hafið sölu á knattspyrnuleiknum FIFA 10, þar sem menn reyna m.a. að stýra draumalandsliðinu sínu til sigurs á Heimsmeistaramótinu í Suður-Afríku. Leikurinn fékk glimrandi dóma beggja vegna Atlantshafsins þegar hann kom út á sínum tíma.

Einhverjum gæti þótt sem oft þurfi að bíða lengi, jafnvel að eilífu, eftir nýjum tölvuleikjum. Smæð íslensks markaðar og skylda til að þýða alla tölvuleiki yfir á íslensku ráða einhverju þar um. Vinsæll íslenskur geimfjölspilunarleikur er til dæmis ekki aðgengilegur frá Íslandi í fullri útgáfu. Það ræðst af því að reglur um áðurnefnda „mótaheimild" gera mönnum það erfitt að reka leikjasíður í mörgum löndum. Þessi mál geta stundum verið dálítið flókin. Hins vegar er gaman að segja frá því að útgefandi leiksins hefur nú opnað sérstakan vefþjón fyrir íslenska notendur. Alheimurinn sem þar er hýstur hefur raunar einungis að geyma fjögur sólkerfi, en í alvörunni, hver þarf meira?

Þó svo að biðin eftir leik kunni að vera löng (eða hann alls kostar ófáanlegur) þá gefur það engum rétt til að taka lögin í sínar hendur.

Tölvuleikirnir eru hugverk, eign þeirra sem þá skrifa, og þótt svo að einhver vilji ekki selja okkur bílinn sinn þá gefur það okkur ekki leyfi til að stela honum. En það er því miður alltaf eitthvað um að menn reyni að kaupa leiki á erlendum síðum, þótt það sé kolólöglegt.

> Því miður vantar aldrei fólk sem vill hólfa netið niður. Það er íslenskum neytendum til lítils. Íslenska hólfið getur aldrei orðið sérlega stórt.

Árlega verða íslenskar leikjabúðir og leikjasíður af tugum milljarða vegna þessa. Til stendur að fara í sérstaka auglýsingaherferð til að vekja almenning til umhugsunar um þessi mál auk þess sem STEL bindur vonir við gott samstarf við kreditkortafyrirtækin um það að loka á erlendar leikjasíður.

Fram undan er síðan endurskoðun tölvuleikjalaganna, sem mun fara fram í góðu samstarfi STELs og löggjafans (les: STEL mun í raun skrifa lögin sjálft). Til að mæta tapi af ólöglegu niðurhali leikja verða tekjustofnar svokallaðra STEL-gjalda breikkaðir. Nú þegar eru STEL-gjöldin innheimt af öllum seldum tölvum í landinu en vonir standa til að þau verði einnig innheimt af öllum rýmum þar sem tölvuleikir kunna að vera spilaðir. Það ætti að vera mikil réttarbót."

**Niðurlag**

Yfirlýsingin hér að ofan er uppspuni en geymir þó ákveðinn sannleik.

Lagaumhverfi sölu afþreyingar er í rugli. Flestar stórar veftónlistarbúðir eru lokaðar Íslendingum. Sama gildir um kvikmyndir og smáforrit. Og nú þegar rafbókasalan er að komast á fullt skrið er veruleg hætta á því að að reynt verði að hafa það eins.

Því miður vantar aldrei fólk sem vill hólfa netið niður. Það er íslenskum neytendum til lítils. Íslenska hólfið getur aldrei orðið sérlega stórt.

# Stjórnarskrá allra Íslendinga

Ný stjórnarskrá



Eiríkur Bergmann
stjórnmálafræðingur, sat í Stjórnlagaráði

Þann 20. október næstkomandi göngum við Íslendingar til atkvæðagreiðslu um okkar eigin stjórnarskrá. Loksins. Við lýðveldistökuna árið 1944 var í nafni samstöðu ákveðið að gera nánast ekki aðrar breytingar en þær sem beinlínis lutu að stofnun hins nýja lýðveldis. Áfram var því byggt á fullveldisstjórnarskránni frá 1920 sem að uppistöðu byggði á þeirri dönsku sem Kristján IX Danakonungur rétti okkur árið 1874 og lítið hafði breyst frá endalokum einveldis í Danmörku árið 1849. Jafnframt var ákveðið að Íslendingar myndu í kjölfarið setja sér sína eigin stjórnarskrá. Á því varð hins vegar óhófleg töf. Þrátt fyrir fjölda stjórnarskrárnefnda og ýmsar smávægilegar breytingar auk nýs mannréttindakafla árið 1995 reyndist Alþingi ófært um slíka heildarendurskoðun.

**Upp úr skotgröfunum**

Það var ekki fyrr en sumarið 2010, í kjölfar mikils óróa í samfélaginu, að Alþingi fann leiðina upp úr skotgröfunum og ákvað að efna til þjóðkjörs til stjórnlagaþings – sem síðar breyttist í þingkjörið stjórnlagaráð eins og við þekkjum. Á herðum þúsund manna þjóðfundar og árslangri sérfræðivinnu sjö manna stjórnlaganefndar fékk 25 manna þjóðkjörið og þingskipað stjórnlagaráð fjóra mánuði til að semja þau drög að nýrri stjórnarskrá sem kjósendur fá nú að segja álit sitt á. Nálega sjötíu árum frá lýðveldistökunni hefur íslensk stjórnarskrá loksins litið dagsins ljós.

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni í haust verður spurt hvort við viljum áfram byggja á þeirri dönsku eða þeirri nýju íslensku sem verið hefur í undirbúningi í öll þessi ár. Auk þess fá kjósendur tækifæri til að segja álit sitt á fimm helstu álitamálum frumvarpsdraganna, svo sem um aukið beint lýðræði, þjóðkirkjuna og kosningatilhögun. Reynist meirihluti kjósenda ósammála stjórnlagaráði í einhverjum tilvikum verður frumvarpinu breytt til samræmis áður en það kemur til atkvæða á Alþingi, sem vitaskuld er stjórnarskrárgjafinn.

> Óvanalegt mun hins vegar vera að allir fulltrúarnir hafi komist að samhljóða niðurstöðu um eina stjórnarskrártillögu eins og hér varð.

**Áhugi erlendis**

Við sem sátum í stjórnlagaráði í umboði kjósenda og Alþingis höfum orðið vör við gríðarlegan áhuga erlendis á þeirri lýðræðisvakningu sem útlendingar upplifa að hér hafi orðið með starfi stjórnlagaráðs og aðkomu þjóðarinnar að setningu eigin stjórnarskrár. Varla líður sá dagur án þess að erlendir fjölmiðlar séu í sambandi, fjöldi málstofa hefur verið haldinn í erlendum háskólum og fræðimenn víða um lönd keppast nú við að greina það sem hér á ferðinni. Í því samhengi er merkilegt hvað íslenskir fjölmiðlar hafa reynst áhugalitlir og hryggilegt að sjá suma þá sem hingað til hafa verið taldir málsmetandi tala málið niður án þess að færa fram efnisleg rök. Á því verður vonandi breyting í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar sem jafnvel má gera ráð fyrir að álíka margir taki þátt í og í kjörinu til stjórnlagaþingsins, þó svo að reynslan erlendis frá sýni að þátttaka í einsmálsatkvæðagreiðslum eins og þessum sé yfirleitt langtum minni en í almennum atkvæðagreiðslum, svo sem í þingkjöri.

**Tækifærið er núna**

Til eru þeir sem telja að sökum anna í þjóðfélaginu eftir hrun sé betra að bíða með stjórnlagaumbætur þar til um hægist. Í mínum huga er þó kýrskýrt að fari þetta tækifæri forgörðum fáist ekki annað á næstu áratugum. Erlendar rannsóknir sýna að stjórnarskrár eru eiginlega aldrei samdar og settar nema í kjölfar krísa af einhverju tagi. Norski fræðimaðurinn Jon Elster, sem stendur fremst þeirra sem rannsaka stjórnarskrárgerð, greinir sjö lotur í setningu stjórnarskráa á Vesturlöndum frá því að sú bandaríska var sett árið 1787, nánast alltaf í kjölfar áfalls. Athyglisvert er að þeir á stjórnlagaþinginu í Fíladelfíu fengu jafn langan tíma til að semja bandarísku stjórnarskrána og stjórnlagaráðið hér fékk til þess að semja þá íslensku. Óvanalegt mun hins vegar vera að allir fulltrúarnir hafi komist að samhljóða niðurstöðu um eina stjórnarskrártillögu eins og hér varð.

Vilt þú læra á listskauta?

SKAUTAFÉLAGIÐ BJÖRNINN LISTHLAUPADEILD
er með 14 vikna listskautanámskeið
1. september – 8. desember 2012

Skemmtilegar listskautaæfingar fyrir hressar stelpur og káta stráka.
Sér hópur er fyrir unglinga. Frábær æfingaaðstaða í EGILSHÖLL.
Æfingar 2 í viku, á miðvikudögum og laugardögum.

Skráning á www.bjorninn.com – Listskautar
eða í Egilshöll á morgun 1. september frá kl. 10-14.

FRÍR PRUFUTÍMI





Björninn

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing – Styrkur – Samhæfing

AF NETINU

### Lýðræðið á illskeytta óvini

Lýðræðið á illskeytta óvini. Það sannast á tilburðum andstæðinga frumvarps stjórnlagaráðs, sem sæta færis að gera lítið úr þjóðaratkvæðagreiðslunni um frumvarpið 20. október nk. og sýna lýðræðinu með því móti makalausa lítilsvirðingu.
Fyrst hrintu þeir hagkerfinu fram af bjargbrúninni 2008 með glórulausri óstjórn efnahagsmála og bankamála. Þeir harðneita enn að biðjast afsökunar og axla ábyrgð, þótt níu binda skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis ræki ábyrgðina til þeirra, m.a. til þriggja nafngreindra ráðherra og fjögurra embættismanna; þar af voru fjórir sjálfstæðismenn …
Nú reyna þeir að telja kjósendur af því að neyta atkvæðisréttar síns fram á kjördag, en kosningin er þegar hafin.

http://www.dv.is/blogg

**Þorvaldur Gylfason**

### Af hverju, Ögmundur?

Í kvöldfréttum sagði að Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra og fv. formaður BSRB, hefði gerst brotlegur við jafnréttislög við ráðningu sýslumanns á Húsavík. Hann segir niðurstöðu sína vera rétta, og að huglægt mat hafi ráðið för.
Eftir sit ég og hugsa af hverju, Ögmundur?
Eru konur verri í að skera niður en karlar? Eru konur síðri í að stjórna starfsmönnum?
Af hverju?
Hann hlýtur að þurfa að skýra mál sitt betur.

http://blog.pressan.is

**Eygló Harðardóttir**

# Hvers vegna Húsafriðunarnefnd hætti við að friða Nasa-salinn

Skipulagsmál

**Björn B. Björnsson**
borgari í Reykjavík



Það er merkilegt að kynna sér hvernig Húsafriðunarnefnd hefur algerlega skipt um skoðun á því hvort friða beri Nasa-salinn – og velta fyrir sér hvað orsakaði þessi sinnaskipti.

Árið 2008 samþykkti Húsafriðunarnefnd að leggja til við ráðherra að friða gamla kvennaskólann við Austurvöll (græna húsið sem er inngangurinn á Nasa) – og innréttingarnar í Nasa.

Ekki kom á óvart að nefndin legði þetta til; að varðveita gamalt hús með sögu sem stendur við Austurvöll – og innréttingar helsta samkomuhúss Reykvíkinga um áratuga skeið, sem auk þess eru vönduð og söguleg íslensk hönnun sem ekki á sinn líka.

Tilefnið var að Pétur Þór Sigurðsson, eigandi hússins sem jafnframt á nærliggjandi hús og lóðir og hafði í hyggju að setja upp risahótel milli Austurvallar, Fógetagarðsins og Ingólfstorgs og Húsafriðunarnefnd, óttaðist að gamli Kvennaskólinn og Nasa salurinn yrðu rifin.

Pétur reis upp til mótmæla gegn þessum áformum nefndarinnar og lét bæði arkitektastofu og lögfræðistofu senda Húsafriðunarnefnd bréf til að mótmæla því að nefndin legði til friðun innréttinganna í Nasa. Jafnframt bauð hann nefndinni á sinn fund til að skoða aðstæður og reyna að fá hana á sitt band.

En Húsafriðunarnefnd átti eðlilega ekki auðvelt með að snúa við blaðinu jafnvel þótt hún hefði viljað láta undan þrýstingnum. Þá gerist það, að undirlagi Péturs Þórs, að borgaryfirvöld kynna tillögu að nýju deiliskipulagi á reitnum og nú er gert ráð fyrir að endurbyggja Nasa-salinn í sömu mynd inni í nýbyggingunni. Þessi tillaga dugði Húsafriðunarnefnd til að þvo hendur sínar af málinu og haustið 2008 gerir nefndin eftirfarandi samþykkt:

„Húsafriðunarnefnd fagnar þeim skilmálum í deiliskipulagstillögunni að salurinn sem nú hýsir skemmtistaðinn Nasa skuli endurbyggður í sömu mynd og hann er nú og að leitast skuli við að endurnýta sem mest af núverandi innréttingum salarins, „til að móta andrúmsloft núverandi salar“ eins og segir í skilmálum.“ Í framhaldinu samþykkir Húsafriðunarnefnd að leggja til við ráðherra friðun Kvennaskólahússins, framhússins – en Nasa-salurinn sat eftir.

Skipulagstillagan sem Húsafriðunarnefnd fagnaði vegna þess að hún gerði ráð fyrir endurbyggingu Nasa-salarins í sömu mynd var hins vegar aldrei samþykkt – en Pétri Þór hafði tekist það ætlunarverk sitt að koma í veg fyrir að Húsafriðunarnefnd friðaði innréttingarnar í Nasa.

Næst tekur Húsafriðunarnefnd Nasa-salinn til umfjöllunar nú í sumar þegar fjallað er um tillöguna sem varð ofan á í samkeppni um hönnun hótelsins – og nú hefur orðið alger viðsnúningur á afstöðu nefndarinnar til Nasa-salarins því í bókun meirihluta nefndarinnar segir: „Það er ekki talið að umræddur salur geti í núverandi mynd talist til þjóðminja og því sé ekki tilefni til þess að gerðar verði tillögur um friðun hans.“

Hvernig má það vera að Húsafriðunarnefnd snúi svo algerlega við blaðinu að hún telji nú enga ástæðu til að friða salinn sem hún vildi að eigin frumkvæði friða fjórum árum fyrr? Tæplega hafa hinar faglegu forsendur breyst; salurinn er eftir sem áður einstakur að hönnun og útliti auk þess að vera merkilegur frá sögulegu sjónarmiði.

Hefur þrýstingur lóðahafans skilað þessum viðsnúningi? Ekki er annað að sjá.

Hefur þrýstingur lóðahafans skilað þessum viðsnúningi? Ekki er annað að sjá. Fyrir utan þann þrýsting sem hann beitti nefndina beint og áður er lýst fann hann upp á því snjallræði að fá Reykjavíkurborg til þess að fara með sér í samkeppni um skipulag á lóðum sínum á svæðinu með það að markmiði að koma þar fyrir fyrirhuguðu hóteli.

Pétur Þór kostaði keppnina að hluta og sat sjálfur í valnefndinni ásamt fulltrúum borgarinnar. Klókindin í þessu fyrirkomulagi eru að í stað þess að borgaryfirvöld horfi á tillögur lóðahafa út frá hagsmunum borgarbúa hafa þau nú sameinast lóðahafanum um „verðlaunatillöguna“. Að kynna hana og selja.

Þetta bandalag lóðahafans og borgaryfirvalda kann að hafa ráðið úrslitum um að Húsafriðunarnefnd kúventi í afstöðu sinni til Nasa-salarins. „Verðlaunatillagan“ sem nefndin útnefndi hafði nú þá stöðu að vera komin frá pólitískum valdhöfum skipulagsmála í Reykjavík en ekki einstökum lóðahafa.

Ekki hefur það spillt fyrir því að þessi niðurstaða fengist að einn nefndarmaður af þeim fjórum sem stóðu að bókuninni er tengdur skipulagsyfirvöldum hagsmunaböndum en hann er undirmaður skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar – sem einmitt kom á umræddan fund Húsafriðunarnefndar til að kynna tillögurnar fyrir nefndinni! Hæfi annars nefndarmanns til að fjalla um tillöguna er einnig mjög vafasamt því hann var ráðgjafi nefndarinnar sem valdi „verðlaunatillöguna“. Svona gerast kaupin í borginni.

Á móti þessum áformum um niðurrif Nasa-salarins og byggingu risahótels í hjarta Reykjavíkur stendur almenningur og safnar undirskriftum á Ekkihotel.is. Ég hvet ykkur til að skrifa undir nú þegar til að hindra að Nasa-salurinn verði eyðilagður. Húsafriðunarnefnd mun ekki leggja þar lið.




# Einhverfa á Íslandi – Hvað gerðist?

Heilbrigðismál

**Dr. Evald Sæmundsen**
sviðsstjóri á einhverfusviði Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins



Fyrir skömmu skrifaði ég grein með spurningu um af hverju það væru efasemdir um fjölgun greindra tilfella með einhverfu og hvatti fólk til að horfast í augu við þá staðreynd að einhverfa er ekki sjaldgæf. Hún er til staðar í hamlandi mæli hjá 1,2% íslenskra barna og væntanlega hjá fullorðnum líka. Þessi tala er ekki innflutt frá Evrópu eða Norður-Ameríku, heldur afurð íslenskra rannsókna sem hafa staðið samfellt frá 1995.

En hverfum aðeins aftur í tímann. Í ársbyrjun 1996 kom út skýrsla sem fjallaði um „framtíðarskipulag þjónustu fyrir einhverfa“, og unnin var fyrir tilstilli Rannveigar Guðmundsdóttur, þáverandi félagsmálaráðherra. Í minnisblaði með skýrslunni kom fram að einungis 57 einstaklingar með einhverfu, fæddir 1970-1991, væru á skrá Barna- og unglingageðdeildar LSH (BUGL).

Það skýrir afar lágstemmdar tillögur, þar sem gert var ráð fyrir 3-5 manna þverfaglegu teymi sem yrði annaðhvort staðsett á Greiningarstöð eða BUGL. Það varð síðan úr að Greiningarstöð tók formlega við þjónustu vegna barna með einhverfu árið 1997 en þá hafði þekking á einhverfu þróast þar frá stofnun hennar með góðum stuðningi frá BUGL. Á sama tíma opnaði Greiningarstöð fyrir móttöku tilvísana vegna barna á grunnskólaaldri.

Ári síðar (1998) var algengi einhverfu og ódæmigerðrar einhverfu á Íslandi reiknað og reyndist 0,13%. Nokkrum árum síðar, þá var algengi einhverfu og annarra einhverfurófsraskana komið í 0,6% og yfirlitsgreinar helstu erlendra sérfræðinga á þessu sviði gáfu til kynna að þaki væri náð. Í lok ársins 2009 hafði algengi hins vegar tvöfaldast og fór í fyrsta sinn yfir 1%. Á rétt rúmum áratug hefur algengi einhverfu hér á landi því nífaldast. Á skrá Greiningarstöðvar eru nú um 1.300 einstaklingar með einhverfurófsröskun.

Allt kerfið brást hægt við þessum breytingum á sama tíma og enginn hörgull var á skýringartilgátum, aðallega í því formi að gera lítið úr aukningunni. Við á Greiningarstöð vorum einnig full efasemda. Til dæmis héldum við að sú aukning í fjölda tilvísana vegna barna á grunnskólaaldri sem hófst árið 2004 væri uppsafnaður vandi, eins konar alda sem mundi hníga aftur með tíma. Aukningin í tilvísunum var fyrst og fremst frá sérfræðiþjónustu skóla og virtist eins og á þeim vettvangi væri eins konar vitundarvakning um einhverfu.

Þegar börnin sem lengst höfðu beðið komu til athugunar var til þess tekið að vandamál margra voru orðin mun alvarlegri...

Þrátt fyrir sprengju í fjölda tilvísana á Greiningarstöð fjölgaði starfsmönnum hægt og á forsendum eldri áætlana. Á meðan byggðust upp biðlistar eftir greiningu sem enduðu í öngstræti þegar börn voru farin að bíða lengst í rúmlega þrjú ár eftir þjónustu. Árið 2007 tók Jóhanna Sigurðardóttir, þáverandi félagsmálaráðherra, af skarið og veitti umtalsverðum fjármunum í átaksverkefni til tveggja ára. Því var ætlað að eyða biðlistum og koma á jafnvægi á ný. Vissulega var árangur af átaksverkefninu sem var rekið til hliðar við hefðbundna starfsemi Greiningarstöðvar, þar sem 188 manns, aðallega unglingar, fengu þjónustu. Þegar börnin sem lengst höfðu beðið komu til athugunar var til þess tekið að vandamál margra voru orðin mun alvarlegri en upphaflega var lýst við tilvísun. Ýmsar skýringar geta verið á því en sú líklegasta er að þau hafi ekki fengið viðeigandi þjónustu á biðtímanum.

Það er áleitin tilgáta að þessi tímabundna aukafjárveiting til Greiningarstöðvar hafi í raun ýtt undir frekari tilvísanir á stofnunina. Að minnsta kosti gerðist það sem engan grunaði, tilvísunum hélt áfram að fjölga. Mynstrið í tilvísunum vegna einhverfurófsraskana breyttist þannig að hlutfallslega fleiri börnum á leikskólaaldri er nú vísað og fyrr en áður. Það út af fyrir sig er gleðiefni, þar sem þá ættu fleiri börn að njóta kennslu og þjálfunar snemma, sem er almennt talið vænlegt til árangurs.

En það fylgir böggull skammrifi. Biðin eftir þjónustu lengist á ný. Þrátt fyrir ýmsar breytingar á starfsemi Greiningarstöðvar undanfarin ár, þá helst með tilfærslu á mannafla og endurskipulagi, þá virðumst við vera að færast í sama horf og var fyrir átaksverkefnið. Við þessi skilyrði hefur börnum á grunnskólaaldri með mögulega einhverfurófsröskun í auknum mæli verið vísað frá, sérstaklega ef þau eru ekki með þroskaskerðingu af öðru tagi til viðbótar við einhverfu. Tilvísendur leita þá annarra leiða og vísa í auknum mæli á BUGL sem ræður engan veginn við fleiri tilvísanir og bið þar er komin í tvö ár vegna röskunar á einhverfurófi. Þetta ástand er ótvírætt merki um að uppstokkunar og endurskipulags sé þörf á þessum vettvangi.

PIPAR\TBWA - SÍA - 122115




Sæktu um lykil núna á ob.is eða á næstu Olís-stöð.

# -7 KR.

## af lítranum í dag, föstudag,

# OG

## tvöfaldir Vildarpunktar Icelandair

## með ÓB-lyklinum hjá ÓB og Olís

**Í dag, föstudag, er 7 króna afsláttur** af eldsneytislítranum til ÓB- og Olís-lykilhafa – og **tvöfaldir Vildarpunktar Icelandair** þar ofan á til Vildarpunktasafnara. **Afslátturinn gildir bæði á ÓB- og Olís-stöðvum.**



**Afslátturinn gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís.**

ICELANDAIR SAGA CLUB

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með ÓB-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á ob.is/Vildarkerfi.

ÓB

# Óvissa sköpuð af stjórnvöldum

Fjármál



**Guðmundur Andri Skúlason**
talsmaður Samtaka lánþega

Það er með ólíkindum, að stjórnvöld í lýðræðisríki komist með dyggri aðstoð fjármálakerfisins upp með að innheimta milljarða króna af lánþegum landsins, án þess að fyrir því sé ein einasta lög- eða samningsbundin heimild. Það er einnig með ólíkindum, að embætti sem sett er á stofn sem hagsmunavörður lánþega geri fátt, lítið eða ekkert til að standa vörð um stjórnarskrárvarin réttindi lánþega þegar á reynir.

Fjármálafyrirtækin, samtök þeirra, stjórnvöld og eftirlitsstofnanir hafa unnið hörðum höndum að því að fá út úr dómstólum ákveðnar niðurstöður. Niðurstöður sem hugsanlega mætti nota til að gefa vísbendingu um hvernig breyta megi löglegum ákvæðum einkaréttarlegra samninga.

Umboðsmaður skuldara hefur eins og viljalítið verkfæri fylgt þessum vilja kerfisins, mótstöðulaust.

Skýrasta dæmið er svokallaður vaxtadómur, nr. 471/2010. Það mál var keyrt í gegnum kerfið á örfáum mánuðum og niðurstaða dómsins nýtt til að keyra í gegnum þingið lagasetningu sem heimilaði afturvirkar vaxtakröfur, þó hvergi stæði neitt um slíkar heimildir í téðum dómi.

Það hefur því enginn dómur fallið um afturvirkni vaxta, þó samkvæmt ákvörðun þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra væru sett lög sem heimiluðu breytingu á vaxtaákvæðum með afturvirkum hætti. Lög nr. 151/2010, eða svokölluð Árna Páls-lög.

Frá því lögin tóku gildi, þá hafa fjölmargir dómar fallið þar sem sérstaklega er tilgreint að engin stoð sé fyrir afturvirkum vaxtakröfum. Hæstiréttur hefur jafnvel gengið svo langt að segja berum orðum að slík lagasetning fari gegn eignarréttarákvæðum stjórnarskrár Íslands.

Heimildina sem bankar og fjármögnunarfyrirtæki nota til að krefja lánþega um afturvirka vexti er því hvergi að finna nema í lögum sem Hæstiréttur hefur sagt í andstöðu við sjálfa stjórnarskrána.

Það er ekki skrýtið að stjórnvöld vilji breytingu á stjórnarskrá sem slíkar hömlur setur á heimildir ríkisins til að berja á þegnum sínum.

**Krafa lánþega er því ofur einföld:**
Fellið tafarlaust úr gildi svokölluð Árna Páls-lög.

**Eftir slíka aðgerð situr að:**

1. Gengistryggðir lánasamningar, sem tilgreindir eru í íslenskum krónum og greiddir út í íslenskum krónum, eru ólöglega gengistryggðir, en samningsvextir löglegir.
2. Öll svokölluð jafnvirðislán sem greidd eru út í íslenskum krónum eru ólöglega gengistryggð, en samningsvextir löglegir.
3. Gengistryggðir bíla- og kaupleigusamningar eru ólöglega gengistryggðir, en samningsvextir löglegir.
4. Gengistryggðir fjármögnunarleigusamningar, sem greiddir eru út í íslenskum krónum og sannanleg yfirfærsla eignarréttar á sér stað við lok samningstíma, eru ólöglega gengistryggðir en samningsvextir löglegir.

Vafi mun áfram leika um:

5. Lánasamninga sem greiddir eru út í íslenskum krónum, en tilgreindir í samningsskilmálum í erlendri mynt.
6. Gengistryggða fjármögnunarleigusamninga þar sem ekki er sönnuð yfirfærsla eignaréttar við lok samnings.
7. Lánasamninga sem greiddir eru út í erlendri mynt.

Með því að fella úr gildi Árna Páls-lögin er komið til móts við skýra niðurstöðu dómstóla, skýra niðurstöðu Evrópudómstóls í sambærilegum málum og skýr ákvæði grundvallarreglna samninga- og kröfuréttar.

> Það er einnig með ólíkindum, að embætti sem sett er á stofn sem hagsmunavörður lánþega geri fátt, lítið eða ekkert til að standa vörð um stjórnarskrárvarin réttindi lánþega…

Yfirgnæfandi hluti lánasamninga til heimila og smærri fyrirtækja fellur undir lið 1–4 og því væri með brottnámi Árna Pálslaga bundinn endi á óvissu um skulda- og eignastöðu tugþúsunda einstaklinga, heimila og fyrirtækja.

Óvissan sem stjórnvöld vilja viðhalda með Árna Páls-lögunum yrði áfram á þeim óverulega hluta lánasamninga sem falla undir lið 5–7.

Það er vitlegra að leysa það sem hægt er að leysa um leið og það er hægt í stað þess að viðhalda algerlega ónauðsynlegri óvissu um skuldamál heimila og fyrirtækja. Nóg er efnahagsleg óvissa samt.

# Er þörf á stefnubreytingu varðandi aðgengi og gjaldtöku?

Ferðaþjónusta



**Úfar Antonsson**
framkvæmdastjóri Ferðamiðlunar ehf.

Á síðustu tuttugu árum hefur orðið mikil framþróun í fagmennsku í kringum ferðamennsku. Landið er aðgengilegra og auðvelt að ferðast um víðáttur þess. Mikil aukning er í afþreyingu; jeppaferðir, hellaskoðun, „riverrafting“, hestaferðir og köfun. Talað er um holskeflu ferðamanna. Innviðir ferðaþjónustu eru víða mjög bágbornir, þörf á úrbótum og nýfjárfestingum. Ásgeir Jónsson hagfræðingur hefur bent á hvernig viðvera ferðamanna bæti nýtingu fastafjármuna, gististaða og samgöngumannvirkja og stuðli að aukinni fjölbreytni í þjónustu á landsbyggðinni. Þeir skila inn í landið nokkur hundruð milljörðum í tekjur á ári.

Páll Skúlason heimspekingur segir að hverri kynslóð beri siðferðileg skylda til að hámarka sjálfbæra þróun náttúrunnar án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða. Umsjónarmenn auðlindarinnar sem felst í náttúru Íslands hafa lítið aðhafst, hún liggur nú þegar undir skemmdum af völdum hrossa- og sauðfjárbeitar, ferðamanna og virkjana á hálendinu. Það þarf að finna sanngjarna lausn á því hvernig aðgengi innlendra og erlendra ferðamanna verði best tryggt á sama tíma og auðlindinni verði skilað óskemmdri til komandi kynslóða.

Undanfarin ár hafa komið fram ýmsar hugmyndir, meðal annars á Alþingi, um gjaldtöku af ferðamönnum til að standa undir viðhaldi á ferðamannastöðum og náttúruvernd. Þær hugnast ekki öllum, enda líta margir svo á að náttúran sé vöggugjöf fólksins og því beri ekki að greiða aðgangseyri til að fá að njóta hennar.

Á Norðurlöndum hefur almannarétturinn verið skýr. Í Noregi „friluftsliv“, þ.e. rétturinn til frjáls aðgangs að útilífi og náttúrunni. Í Svíþjóð er talað um „allemansrätten“, sjálfsögð mannréttindi til náttúrupplifunar. Í þessum löndum er hins vegar gerður greinarmunur á almennum ferðamönnum og fyrirtækjum sem gera út á afþreyingu. Það er ekki endilega sjálfsagt að fyrirtæki bjóði afþreyingu á landi annars aðila án samráðs og greiðslu. Það er mjög mikilvægt að aðgengisréttur sé almennur og án mikilla undantekninga og sömu reglur gildi um innlenda og erlenda ferðamenn.

Gjaldtaka í ferðaþjónustu á Íslandi er ekki ný af nálinni. Áður var greitt aðstöðugjald til Ferðafélags Íslands og eigendur í Höfða við Mývatn innheimtu aðgangseyri. Síðar hafa bæst við ýmsir skattar í flugi, sérstakt gistináttagjald og í byrjun næsta árs á að innheimta sérstakt gjald fyrir köfun í Silfru. Þessi þróun er því farin af stað og verður ekki snúið til baka.

Ljóst er að við verðum að eyða fjármunum í að efla innviði á ferðamannastöðum, annars er voðinn vís. Rætt hefur verið um skelfilegt ástand salernismála á mörgum stöðum og skort á grunnrannsóknum, sem eru þó forsenda þess að hægt sé að miðla upplýsingum til ferðamanna. Huga þarf að vega- og stígagerð til að tryggja öllum aðgengi að náttúruperlunum. Uppbygging og rekstur mannvirkja skapar atvinnu í héraði. Það má stuðla að fastri búsetu í nánd við náttúruperlur, það skapar aukinn virðisauka inn á þessi svæði. Stefnan á Íslandi hefur verið að ekkert megi gera, ekki megi hrófla við neinu. Við getum hins vegar nýtt okkur reynslu annarra þjóða eins og í þjóðgörðum í Bandaríkjunum og á Nýja-Sjálandi við uppbygginguá þessum stöðum. Ég tel að mikilvægt sé að að sameina undir eitt auðkenni alla þjóðgarða og vernduð svæði, það getur verið Þjóðgarðar Íslands.

> Markmið gjaldtökunnar er að viðhalda landsins gæðum fyrir framtíðarkynslóðir Íslands og huganlega í einhverjum tilvikum stuðla að takmörkun aðgangs að ákveðnum svæðum.

Í Skaftafelli voru 32% aðspurðra erlendra ferðamanna reiðubúin að borga aðgangseyri, þegar ekki var tilgreint hvað ætti að gera við peningana, en 70% þegar upplýst var að þeir yrðu notaðir til uppbyggingar og verndunar svæðanna. Mikill meirihluti svarenda, 83%, vildi að hugsanlegur aðgangseyrir rynni í að viðhalda hinu ósnortna víðerni. Ferðamenn virðast tilbúnir að greiða á bilinu 500–700 kr. í aðgangseyri án þess að það hafi áhrif á kauphegðun þeirra. Ef rétt er haldið á þessum málum, þau vel skilgreind og kynnt, þá virðist í lagi að taka upp gjaldtöku að náttúruperlum. Reynslan sýnir að huga þarf að sérstakri gjaldtöku fyrir þá sem taka þátt í afþreyingu. Markmið gjaldtökunnar er að viðhalda landsins gæðum fyrir framtíðarkynslóðir Íslands og hugsanlega í einhverjum tilvikum stuðla að takmörkun aðgangs að ákveðnum svæðum eða afþreyingu sem taki mið af þolmörkum svæða.

Án þess að fara út í nákvæma útlistun, þá eru grunnforsendur í mínum tillögum eftirfarandi;

Allir greiði aðgangseyri, ekki gerður munur á Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Grunngjald þjónustu verði 750 kr. á mann. Afslættir eftir eðli heimsóknar, innlendir og erlendir skólahópar þurfa ekki að greiða. Sérstakt gjald verði tekið af afþreyingu. Erlendir ferðamenn geta greitt í gegnum ferðapakka eða eftir komu til landsins. Íslendingar kaupi sér kort á svipaðan hátt og veiðikortið.

Ferðamenn, innlendir og erlendir, eru ekki tilbúnir að greiða gjald ef ekkert kemur á móti. Til að hægt sé að réttlæta gjaldtöku verður að tryggja aðgengi. Tekjurnar verði í framtíðinni notaðar til að tryggja innviðina. Til að byrja með mætti nota þessar auknu tekjur til að kaupa upp friðuð svæði, til dæmis Geysi, Gullfoss og svæði við Mývatn. Síðan hefjist markviss uppbygging sem bætir ímynd landsins, eykur þekkingu okkar á þessum stöðum og nýjasta tækni verður notuð til að miðla þekkingu til ferðamanna.

**Gjaldtaka í ferðaþjónustu**

**Miðað við ofangreindar forsendur þá getur niðurstaðan litið út á eftirfarandi hátt.**

| | Ferðagjald |
|---|---|
| **Reykjavík, Akureyri o.s.frv.** | |
| Skemmtiferðaskip | 190.500.000 |
| **Seyðisfjörður** | |
| Norræna | 106.182.065 |
| **Keflavíkurflugvöllur** | |
| Bílaleiga | 1.129.891.304 |
| Rútur | 202.500.000 |
| Annað, dagsferðir | 236.250.000 |
| **Erlendir ferðamenn** | 1.865.323.370 |
| Íslendingar | 750.000.000 |
| **Samtals tekjur hins opinbera** | 2.615.323.370 |



# ALLT Í SKOTVEIÐINA

## GOTT ÚRVAL – SANNGJARNT VERÐ



### VÖÐLUR - GOTT ÚRVAL

**Verð aðeins frá 16.995,-**



### PROLOGIC FELULITAFATNAÐUR

Smekkbuxur og jakki í MAX4 felumynstri. Fóðraður galli, algjörlega vatnsheldur með útöndun. Frábært verð.

**Settið á aðeins 29.900,-**

## GERVIGÆSIR



Þessar vinsælu sem selst hafa í gámavís í hartnær 10 ár. 12 skeljar með lausum hausum. 8 á beit, 2 í hvíld og 2 á verði. Öll festijárn fylgja með. Frábært verð.

**Aðeins 18.995,-**

Gerið verð og gæðasamanburð.

**Gerviálftir aðeins 3.995,-**

**Flotgæsir aðeins 2.995,-**

## RIO SKOTIN

### GÓÐ SKOT Á GÓÐU VERÐI

RIO DESDE 1896

FRÁBÆRT VERÐ

### RIO HAGLASKOT

Rio haglaskot. Rio skotin hafa verið framleidd síðan 1896. Rio skotin hafa svo sannarlega slegið í gegn meðal íslenskra skotmanna.

36 gr. rjúpnaskot aðeins **1.595 kr.** pakkinn (25 skot)
42 gr. gæsaskot aðeins **1.895 kr.** pakkinn (25 skot)
50 gr. magnum skot aðeins **2.395 kr.** pakkinn (25 skot)
24 gr. og 28 gr leirdúfuskot með blýhöglum. **995 kr.** pakkinn (25 skot)

**GOTT TILBOÐ**
**Þú færð 15% afslátt af ódýru 36 gr. rjúpnaskotunum keyptum með gæsaskotum.**



## SELLIER & BELLOT HAGLASKOT

### FRAMLEIDD SÍÐAN 1825. VINSÆL OG VÖNDUÐ SKOT Á GÓÐU VERÐI.

36 gr. rjúpnaskot aðeins **1.695 kr** pakkinn (25 skot)
42,5 gr. gæsaskot aðeins **2.195 kr** pakkinn (25 skot)
53 gr. geysiöflug Magnum skot. Aðeins **2.595 kr** pakkinn (25 skot)
24 gr. leirdúfuskot með blýhöglum. **995 kr** pakkinn (25 skot)

**GOTT TILBOÐ**
**Þú færð 15% afslátt af ódýru 36 gr. rjúpnaskotum keyptum með gæsaskotum.**



BERETTA



VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR

### BERETTA A300 OUTLANDER

Ný byssa frá Beretta. Gasskift byssa sem tekur 2 ¾" og 3" skot. Ein þrenging fylgir.

**Verð aðeins 164.000,-**



VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR

### BERETTA ES100

Einföld og áreiðanleg bakslagsskift Beretta. Áralöng reynsla við íslenskar aðstæður. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Hörð plast taska og 3 þrengingar fylgja.

**Verð aðeins frá 174.900,-**



VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR

### BERETTA A400 XPLOR

Magnað verkfæri. Kick-off bakslagsvörn. Nýr hreinsibúnaður, hröð skifting. Vönduð hnotuskefti. Falleg byssa. Hörð taska, þrengingar, plötur og ólarfestingar fylgja.

**Verð aðeins frá 269.000,-**



VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR

### BERETTA A400 XTREME

Nýjasta listaverkið frá Beretta. Fáanleg í svörtu og MAX4 felumynstri. Fullkominn hreinsibúnaður og skifting. Hörð taska, þrengingar, plötur og ólarfestingar fylgja.

**MAX4 aðeins 329.000,- Svört aðeins 309.000,-**



Stoeger

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR

### STOEGER MODEL 2000

Einhver söluhæsta hálfsjálfvirka haglabyssan á Íslandi í næstum 10 ár. 3" byssa. 5 þrengingar og ólarfestingar fylgja. Áreiðanleg, bakslagsskift haglabyssa með Benelli snúningsboltanum. Frábært verð.

**Verð aðeins frá 86.900,- m2000 black**

VEIÐIHORNIÐ

SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

# Ísland meðal þróunarlanda?

Efnahagsmál

Guðbjörn Jónsson

fv. ráðgjafi



Í efnahagsmálum er nánast sama hvaða þætti við mælum, flest er mælt út frá svonefndri landsframleiðslu. Það er mælikvarði yfir allt sem framleitt er í landinu á einu ári. Fyrir Sameinuðu þjóðirnar halda AGS og Alþjóðabankinn sérstaka skrá um landsframleiðslu allra hundrað níutíu og tveggja aðildarlanda þeirra. Stjórnvöld hvers lands þurfa að gefa margvíslegar upplýsingar um rekstrarmál hvers þjóðfélags, sem svo er unnið í skrá sem framangreindar stofnanir sjá um að halda utan um.

Nokkrar útfærslur eru á þessari skrá. Í skránni yfir kaupmáttarjöfnuð eru Bandaríkin í 1. sæti. Kína í 2. sæti, Japan í 3. sæti, Þjóðverjar í 5. sæti, Bretland í 6. sæti, Noregur í 42. sæti og Danmörk í 43. sæti. Segja má að öll lönd sem við berum okkur venjulega saman við séu í einhverju af 50 fyrstu sætunum.

Ísland er hins vegar í sæti 137. Við erum þar á eftir Níger í 134. sæti, Malí í 129. sæti, Haítí í 126. sæti. Kúba er mikið ofar eða í 88. sæti og Kenía í 87. sæti, Angóla 85. sæti, Úganda 76. sæti, Gana 73. sæti, Líbía 67. sæti, Sýrland 64. sæti, Súdan 61. sæti. Hvað veldur því að Ísland flokkast meðal þessara landa, sem við berum okkur aldrei saman við?

Þegar litið er til annarrar samhliða skráningar, mælingar á landsframleiðslu á mann, reynist Lúxemborg vera í 1. sæti, Noregur í 2. sæti, Bandaríkin í 3. sæti. Þar er Ísland í 6. sæti. Hvað getur valdið því að þjóð sem er með 6. mestu landsframleiðslu á mann, skuli vera í 137. sæti í mælingunni um kaupmáttarjöfnuð?

Af mælingunni þar sem Ísland er í 137. sæti, má nokkuð lesa út hvernig tekjur þjóðarbúsins streyma um þjóðfélagið. Hvort þær dreifast eðlilega um allar greinar samfélagsins. Hvernig nýting fjármagnsins er, hve marga hringi þjóðartekjurnar fara um fjármálaæðakerfi þjóðfélagsins, áður en þær fara aftur úr landi sem greiðsla fyrir innflutning eða aðra gjaldeyrisnotkun.

Þegar grannt er skoðað virðast mörg sömu einkenni vera í þjóðfélagi okkar, sem einkenna þau lönd sem eru á svipuðum stað og við í flokkun Sameinuðu þjóðanna á kaupmáttarjöfnuði landsframleiðslu. Engin sjáanleg stefna er hjá stjórnvöldum um að starfrækt séu í landinu framleiðslufyrirtæki er sinni sem fjölbreyttustum þörfum þjóðfélagsins. Afleiðingar þess eru að Ísland er svo háð innflutningi að ýfirleitt duga gjaldeyristekjur okkar ekki fyrir öllu sem flutt er inn. Af því leiðir að engin raunveruleg aukning verður í landinu á eigin fjármagni í umferð, til að auka starfsemi eða bæta lífsgæði.

Öll stækkun er annað hvort tilkomin vegna erlendra lána, eða vegna gengisfellingar krónunnar. Raunveruleikinn er sá að sjálfsprottinn varanlegur hagvöxtur er enginn; einungis blekkingar til að láta almenning halda að efnahagsmálum sé vel stjórnað.

Ísland er að vísu með 6. mestu framleiðslu á mann, en hin löndin í kringum okkur í kaupmáttarskránni, eru öll mikið neðar í mælingu á landsframleiðslu á mann. Þau ríki eiga það hins vegar sameiginlegt með Íslandi, að stéttir stjórnmála- og embættismanna virðast ekki skilja mikilvægi þess að láta fjármagn samfélagsins hríslast sem jafnast um allar greinar þjóðlífsins og gæta þess að tryggja að í landinu sé ævinlega nægt veltufjármagn til alls reksturs samfélagsins. Samnefnari virðist því í þessum löndum um elítuhegðun, spillingu og auðssöfnun yfirstéttanna.

Við skerum okkur verulega frá hinum, með því að taka að láni erlendis það fjármagn sem til þarf til að leika þann almenna lífsstíl þeirra samfélaga sem við viljum bera okkur saman við. Eins og að framan sagði, eyðum við jafnharðan öllum gjaldeyristekjum sem við öflum. Það þýðir í raun að við stækkum þjóðarköku okkar ekkert með sjálfsaflafé. Öll stækkun er annaðhvort tilkomin vegna erlendra lána eða vegna gengisfellingar krónunnar. Raunveruleikinn er sá að sjálfsprottinn varanlegur hagvöxtur er enginn; einungis blekkingar til að láta almenning halda að efnahagsmálum sé vel stjórnað.

Ég velti oft fyrir mér hvort enginn hagfræðingur sé í landinu sem þori að setja hagsmuni samfélagsins framar hagsmunum peningaaflanna. Áherslur undanfarinna áratuga á aukna þenslu útgjalda eru komnar svo langt út fyrir nýmyndun verðmæta að óhjákvæmilegt er að mikil fjármunagildi tapist nú og á næstu árum. Engin ný verðmætamyndun er til, eða í vændum, sem fjármagnað getur greiðslu allra þeirra lána sem þarf að greiða.

Það þarf bæði kjark og þekkingu til að komast heill út úr stórviðri, hvort sem er til lands eða sjávar. Stórviðri á pólitíska vísu eru ekki betri. Sá sem á að fara fyrir hópi við slík tækifæri, en þorir ekki, eða kann ekki, að takast á við erfiðleikana, hann fórnar ekki bara sjálfum sér, hann fórnar líka þeim sem hann átti að gæta. Þjóðin þarf að átta sig á að framtíðarheill hennar veltur á því að fólk komi niður úr skýjaborgunum og horfist í augu við raunveruleikann. Læri að skilja hann og vera ánægt með það sem við höfum, svo ekki verði þörf á að taka að láni erlenda peninga til að byggja skýjaborgir.

# Að læsa dyrum

ESB-aðild

Andrés Pétursson

formaður Evrópusamtakanna



Það er sérkennilegt en um leið sorglegt að fylgjast með enn einni tilraun andstæðinga aðildar Íslands að Evrópusambandinu að stoppa ferli viðræðnanna. Þegar Alþingi samþykkti á lýðræðislegan hátt að hefja þessa vegferð þá litu margir á þetta sem einn möguleika af mörgum til að koma okkur út úr þeim vandræðum sem efnahagshrunið haustið 2008 olli okkur. Hvort það tekst á eftir að koma í ljós enda ekki búið að klára þessar viðræður. Síendurteknar fullyrðingar nei-sinna að ekki sé um neitt að semja eiga alls ekki við rök að styðjast enda höfum við Evrópusinnar margoft bent á dæmi um sérlausnir í aðildarsamningum annarra landa.

Hvers vegna má ekki ganga þennan veg til enda og láta síðan þjóðina útkljá málið á lýðræðislegan hátt? Eru andstæðingar aðildar ef til vill hræddir um að eitthvað jákvætt komi út úr ferlinu?

Tímabundnir efnahagsörðugleikar í nokkrum ríkjum Evrópusambandsins eru notaðir sem röksemd fyrir því að draga þurfi umsóknina til baka. Ákveðnir fjölmiðlar reyna markvisst að draga upp dómsdagsmynd af ástandinu í Evrópu og reyna að koma því inn hjá landsmönnum að Evrópusambandið sé að hruni komið. Samt geta þessir sömu aðilar ekki svarað þeirri spurningu af hverju Evrópusambandið semur við Landhelgisgæsluna um eftirlit á Miðjarðarhafi, er á góðri leið með að skipuleggja næstu kynslóð rannsóknar- og menntaáætlana fram til ársins 2020, tekur virkan þátt í aðgerðum gegn gróðurhúsalofttegundum og er á vissan hátt í framvarðasveit þeirra stofnana sem berjast gegn mansali og alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Hljómar þetta eins og félagsskapur sem er að fara að leggja upp laupana?

Með þessu er ekki verið að gera lítið úr þeim miklu vandræðum sem nokkur ríki í Evrópu glíma við. En slíkir örðugleikar eru ekki einskorðaðir við ríki Evrópusambandsins. Mörg ríki innan og utan Evrópu eiga við mikla efnahagsörðugleika að etja. Einnig má benda á að ýmis ríki Bandaríkjanna eru á vissan hátt gjaldþrota. Svarið hjá nánast öllum þessum ríkjum er ekki að hlaupa hvert í sína áttina heldur reyna þau að leysa úr sínum vandræðum með samvinnu en ekki sundrung.

Deilum Íslendinga við nokkur nágrannaríki okkar vegna makrílveiða hefur einnig verið beitt sem röksemd í þessari innilokunaráráttu. Vert er þó að benda á að deilan stendur einna mest við Noreg og ekki eru þeir í Evrópusambandinu! Að vísu eru Írar og svo Danir fyrir hönd Færeyinga aðilar að deilunni og þess vegna blandast ESB í málið. Deilan stendur því alls ekki við Evrópusambandið í heild sinni heldur tvö af aðildarlöndum þess. Samsæriskenningar um að Evrópusambandið sé á einhvern hátt í heilögu stríði við Ísland eiga því ekki nokkra stoð í veruleikanum. Og óháð aðildarviðræðunum þá þyrftum við hvort sem er að útkljá þetta deilumál á ásættanlegan hátt fyrir alla aðila.

Það hentar hins vegar skammtíma þjóðernisöfgapólitíkusum að þyrla upp moldviðri í kringum þetta mál og blása það upp sem allsherjarsamsæri ESB gagnvart Íslandi. Staðreyndin er hins vegar sú að aðildarviðræður Evrópusambandsins við umsóknarríki eru sjaldan línulegt ferli. Nánast alltaf koma upp einhver mál sem hægja á ferlinu og báðir aðilar þurfa að hugsa upp viðeigandi lausnir. Dæmi um slíkar sérlausnir eru til dæmis skilgreiningar á „heimskautalandbúnaði“ og „háfjallalandbúnaði“ sem voru útbúnar þegar Finnar, Svíar og Austurríkismenn gengu í ESB árið 1995. Einnig má benda á landamæradeilur Slóvena og Króata sem töfðu aðildarviðræðurnar við Króatíu í næstum því heilt ár.

Í stað þess að reyna að þvælast fyrir aðildarviðræðunum og leggja stein í götu samninganefndar Íslands við nánast hvert einasta skref ættu stjórnmálamenn og flokkar að sameinast um að klára þetta mál með sóma. Allir aðilar eru sammála um að íslenska þjóðin muni eiga síðasta orðið í þessu máli. Ef hverju á að loka og læsa dyrunum þegar ekki er ljóst hvort þessi leið geti aðstoðað okkur til að komast út úr þeim vandræðum sem hrunið árið 2008 kom okkur í?

Í stað þess að reyna að þvælast fyrir aðildarviðræðunum og leggja stein í götu samninganefndar Íslands við nánast hvert einasta skref ættu stjórnmálamenn og flokkar að sameinast um að klára þetta mál með sóma.

TVÆR FLOTTAR




KYNNINGARVERÐ
2.299,-
2.699,-

Flöskuskeyti frá P
er af mörgum talin magnaðasta saga Jussis Adler-Olsen. Hún hlaut Glerlykilinn sem besta norræna glæpasagan árið 2010.

Næturóskin
fjallar um rótlausa nútímakonu sem er alveg viss um að lífið sem hún lifir geti ekki orðið betra. En er það rétt?




KYNNINGARVERÐ
2.299,-
2.699,-

Gildir til 10. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

AF NETINU

### Hroki og furðutal útvegsmanns

Guðmundur Kristjánsson í Brimi fer mikinn í viðtali við Útvegsblaðið. Hann segir tal þeirra sem gagnrýna skipan sjávarútvegsmála byggjast á öfund, lýðskrumi og fávisku, svo nokkuð sé nefnt. Hann segir sjávarútveg vera vel rekinn og farinn að skila hagnaði núna. Því sé fásinna að breyta nokkru.

Hann nefnir þó ekki að nærri 50% gengisfelling krónunnar frá 2007 til 2009 hafi bætt afkomu útgerðarinnar stórlega. Það er sama gengisfellingin og rýrði kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna um 28% að meðaltali frá 2008 til 2010. Hagnaður útvegsmanna var tap heimilanna. Vel rekinn sjávarútvegur, sagði hann? Útvegsmenn juku skuldir sjávarútvegsfyrirtækja um nálægt 500 milljarða á áratugnum fram að hruni, en fjárfestu í greininni fyrir rétt um 90 milljarða. Hin gríðarlega aukna skuldsetning fór sem sagt að mestu í annað en endurnýjun greinarinnar, t.d. fjárfestingu í öðrum greinum, eignabrask hér og erlendis. Það þýðir væntanlega að gríðarlegt fé hafi verið dregið út úr greininni en skuldir skildar eftir. Er það góður rekstur?

http://blog.pressan.is/stefano/

Stefán Ólafsson



4BLS BÆKLINGUR
3DAGA
TILBOÐ
ÓTRÚLEG LÆKKUN Á FARTÖLVUM • AÐEINS Í 3 DAGA
ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM
4GB ÖRSMÁR OG NETTUR USB2 MINNISLYKILL 490
1 STK Á MANN AÐEINS 500 STK Í BOÐI
16GB MINNISLYKILL 1.990
8GB MINNISLYKILL 990
LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR
TREND MICRO TITANIUM MAXIMUM SECURITY 2012
VÍRUS VÖRN MAXIMUM SECIIRITY 2012 VÍRUSVÖRN 3.990
Nú bjóðast allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3% lántökugjaldi og 340kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
0% VEXTIR ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
1 STK Á MANN AÐEINS 50 STK Í BOÐI
1TB FLAKKARI Seagate Expansion Desktop 1TB USB3.0 flakkari 12.900
OPIÐ ALLA HELGINA
Tilboð gilda dagana 31. ágúst til 2. september eða meðan birgðir endast
TÖLVUTEK
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri

# 3 DA

## 3 DAGA FARTÖLVUVEISLA • NÝ SJÓÐA

MEST SELDA FARTÖLVAN OKKAR

4GB DX11 SKJÁKJARNI

20% STÆRRI SNERTIFLÖTUR

MEÐ NÝJUSTU RAFHLÖÐUTÆKNI 6 TÍMAR RAFHLAÐA ENDIST Í 6 TÍMA

CM

# TV11

### NÝ KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með enn öflugri 4ra kjarna örgjörva ásamt nýjasta og einum öflugasta skjákjarna í heimi.

- AMD A8-4500M Quad Core 2.8GHz Turbo
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 4GB ATI HD7640G DX11 öflugur skjákjarni
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**129.900**

FÆST Í 3 LITUM

10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

2052SD

5 TÍMAR

# Pavilion g6

- AMD A6-4400M Dual Core 3.2GHz Turbo
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6” HD LED BrightView 1366x768
- 4GB ATI HD7520G DX11 öflugur skjákjarni
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB 3.0
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**109.900**

HLAÐIN NÝJUSTU TÆKNI

20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

S4350

TOSHIBA

# L745

- AMD Vision Dual Core E-450 1.65GHz
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 14” HD LED TruBrite 1366x768
- 512MB ATI HD6320 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**79.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HP FARTÖLVUM

A1E53

# 635

### FARTÖLVA Á TILBOÐI

Frábær fartölva frá HP með 15,6” HD LED skjá, AMD Vision Dual Core örgjörva, öflugum ATI skjákjarna og allt að 5 tíma rafhlöðuendingu.

- AMD Vision Dual Core E-450 1.65GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 15.6” HD LED AntiGlare 1366x768
- 512MB ATI HD6320 DX11 skjákjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 5 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**69.900**

HP FARTÖLVUR Á BETRA VERÐI

SÍÐUSTU EINTÖK SÝNINGAREINTÖK OG LÍTIÐ ÚTLITS GALLAÐAR

7” Spjaldtölva með 2-punkta 800x480 snertiskjá 14.900

8” Spjaldtölva með 5-punkta 800x600 fjölsnertiskjá 19.900

10” Spjaldtölva með 5-punkta 1024x600 fjölsnertiskjá 29.900

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

5 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM IPAD SPJALDTÖLVUM

NÝR iPAD MEÐ RETINA SKJÁ Á VERÐI FRÁ 82.900

RETINA

# NÝR IPAD

- 9.7” IPS Retina fjölsnertiskjár 2048x1536
- Apple A5X ARM Dual-Core örgjörvi
- Quad-Core 1080p FULL HD skjástýring
- 16GB FLASH SSD geymsludiskur
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 10 tímar
- Apple Dock tengi fyrir fjölda aukahluta
- 2x innbyggðar myndavélar 1080p upptaka
- Apple iOS 5 stýrikerfi og fjöldi forrita

**82.900**

IPAD2 Á TILBOÐI 67.900

NÝ SENDING LÆGRA VERÐ

R0151BX

# EEEPC

- AMD Dual Core C-60 1.3 GHz Turbo
- 1GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 10.1” LED UltraBright 1024x600
- 512MB ATI HD6290 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 3 cellu rafhlaða allt að 4 tímar
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Starter stýrikerfi

**49.900**

NÝ SENDING - LÆGRA VERÐ!

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA



## ÍSLENSKT HUNANG OG SULTUR

**Uppskeruhátíð býflugnabænda verður í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum kl. 14-16 á morgun. Býflugnarækt verður kynnt og sýnishorn af uppskeru sumarsins verður á borðum til að smakka. Kvenfélagasamband Íslands verður með sultukynningu.**


MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



Sérstök brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.






Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Sjónvarpskokkurinn Kristján Hlöðversson sér um þættina Eldað með Holta á ÍNN. Hann gefur lesendum hér uppskrift að grillaðri kjúklingasteik með kaldri sósu. Hægt er að sjá hann elda réttinn á ÍNN.*

Matreiðslumaðurinn Kristján Þór Hlöðversson sér um þáttinn Eldað með Holta á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar matreiðir hann skemmtilega og litríka kjúklingarétti úr Holtakjúklingi frá Reykjagarði. Á föstudögum birtast þessar uppskriftir hér á síðunni.

Í dag býður Kristján upp á grillaða og marineraða kjúklingasteik. Hægt er að fylgjast með Kristjáni matreiða þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á ÍNN. Þættirnir eru síðan endursýndir um helgina en einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, www.inntv.is.



## BBQ-KJÚKLINGASTEIKUR FRÁ RIKKU
MEÐ GRILLUÐU GRÆNMETI OG KALDRI KRYDDSÓSU

**KJÚKLINGASTEIK**
800 g Rikku-kjúklingasteikur frá Holta
Jonas bbq-sósa
McCormick Mesquite-krydd
Sojasósa
2 sætar kartöflur
2 box smámaís
2 búnt vorlaukur
4 rauðlaukar
Olía
Tréspænir frá Grillbúðinni

**AÐFERÐ**
Tréspænirnir eru settir í bleyti í 30 mínútur. Þá eru þeir teknir úr vatninu og settir í ál- eða járnbox með götum. Boxið er síðan sett undir grillristina á meðan á eldun inni stendur.

Kjúklingasteikurnar eru kryddaðar með kryddinu og síðan set ég 70 ml bbq-sósu og smá sojasósu yfir steikurnar. Látið liggja í um það bil 30 mínútur.

Sætar kartöflur skrældar og skornar langsum. Vorlaukur og smámaís grillaður í heilu en fyrst er sett olía yfir. Bragðbætt með salti og pipar.

**KÖLD KRYDDSÓSA**
1 grísk jógúrt
1 hrein jógúrt
2 rauðir chili-pipar
1 stk. kúluhvítlaukur
smá fersk steinselja
1 búnt vorlaukur
salt og pipar
2 msk. síróp
3 tsk. Alfez spicy lemon tagine paste

Allt skorið smátt og blandað saman við jógúrtina.
Grillað með ást og umhyggju og bros í hjarta.


Annie Mist mælir með heilsuréttunum frá Nings

Annie Mist heimsmeistari í Crossfit 2011 og 2012 veit að til að ná árangri skiptir mataræði öllu máli.

NINGS




Uppáhalds réttur Anniear er Tröllatrefjar.

| Næringargildi í 100g: | |
|---|---|
| Orka | 448 kJ / 107 kkal |
| Fita | 1,4g |
| þar af mett. fitusýrur | 0,7g |
| Kolvetni | 10,2g |
| Trefjar | 1,1g |
| Prótein | 10,8g |




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is

# TILBOÐS

VELKOMIN Á TILBOÐSDAGA HJÁ BIRGISSON




**PLANKA HARÐPARKET**
NÁTTÚRULEGT OG ÓTRÚLEGA STERKT

8 mm, verð frá **1.890** kr. m²
10 mm, verð frá **2.990** kr. m²




ÞEKKING OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

Casamode
**GLÆSILEGAR FLÍSAR FYRIR FAGURKERA**
MARGAR STÆRÐIR, MIKIÐ ÚRVAL

# SDAGAR

## PARKET
## FLÍSAR
## HURÐIR




**BORÐLEGGJANDI GÆÐI**
PLANKAPARKET
ÚR EIK Á TILBOÐI
VERÐ **6.990** *kr. m²*

PARKET, FLÍSAR OG HURÐIR. GÆÐI Á GÓÐU VERÐI




**RINGO INNIHURÐIR Á TILBOÐI**
STERKAR OG
HLJÓÐEINANGRANDI
VERÐDÆMI HVÍTAR
**29.990** *kr.*

**Birgisson**
Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is

## KIRKJA SEM VEKUR ATHYGLI

**VIRÐULEG**



**Kópavogskirkja stendur hátt á stað sem nefnist Borgir eða Borgarholt. Frá kirkjunni er mikið útsýni. Kirkjan var reist á árunum 1958-1962 eftir teikningum frá embætti Húsameistara ríkisins, sem Hörður Bjarnason veitti forstöðu á þeim tíma. Ragnar Emilsson arkitekt vann að teikningunni ásamt Herði. Kirkjan var vígð 16. desember 1962 af herra Sigurbirni Einarssyni biskupi. Listakonan Gerður Helgadóttir gerði steinda glugga kirkjunnar en altaristaflan er eftir Steinunni Þórarinsdóttur.**


20% afsláttur
af völdum vörum
Ynja
UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS






Hamraborgarhátíð í Kópavogi hefur alltaf verið vel heppnuð.

# FLÓAMARKAÐUR OG BLÓMLEGT MANNLÍF

**HAMRABORGARHÁTÍÐIN** *í Kópavogi er nú haldin í þriðja sinn en hún hefur jafnan vakið mikla athygli og er vel tekið á móti gestum.*

Hamraborgarhátíðin verður haldin í þriðja sinn á morgun, laugardaginn 1. september. Hamraborginni verður breytt í göngugötu með tilheyrandi götustemmingu. Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs, er ein af upphafsmönnum hátíðarinnar. „Þetta er tilraun til að glæða gamla miðbæinn lífi þar sem allir hafa tækifæri til þess að taka þátt," segir Rannveig um tilurð hátíðarinnar.

Hún segir að hátíðin hafi frá upphafi átt að vera sjálfbær. Fólkið hafi með öðrum orðum sjálft átt að búa til viðburði, til dæmis flóamarkaði, tónlistaratriði eða annað sem gæti lífgað upp á mannlífið og stemminguna. Þá hafi félagasamtökum og íþróttafélögum verið boðið að nýta daginn til að kynna starfsemi sína.

Fyrirtæki í Hamraborginni hafa einnig tekið þátt með því að hafa opið hjá sér. Sum þeirra eru með ýmis tilboð og tónlistaratriði. Þá ætla listamenn í Kópavogi að setja upp örsýningu og svo mætti lengi áfram telja.

Skottmarkaðurinn, Beint úr skottinu, eins og hann hefur verið kallaður, hefur notið sívaxandi vinsælda og segir Rannveig að þar selji fólk beint úr skottinu á bílum sínum ýmsa dýrgripi og afurðir. „Hefur þetta fyrirkomulag heppnast með eindæmum vel og er gamla markaðsmenningin hressileg viðbót við annars blómlegt menningarlíf Kópavogsbæjar," segir hún.

Rannveig segir að þúsundir hafi streymt á hátíðina síðustu ár og að það sé samdóma álit „fólksins á göngugötunni" að þessi viðburður sé kominn til að vera og marki skemmtilega upphaf haustsins með litadýrð sinni. Hún hvetur alla til að mæta aftur í ár en minnir fólk á að klæða sig eftir veðri. „Við tökum vel á móti gestum okkar sem gleðjast með okkur á þessum degi. Gleðilegan Kópavog!"



**ÁNÆGÐ MEÐ HÁTÍÐINA** Rannveig Ásgeirsdóttir er formaður bæjarráðs í Kópavogi.


Móðurást 10 ára
10% afsláttur
af öllum vörum á
Hamraborgarhátíð





Móðurást
Hamraborg 9 - s. 564 1451 - www.modurast.is



20% afsláttur
af nýjum vörum föstudag og laugardag
Markaðsstemning - ótrúleg verð
OXXO boutique
Við erum á facebook. OXXO Iceland





OXXO boutique ehf • Hamraborg 5 • 200 Kópavogi • Sími: 561 2300


## BÓKAMARKAÐUR BÓKASAFNSINS

**OPIÐ Í MORGUN**



**Bókasafn Kópavogs er í Hamraborginni. Safnið verður opið eins og venjulega á morgun og geta gestir Hamraborgarhátíðar kíkt þangað milli klukkan eitt og fimm.**

**Bókamarkaður hefur verið í gangi á safninu undanfarið og þar má fá nýlegar og eldri bækur á góðu verði.**

**Safnið býður upp á fjölbreytta þjónustu. Þar má finna skáldrit á íslensku og erlendum tungumálum, ævisögur, landafræði, mannkyns- og Íslandssögu. Einnig eru myndbönd og mynddiskar. Hægt er að kaupa aðgang að tölvum á vægu verði og ókeypis heitur reitur er aðgengilegur fyrir þá sem koma með sínar eigin fartölvur. Barnadeild er á safninu og Náttúrufræðistofa Kópavogs er í sama húsi.**


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

# GÁMAR & GÁMAÞJÓNUSTA

**Kynningarblað** Umhverfisþjónusta, ráðgjöf, umhverfismál, gámahús, gámaflutningar og fyrstu gámarnir




Mikil vitundarvakning hefur verið meðal landsmanna um endurvinnslu og flokkun heimilissorps, segir Jón Þór Frantzson framkvæmdastjóri Íslenska gámafélagsins. MYND/STEFÁN

# Íslendingar skilja tilgang flokkunar

**Íslenska gámafélagið leitast við að bjóða viðskiptavinum sínum upp á heildarlausn á sviði flestrar umhverfisþjónustu. Það getur verið allt frá því að bjóða upp á ráðgjöf á sviði flokkunar og endurvinnslu, losun úrgangs, götusópun, snjómokstur, sláttur ásamt því að reka öflugustu véla- og tækjaleigu landsins. Metnaður fyrirtækisins liggur í umhverfismálum.**

Sveitarfélögin sjá um losun heimilissorps, en ráða til þess verktaka. Íslenska gámafélagið sér um 25-30 sveitarfélög á landinu. Miki hefur ferðast sér hversu langt flokkun er komin víða. Í öðru lagi koma svo alþjóðasamningar frá Evrópu sem hreinlega skikka okkur til að flokka. Í þriðja lagi eru Íslendingar almennt með góða umhverfismeðvitund og skilja ástæðuna fyrir flokkun. Þegar við kynnum ný flokkunarkerfi þá virðast allir taka þátt. Það er eiginlega með ólíkindum."

Íslendingar hafa verið lengur að taka við sér í endurvinnslu en undanfarið hefur margt breyst og vakningu landsmanna má líklega tengja við umhverfisátak sem er í gangi. „Þetta gerist ekki á einni nóttu," segir Jón Þórir. „Þetta byrjaði í Stykkishólmi fyrir rúmlega fjórum árum. Kópavogur og Mosfellsbær hafa nú tekið upp tveggja tunnu kerfi."

### Ganga á milli húsa

Í innleiðingarferlinu hafa starfsmenn Íslenska gámafélagsins gengið á milli fyrirtækja og yfir 20.000 heimila landsins. Stefnan er að halda því áfram. „Þegar við erum að innleiða svona kerfi í sveitarfélögum þá tökum við að okkur það hlutverk að kynna það líka. Þetta eru ekki nema 300.000 hræður á landinu svo þetta ætti ekki að vera flókið," segir Jón Þórir og hlær. Hann bætir við að fólk sé nær undantekningarlaust mjög áhugasamt og viljugt.

### Hagkvæmt fyrir fyrirtæki

Þar sem sveitarfélögin sjá um heimilissorp geta þau haft mikil áhrif á endurvinnslu heimilanna. Annað gildir um fyrirtæki því þau sjá um sorphirðu sína sjálf. Jón Þórir segir þó að flest fyrirtæki standi mjög framarlega hvað endurvinnslu varðar: „Fyrirtæki hafa í rauninni tvöfalda hvatningu í flokkunarmálum. Annars vegar hvað ímynd varðar og hins vegar kostnað. Ímyndarlega séð eru fyrirtækin komin á það stig að þau vilja flokka og sýna gott fordæmi. Auk þess er beinlínis ódýrara fyrir fyrirtækið að flokka heldur en að setja ruslið í urðun."

Fyrirtæki greiða um það bil tuttugu krónur fyrir hvert kíló sem sent er í urðun. Þau fyrirtæki sem safna pappír geta aftur á móti selt hann í ákveðnu magni. „Þannig geta fyrirtækið fengið greitt fyrir það sem þau áður þurftu að borga fyrir sjálf," segir Jón. „Það eru mörg dæmi um þetta. Til dæmis var mikið vandamál áður fyrr í veitingabransanum að losa sig við fitu úr djúpsteikingarpottum. Þetta mátti ekki fara í ruslabíla heldur þurfti að flytja þetta sem spilliefni. Það kostar um fimmtíu krónur á hvern lítra. Fólk var að reyna að fela þetta og það voru slæmar heimtur á þessu. Nú sækjum við fituna frítt og breytum henni í lífdísel sem við notum svo á bílana okkar. Þarna er spilliefni orðið dýrmæt vara." Jón bætir við að þetta eigi við um alla endurvinnsluflokkana þótt verðmætið sé misjafnt.

### Alþjóðleg gæðavottun

Íslenska gámafélagið er eina sorphirðufyrirtækið sem getur státað af faggildum umhverfis- og gæðavottunum. „Það er langt ferli að fara í gegnum svona vottanir. Við erum með vottun ISO-9001 sem er gæðastaðall og ISO-14001 sem er umhverfisstaðall.

Trúverðugleiki fyrirtækjanna verður að vera til staðar, sérstaklega þegar kemur að sorpi, því það er mjög viðkvæmt. Við gerum mistök eins og öll önnur fyrirtæki en við verðum að hafa einhver ferli og úrræði til að bæta fyrir og koma í veg fyrir þau. ISO er frábær leið til þess.

Það er stöðugt eftirlit og mat tvisvar á ári af erlendum aðila. Það gerir það að verkum að viðskiptavinurinn getur treyst því að við gerum það sem við segjumst gera," útskýrir Jón Þórir.

### Umhverfisráðgjöf

Íslenska gámafélagið leggur áherslu á að kynna nýjungar í umhverfismálum fyrir almenningi. „Við reynum að breiða út fagnaðarerindið. Við gefum ráð og kynnum nýjar flokkunarleiðir fyrir sveitarfélögum. Einnig heimsækjum við fyrirtæki og kennum þar hvernig á að flokka og meðhöndla ruslið, til dæmis í kringum skrifborðið og annað slíkt," segir Jón. Auk þess heldur fyrirtækið námskeið fyrir alla bekki grunnskóla. Í mörgum skólum er einnig haldinn sérstakur endurvinnsludagur sem er helgaður þessu málefni.

„Þetta er allt að koma," segir Jón og brosir. „Í þessum efnum er alltaf hægt að gera betur en hér hefur orðin algjör umbylting á síðastliðnum árum. Ef við lítum yfir síðustu fimm ár er það kraftaverki líkast hve margt hefur breyst – en nóg er eftir."

### Hvetur fólk til að byrja

Jón segist fullviss um að allir vilji bæta sig í flokkunarmálum. „Það er stimplað í okkur að skila til baka því sem við tökum. Þeir sem eru ekki byrjaðir nú þegar ættu að prófa, því upplifunin er það besta; að taka þátt í átakinu."

Jón bendir fólki á heimasíðuna www.flokkarinn.is en þar er hægt að kynna sér leiðbeiningar og panta sér tunnur, hafi sveitarfélagið ekki skaffað þær nú þegar. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar hjá fyrirtækinu á www.gamur.is eða í síma 577 5757.







Hér hefur verið byggður glæsilegur inngangur að gámahúsi á tveimur hæðum.







# Margvíslegur tilgangur gáma

Gámar hafa verið notaðir í fjölda ára og haft ýmsan tilgang. Þeir hafa aðallega verið notaðir til þess að geyma hluti í og sem til dæmis kaffistofur á byggingasvæðum. Undanfarið hefur færst í vöxt að fólk breyti gámum í heimili.

Nýlega fór fólk að búa í húsum sem eru búin til úr gámum. Þessi hugmynd að húsnæði nýtur sívaxandi hylli í vestrænum löndum enda ódýr lausn. Það er líka eitthvað heillandi við formið og hugmyndina um að raða þeim upp og búa til heimili úr þeim.

Í Amsterdam í Hollandi hefur risið nokkurs konar þorp þar sem öll húsin eru búin til úr gámum sem áður hafa verið notaðir til flutninga. Þorpið kallast Keetwoningen sem þýðir einfaldlega gámaheimili og eru þetta um eitt þúsund stúdentaíbúðir. Í íbúðunum er loftræstikerfi og eru þær hitaðar með gasi. Heita vatnið kemur úr tönkum og háhraða nettenging fylgir hverri íbúð.







**Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt**

**Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.***

Póst dreifing

Póstdreifing | Suðurhraun 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is


# Fyrstu gámarnir

Staðlaða gámastærð má rekja til loka átjándu aldar. Áður höfðu menn flutt hluti á milli handvirkt.

Allt frá örófi alda hafa mennirnir þurft að flytja hluti milli staða. Hér áður voru þessir flutningar fólgnir í því að fólk flutti hlutina á milli með því að bera eitt og eitt stykki á milli flutningstækja, til dæmis úr bát og yfir í hestvagn. Það var ekki fyrr en í lok átjándu aldar að Bretinn Benjamin Outram útbjó fyrstu flutningslestina sem flutti gáma fyllta af kolum. Um árið 1830 voru lestar notaðar víðs vegar um heim sem báru minni gáma sem svo var hægt að flytja yfir í annars konar samgöngutæki. Kassarnir voru til að byrja með opnir og ýmist úr timbri eða járni. Á nítjándu öld komu svo lokaðir gámar sem hægt var að flytja eftir lestarteinum og á vegum. Um árið 1950 var byrjað að framleiða gáma að staðlaðri stærð líkt og gámar eru í dag. Við það varð gríðarleg þróun í flutningum í heiminum. Þá var hægt að flytja gáma á milli landa og heimsálfa og öll tæki og tól sem notuð voru til flutninganna voru sniðin að staðlaðri stærð gámanna. Stærð fyrstu stöðluðu gámanna var eftir málum frá varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Síðar voru þessir staðlar settir inn í ISO-kerfið sem flestir nútímastaðlar fara inn í og stór hluti heimsins notar.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson, s: 512 5411, tp. benediktj@365.is.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

31. ÁGÚST 2012

# Lífið

SUMARIÐ KVATT MEÐ STÆL Á SKUGGABARNUM

SKEMMTILEGAR LAUSNIR Á TÓMA VEGGI

ÁSDÍS RÁN ELT AF ÆSTUM LJÓSMYNDURUM



# NÝTUR ÞESS AÐ VERA MAMMA

## LINDA PÉTURSDÓTTIR UM MÓÐURHLUTVERKIÐ SAMHLIÐA FYRIRTÆKJAREKSTRI OG GJÖRBREYTTAN LÍFSSTÍL

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Það vantaði ekki þekktu andlitin þegar litið var inn á Hótel Marina síðastliðna helgi. Má þar fyrst nefna Hollywood-stjörnuna **Ben Stiller** sem var umvafinn íslenskum félögum. **Bjarni Ben** sem prýðir forsíðu Nýs lífs að þessu sinni lét einnig sjá sig ásamt sinni ektakvinnu, Þóru Margréti Baldvinsdóttur. Leikkonan Ásdís Birta mætti ásamt sínum vinkonum, skartgripahönnuðurinn **Steinunn Vala Sigfúsdóttir**, ljósmyndarinn Nína Björk Gunnarsdóttir, ritstýran Elín Arnar, sjónvarpsmaðurinn Logi Bergmann og skókaupmaðurinn Pétur Halldórsson skemmtu sér einnig vel.










Lífið

UMSJÓN

**Ellý Ármanns** elly@365.is

**Kolbrún Pálína Helgadóttir** kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.

Forsíðumynd Kjartan Már Magnússon

Útlitshönnun Arnór Bogason

Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is

Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid


# ÁSDÍS RÁN FÆR EKKI FRIÐ

Ásdís Rán Gunnarsdóttir fyrirsæta fær ekki frið fyrir ljósmyndurum í Búlgaríu en hún býr þar. Eftirfarandi texti birtist í búlgörsku blaði sem fylgist með lífi fræga fólksins þar í landi ásamt myndunum af Ásdísi:

*Íslenska fegurðardísin Ásdís Rán (33) sýnir sig á ströndinni í Grikklandi með elskhuganum, Calvin Klein-fyrirsætunni og fótboltamanninum Angel Kalinov (26). Þetta ofurheita par hefur verið að hittast síðustu mánuði eins og flestir vita en myndir voru teknar af þeim í vor þar sem þau yfirgáfu Sheraton-hótelið í Sofíu aðeins einum mánuði eftir að Ásdís greindi frá skilnaði þeirra Garðars Gunnlaugssonar fótboltamanns. Vitni segja að það hafi farið vel á með þeim þar sem þau nutu lífsins á ströndinni í Kavala. Flestir bíða spenntir eftir að vita hver verður svo heppinn að hreppa ísdrottninguna og velta menn nú fyrir hvort hún sé gengin út sem yrðu sorgarfréttir fyrir karlmennina í Búlgaríu. Ásdís sagði nýlega í viðtali að hún væri enn „single and happy“ og væri ekki að hugsa um að fara í alvarlegt samband á næstunni.*

Lífið hafði samband við Ásdísi og spurði hvort eitthvað væri að marka fréttina um samband hennar og Calvin Klein-fyrirsætunnar, Angels. Hún sagðist vissulega hafa notið frísins í Grikklandi en vildi ekki tjá sig að svo stöddu um samband sitt við manninn.



Ásdís Rán var mynduð ásamt fyrirsætu í Grikklandi þar sem þau busluðu saman í sjónum.






# INGA KOMIN Á ÍSLENSKA BARINN

**Inga á Nasa eins og við þekkjum hana er hvergi nær hætt í bransanum þrátt fyrir að hafa kvatt Nasa fyrir stuttu.**

„Mér hefur lengi þótt vænt um þennan stað – enda horft hérna beint yfir af Nasa í mörg ár. Svo kom ég alltaf hingað til að fá mér besta kjúklingasalatið í bænum, Ungfrú Reykjavík,“ segir Inga á Nasa, eins og hún er enn kölluð þrátt fyrir að Nasa hafi nú verið lokað sem aðaltónleika- og ballstað Íslendinga, en hún hefur nú tekið við rekstri Íslenska barsins. Íslenski barinn er í Pósthússtrætinu, í hjarta borgarinnar, en Inga vinnur nú hörðum höndum að því að fínpússa staðinn, laga vinnuaðstöðuna og gera hlutina að sínum eins og henni einni er lagið. Hún stefnir að því að standa vaktirnar sjálf eins og hún var þekkt fyrir á Nasa.

„Við ætlum að leggja upp úr því að fólki líði vel hérna og drífi sig ekki heim þó það sé búið að borða heldur færi sig yfir á barinn, kjafti við barþjóninn og slaki á,“ segir Inga spennt fyrir verkefninu. Þess má geta að Íslenski barinn á marga góða fastakúnna. Þar má nefna **Hugleik Dagsson**, **Björn Jörund**, Munda fatahönnuð og **Helga Seljan**.



Inga hefur nú tekið við rekstri Íslenska barsins.










Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

# SUMARIÐ KVATT Á SKUGGABAR

**Fögur fljóð mættu á Skuggabarinn um síðustu helgi og kvöddu sumarið með stæl. Eins og sjá má var gleðin við völd.**



Þórunn Antonía í föngulegum vinkvennahópi.



Blágrænn kjóll frá Top Shop og veskið er frá H&M.

Sjá nánar á visir.is/lifid



Christina Gregers, framkvæmdastjóri skór.is ásamt fleiri flottum konum.



Vinkonurnar Rakel Lind Michelsen, Salome Guðmundsdóttir, Anna Lilja Johansen og Rakel Ósk Þórhallsdóttir.




MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ.IS

ALLSKONAR MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ

HAUSTDAGSKRÁ



**Matreiðsluskóli krakkanna**
**12 vikur**
Spennandi námskeið fyrir krakka sem hafa áhuga á mat og matargerð.
Tveir aldurshópar:
8-10 ára og 11-13 ára.

**Örfá pláss í hvorum hóp**
**Bókið strax!**

**Hefst í september.**

**Matur án mömmu**
**15 – 99 ára**
Skemmtilegt námskeið fyrir þá sem þurfa að rifja upp grunnatriðin í eldhúsinu.
Tilvalið fyrir ungt fólk á leið að heiman eða þá sem að mega taka meira á því í eldhúsinu.
Námskeið hefst 3. September.
9. klukkustundir (3x3 tímar)
**3, 5 og 10 september.**

**Indversk matargerð.**
**Ljóð fyrir bragðlaukana.**
Indverskur matur á einfaldan hátt.
Lærðu allt um kryddin og matarhefðina.
Búnir eru til fjölmargir réttir, allt frá brauði og hrísgrjónum í spennandi karrírétti.
3 tímar
**2. og 15. september.**
**Örfá pláss laus**

**Útieldun I og II**
**Eldaðu yfir eldi**
4. árið í röð höldum við þetta skemmtilega námskeið.

**Spænsk matargerð**
**Tapas og paella**
Lærðu að búa til ekta tapasrétti og spennandi paellu.

**Sushi**
**Frá fiskbúðinni á diskinn**
Nú getur þú gert þitt eigið sushi heima.

**Konfektgerð**
**Það geta allir lært að gera konfekt.**
Frábær námskeið fyrir fjölskylduna eða vinahópa

**Væntanlegt - Kökuskreytinganámskeið**

MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ.IS
ALLSKONAR MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ
matreidslunamskeid@matreidslunamskeid.is


## HAMINGJUHORNIÐ



Andrea Róberts mannauðsstjóri

# SJÁLFSTRAUST Á STERUM FÆST HJÁ DALE

**Hver er konan?** Manneskja, kona, móðir, kærasta, vinkona, dóttir og allt hitt.

**Starf?** Forstöðumaður mannauðsviðs Tals. Ég er mikið fyrir börn en líka mjög mikið fyrir fullorðið fólk.

**Hjúskaparstaða og börn?** Er í sambúð og eigum við tvo gullmola Dreka og Jaka, þriggja ára og eins árs. Það er ekki einu sinni tími fyrir gúbbífiska til viðbótar í dagskrána.

**Áttu góð ráð fyrir sjálfstraustið?** Sættast við sjálfan sig, gera alltaf sitt besta og láta ekki óttann skemma fyrir sér. Við eigum eitt líf og um að gera að ögra sér og stíga út fyrir rammann til að vinna sigra og vaxa. Sjálfstraust á sterum fæst svo meðal annars á námskeiði hjá Dale.

**Hvernig er „þinn tími“ hjá þér?** Svefn er mesti munaður sem ég veit um. Að tala í heilum setningum og tyggja matinn er manni framandi þegar maður er með lítil börn. Það er ekki allt löðrandi í „Me-time“ og ég get ekki sagt að ég sé að reyna að drepa mikinn tíma í lífinu en að verja tíma með molunum mínum og finna fyrir einlægri nærveru á góðri stundu gefur mér mikið og fær mig til að hugsa: „Aha þetta er lífið – hamingjan er hér!““


A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
KÓSÍ HEIMA
ALLAR LJÓSASERÍUR
60%
3 FYRIR 2
AF ÖLLUM GLÖSUM
19.900
Bekkur
HAAG FJÖLSKYLDUSÓFINN
VINSTRI EÐA HÆGRI TUNGA
330 CM OG 295 CM
NÚ Í TVEIMUR STÆRÐUM
the PIER
TVEIR LITIR
Grár og brúnn
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# FANN TILGANGINN MEÐ ÍSAB

**Linda Pétursdóttir framkvæmdastjóri hefur í nægu að snúast þegar kemur að rekstri Baðhússins samhliða því að hugsa um Ísabellu dóttur sína. Linda rifjar upp hættulega páskaferð þeirra mæðgna ásamt gjörbreyttum lífsstíl.**

**LINDA PÉTURSDÓTTIR**
Fyrrum ungfrú heimur, móðir og bisnesskona.
**STARF?** Eigandi og framkvæmdastjóri Baðhússins.
**ALDUR?** 42.
**HJÚSKAPARSTAÐA?** Einhleyp.
**BÖRN?** Ísabella Ása 7 ára.
**UPPHAFSSÍÐAN?** www.badhusid.is.
**TÍMARITIÐ?** O-magazine, Canadian House & Home, The New Yorker, INC.com.
**FYRIRMYNDIR ÞÍNAR?** Diane Sawyer, Christiane Amanpour, Julia Morley.
**ÁHUGAMÁL?** Heilbrigður lífsstíll, dýravernd, ferðalög.
**UPPÁHALDSHÖNNUÐUR?** Michael Kors, Stella McCartney, Roberto Cavalli.
**UPPÁHALDSMATUR?** Humar.



*Þú lítur stórkostlega vel út Linda! Hvað gerðir þú eiginlega?* Takk fyrir það. Ég hef breytt lífsstíl mínum til muna síðastliðin tvö ár eða svo og með því fæst betra útlit og líðan. Ég er dugleg að æfa, sem ég geri 3-5 sinnum í viku, og hef tamið mér hollara mataræði og borða mun meira af grænni fæðu. Sem dæmi fæ ég mér flesta morgna grænmetisdrykk, sem mér fannst ægilega vondur til að byrja með, en hann hefur vanist mjög vel og nú bíð ég eftir að fá hann á morgnana. Enda líður mér svo vel af honum. Ég er sátt og ánægð með lífið, reyni að hugsa jákvætt og trúa á það góða og fer þannig í gegnum daginn. Ætli þetta hjálpist ekki allt að.

### Óhugnanleg upplifun

*Þú sagðir á Facebook-síðunni þinni frá fríinu ykkar mæðgna fyrr á þessu ári þegar þið mæðgur forðuðuð ykkur upp á efsta hluta á eyju í Taílandi og biðuð átekta eftir að gefin var út flóðbylgjuviðvörun. Viltu lýsa fyrir okkur hvernig þessi reynsla var og hvernig áhrif hún hafði á þig og þína sýn á lífið og að ekki sé minnst á fallegu stúlkuna þína?* Þetta var upplifun sem ég óska engum að ganga í gegnum. Þetta var ógurlega sérstakt allt saman. Við mæðgur vorum í fríi í Taílandi síðastliðna páska og vorum á leið út í bát á seinasta degi okkar, búnar að pakka og á leið út á flugvöll þegar okkur var snúið við og maður skildi bara að kallað var „tsunami, tsunami!“. Við hlið okkar voru eldri hjón, bresk, sem buðu okkur að koma með sér upp á þeirra herbergi þar sem við vorum búnar að skila af okkur herberginu okkar. Vissulega var ég mjög hrædd þar sem við biðum í rafmagnsleysinu við magnaða tónlist himinsins, þar sem þrumur og eldingar létu heldur betur í sér heyra. Við máttum alveg eins eiga von á því að vera að bíða eftir dauðanum og hver mínúta var heil eilífð. Lítið var um að skilaboðum væri komið til okkar sem biðum óttaslegin eftir því sem verða vildi, en fengum þó að vita eftir nokkurra klukkutíma bið að von væri á 5-6 metra háum öldum eftir um þrjátíu mínútur. Það var óhugnanlegur tími. Við vorum föst þarna og ekki hægt að komast af staðnum sem við vorum á nema með bát. Bak við hótelið voru aðeins háir klettar sem ekki var hægt að klifra upp í.

### Mikill dýravinur

*Dýravernd er þér hjartans mál. Hvað leggur þú af mörkum þegar kemur að því að hjálpa dýrum á Íslandi.* Ég hef alla tíð verið mikill dýravinur og átt hunda frá því ég var tíu ára gömul. Í dag eigum við þriggja ára enska cocker-tík sem heitir Stjarna og er yndisleg og blíð. Ég hef verið að starfa með hópi að bættum aðbúnaði dýra á Íslandi, haldið ræðu á málþingi í Norræna húsinu og fleira. Það er skelfilegt að vita um slæman aðbúnað dýra, jafnt á Íslandi sem annars staðar og hryllir mig þá einna helst við svokölluðum verksmiðjubúskap, þar sem ómann-

Framhald á síðu 8



Þessi mynd af okkur Bellu sofandi, var tekin um kvöldið eftir tsunami-viðvörunina í Taílandi, þegar við komumst loks þreyttar upp í rúm.



Ísabella Ása.

Lokadagur
í Firði á morgun
Laugardag
2 verð
1.000 kr.
2.000 kr.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
Herra
hafnarfjörður
OUTLET
Firði Hafnarfirði | Sími 572 3400

Mind Xtra
fyrir konur eins og þig
OUTLET
3 VERÐ
1.000 • 2.000 • 3.000
Lokadagur í Firði á morgun Laugardag.
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

# ELLU



„Lífið fékk alvöru tilgang við það að fá Ísabellu inn í líf mitt,“ segir Linda.

MYNDIR/EINKASAFN LINDU



Í maí sl. heimsótti Linda Vancouver þar sem hún bjó um nokkurra ára skeið.



Linda situr fyrir í myndatöku fyrir auglýsingaherferð Baðhússins.

## DAGUR Í LÍFI LINDU

**06.00** Vakna yfirleitt snemma, klukkan sex til hálf sjö, byrja þá á hugleiðslu í tæpan hálftíma, fer svo og set hundinn okkar hana Stjörnu út og vek Ísabellu dóttur mína.

**06.45** Er þá búin að hafa til morgunverð fyrir hana og útbý mér svo einn grænan og góðan heilsudrykk.

**07.45** Förum af stað í skóla og vinnu rétt fyrir átta. Er í Baðhúsinu að vinna þar til seinni partinn, brýt daginn upp með æfingu um tvöleytið.

**17.00** Ver seinni parti heima með dóttur minni, svara nokkrum tölvupóstum og símtölum og er í sambandi við Baðhúsið en þar lokar ekki fyrr en klukkan 21.30.

**21.00** Skelli mér í náttfötin og oftast komin upp í rúm fyrir ellefu.






TRX®

ROPE YOGA WORKOUT

**Námskeiðin hefjast 3. og 4. september**
**Umhverfið er hlýlegt og róandi**

**ELIN.IS**

**Bæjarhraun 2 - 2. hæð**
**220 Hafnarfjörður**
**S.: 696-4419**
**elin@elin.is**

Framhald af síðu 7

úðlega er farið með dýrin, þá sérstaklega með hænur og svín. Meðferðin á þeim er svo svakaleg og ég hvet fólk til að kynna sér þetta sjálft. Sem dæmi má finna bændur sem eru með landnámshænur, þar sem hænurnar ganga um frjálsar og verpa í hreiður. Ég kaupi mín egg frá þeim í stað þess að styðja við illa meðferð á dýrum þar sem verksmiðjubúskap er beitt.

### Framakona og móðir

*Nú rekur þú stórt fyrirtæki, Baðhúsið . Hvernig er að vera móðir samhliða rekstri? Tekur þú til að mynda vinnuna með þér heim og hver er lykillinn að góðu jafnvægi samhliða framkvæmdastjórastöðunni?* Ég stofnaði Baðhúsið 25 ára gömul, fór frá því um tíma meðan ég bjó í Kanada en hef aftur tekið við stjórnartaumunum hér og er eini eigandinn. Hjá mér starfa um 35-40 manns. Ég er svo heppin að fá að vinna við áhugamál mitt og það er sannarlega mikils virði. Þar að auki vinnur hér svo gott og skemmtilegt fólk þannig að það er oft gaman hjá okkur og mikið grínað. Já, ég tek vinnuna með mér heim á kvöldin og í raun um helgar líka þar sem opið er hjá okkur sjö daga vikunnar. En það er ekki hringt í mig á kvöldin og um helgar nema brýna nauðsyn beri til þannig að ég stjórna þessu mikið sjálf.

*Hvað leggur þú áherslu á fyrir konurnar sem æfa hjá þér? Hvaða kröfur hafa þær um líkamsrækt?* Kröfurnar eru misjafnar eftir aldri og getu hverrar og einnar. Við leggjum áherslu á að hafa úrvalið fjölbreytt þannig að allar konur óháð aldri og getu, geti fundið skemmtilega heilsurækt við sitt hæfi. Við erum til að mynda með afró, heitt-jógatóning, sálarspinning, 80´s dansveislu, body pump, body combat og lengi mætti áfram telja. Við erum með mjög mikið af fjölbreyttum nýjungum og það verður gaman hjá okkur í vetur. Vegna fjölda áskorana ákvað ég að bjóða konum upp á lífsstílsráðgjöf. Þetta verður einkaráðgjöf, þar sem komið verður inn á hreyfingu, heilsu, og útlit.

### Lífið fékk alvöru tilgang

*Ef við snúum okkur að móðurhlutverkinu. Hvað gefur það þér – hefur það breytt þér á einhvern hátt og hvernig þá?* Það hefur breytt mér mikið. Lífið fékk alvöru tilgang við það að fá Ísabellu inn í líf mitt. Þetta hlutverk á vel við mig og svo er það auðvitað það allra best launaða, að fá ást og umhyggju frá barninu sínu er engu líkt.

*Hvar líður þér best?* Mér líður best heima hjá mér í rólegheitunum og á kósíkvöldum okkar mæðgna en auðvitað finnst mér líka gaman að hitta vini mína og borða góðan mat. Það á líka mjög vel við mig að vera úti í heimi, ferðast og njóta lífsins lystisemda enda vön því og mér finnst það afar



Góðar vinkonur Linda og Filippía Elísdóttir leikmynda- og búningahönnuður.


Ég hef breytt lífsstíl mínum til muna síðastliðin tvö ár eða svo og með því fæst betra útlit og líðan.



> Mér líður best heima hjá mér í rólegheitunum og á kósíkvöldum okkar mæðgna en auðvitað finnst mér líka gaman að hitta vini mína og borða góðan mat.

MYND/KJARTAN MÁR MAGNÚSSON







Shabby leðursófi 295x161 áður kr. 581.700 nú kr. 399.900




Eterna sófi 230 cm kr. 192.300 nú kr. 153.800




Birmingham sófi áður kr. 247.800 nú kr. 198.200




# ÚTSÖLULOK

TAKMARKAÐ MAGN AF HVERRI VÖRU

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR ER
LAUGARDAGINN 1. SEPTEMBER




Verdi leðurstóll áður kr. 136.900
nú kr. 95.800

Puzzle svefnsófi 120x200
áður kr. 119.800 nú kr. 95.800




Springfield 3ja sæta sófi
áður kr. 231.900 nú kr. 162.300




Tilboð aðeins þessa helgi á Edge hornsófanum 280x200
listaverð kr. 283.000 Tilboðsverð kr. 254.700




Vintage púðar áður kr. 8.900 nú kr. 4.450

# LÍNAN

Bæjarlind 16 I 201 Kópavogur I sími 553 7100 I linan.is
Opið mánudaga til föstudaga 12 - 18 I laugardaga 11 - 16



Hér er búið að skreyta heilan vegg með gömlum hurðum. Útkoman er mjög flott!



Heimskort á vegginn – bæði flott og fræðandi.



Krítarveggur er sniðugur fyrir börnin.



Myndaveggur fjölskyldunnar.



# LAUSNIR Á VEGGINN

**Eftir Bríeti Ósk Guðrúnardóttur innanhúshönnuð.**

Það ættu flestir að kannast við það að standa fyrir framan auðan vegg og hafa ekki hugmynd um hvað á að gera eða hvar á að byrja. Ég tók saman nokkrar af uppáhaldslausnunum mínum en þær virka í flestum rýmum.

Stór plaköt, listaverk og myndarammar með fjölskyldumyndum eru til dæmis góðar og einfaldar lausnir sem koma yfirleitt vel út. Ef þú þorir taktu þá myndavegginn á næsta stig og hengdu upp þyrpingu af gömlum speglum eða diskum, útkoman gæti komið skemmtilega á óvart. Krítarveggur inni í eldhúsi eða svefnherbergi eru flottir og einnig góð leið fyrir litla fólkið til þess að drepa tímann.

Tímabundnar lausnir eru sniðugar, sértaklega fyrir leigutaka eða þá sem vilja hafa kost á að stökkva til og breyta innanhúss við litla fyrirhöfn. Klipptu út litaðan pappír og búðu til mósaíkvegg, börnin geta hjálpað til við það. Washi-límbönd hafa einnig verið vinsæl en þau eru mjög skemmtileg ef sköpunargleðin er við völd og auðvelt er að fjarlægja böndin og breyta þeim.



Speglar af ýmsum stærðum og gerðum er flott lausn á vegginn.




M-SÓFINN íslensk framleiðsla sniðin að þínum þörfum.



Bjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11–18 og laugardaga 11–16.




Diskaþyrping á vegg getur komið skemmtilega á óvart.



Washi-límbönd hafa verið mjög vinsæl undanfarið.



# LOKSINS

Herra Hafnarfjörður og Mind Xtra eru flutt í Smáralindina.

**Fullt af flottum opnunartilboðum**




**Opnunartilboð af Bertoni jakkafötum**

**39.900 kr.**

Herra hafnarfjörður

S. 534 0073

Smáralind



## FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

### FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

MIND

Smart verslun fyrir konur - Smáralind

Sími 534 0073

Smáralind

# Lífið

HELGARMATURINN



**Sigga Dögg eins og hún vill láta kalla sig deilir hér með með uppskrift að leynipoppinu sínu! „Þetta klikkar aldrei,“ segir kynfræðingurinn hressi.**

**Karamellupopp kynfræðingsins**
225g smjör
440g púðursykur
120ml síróp
1 tsk. salt
½ tsk. matarsódi
1 tsk. vanilludropar
220g poppað popp

1. Ofn hitaður í 95 gráður.
2. Í potti bræðirðu smjör, púðursykur, síróp og salt þar til það er orðið að karamellu (passaðu að hræra reglulega). Láttu suðuna koma upp og sjóða í 4 mínútur.
3. Settu poppið á tvær bökunarplötur og hafðu inni í ofni þar til karamellan er til.
4. Taktu karamelluna af hitanum, settu matarsóda og vanilludropa út í og helltu yfir poppið.
5. Settu poppið inn í heitan ofninn og á 15 mínútna fresti í klukkustund skaltu nota sleif til að hræra í poppinu. Láttu poppið kólna áður en þú setur það í krukku.

*Frábært í hvaða boð sem er og geymist vel í þéttri krukku!*



## STUTT STOPP Á SKJÁNUM



**Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir** sem bættist við flottan hóp Íslands í dag þetta sumarið kveður nú ekki bara skjáinn í bili. Leið hennar liggur alla leið til stórborgarinnar Los Angeles. Þar ætlar hún að leggja stund á kvikmyndagerð með áherslu á heimildarmyndagerð en námið mun einnig nýtast í dagskrárgerð í sjónvarpi. Námið tekur eitt ár og segist Þóra afar spennt fyrir því sem koma skal. „Ég verð í sambúð með tveimur stelpum, önnur er kanadísk og hin er bandarísk en við munum búa í göngufæri við skólann sem er í Universal Studios í Burbank,“ segir Sigríður.

## FRÆGIR FRUMSÝNINGARGESTIR



Fjöldi þekktra andlita mætti á frumsýningu Ávaxtakörfunnar eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur í Smárabíói í gærkvöldi. Þar mátti sjá **Ágústu E. Erlendsdóttur**, **Helgu Brögu Jónsdóttur**, Jón Ólafsson og **Örn Árnason** svo einhverjir séu nefndir. Frábær stemning ríkti á frumsýningunni og lófaklappið ætlaði engan enda að taka í lok sýningarinnar.


# RISA
# ÍÞRÓTTAMARKAÐUR

Laugardag og sunnudag frá kl. 10.00 - 18.00 verður stóri íþrótta- og útivistarmarkaðurinn haldinn á ný í Laugardalshöll. Markaðurinn verður í gangi þessa einu helgi og eftir miklu að slægjast.

Fullt af merkjavöru á frábæru verði s.s. skór og fatnaður frá ASICS, HUMMEL, REEBOK, TEVA, CASALL og UNDER ARMOUR, NORTH ROCK o.fl.

**Komdu með gömlu hlaupaskóna þína, við tökum þá upp í nýja á kr. 1000 og komum þeim gömlu á Rauða krossinn.**

***Komdu og gerðu frábær kaup á alla fjölskylduna.***

# Gámar geta verið lausnin!




## Staðlaðar eða sérsniðnar gámaeiningar

Eigum gámahús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum. Útvegum sérlausnir sniðnar að þörfum viðskiptavina okkar. Hafðu samband!











**Stólpi Gámar ehf**

Klettagörðum 5 • 104 Reykjavík

**568-0100 • stolpi@stolpiehf.is • www.stolpiehf.is**



## GÁMAR SEM SJÚKRAHÚS

**Gámar eru** mjög hentugir sem færanleg hús og hafa verið innréttaðir sem sjúkrahús víða um heim. Gámarnir eru sterkbyggðir og ódýrir í framleiðslu. Til eru heilu skurðstofurnar sem byggðar eru innan í slíkum gámum með öllum þeim tækjum og tólum sem til þarf. Þeim er svo einfaldlega siglt, ekið eða flogið þangað sem þeirra er þörf. Árið 2010 voru slíkir gámar til að mynda sendir til Haítí eftir að jarðskjálftinn reið þar yfir. Fjöldi bygginga, þar á meðal sjúkrahús, eyðilögðust og voru sjúkragámarnir því kærkomin og skjót leið til að veita nauðsynlega þjónustu. Gámasjúkrahús eru einnig oft notuð á herstöðvum sem komið er upp víða um heim.



## GÁMAR Á FERÐ

**Stærsta umskipunarhöfn** heims er í Sjanghæ í Kína. Höfnin samanstendur af fimm svæðum og er bæði með aðgengi að hafi og Yangtze-ánni. Rúmlega 29 milljónir gáma fara um höfnina á hverju ári. Af ellefu stærstu umskipunarhöfnum heims eru sjö í Kína. Hinar fjórar eru í Singapúr, Suður-Kóreu , Hollandi og Sameinuðu arabísku furstadæmunum. Fjórar stærstu hafnirnar skera sig töluvert úr hópnum þegar kemur að fjölda gáma sem er umskipað en rúmlega 100 milljón gámum er umskipað í þessum höfnum.



## STARBUCKS Í GÁMUM

**Bandaríska kaffihúsakeðjan** Starbucks opnaði í vetur kaffihús í Tukwila í Washington sem smíðað er úr gámum. Hugmyndin að gámahúsinu varð til í höfuðstöðvum Starbucks í Seattle en útsýnið frá skrifstofunum er yfir geymslusvæði fyrir notaða flutningagáma. Kaffihúsið var byggt úr fjórum gömlum gámum og er fyrsta kaffihús Starbucks þessarar gerðar en allar líkur eru á að þau verði fleiri, þó kaffihús keðjunnar hafi fram að þessu öll haft sama yfirbragð. Gámakaffihúsið hefur vakið talsverða athygli og fékk Starbucks meðal annars verðlaunin Good Design is Good Business sem veitt eru af Architectural Record. Sjá nánar á *www.smithsonian.com*

## GÁMAFLUTNINGAR UM HEIMSHÖFIN

**Gámaflutningar á** sjó hafa verið stundaðir í áratugi milli heimsálfa. Umfang gámaflutninga er gríðarlegt og gera má ráð fyrir að á hverjum degi séu milli fimm og sex milljón gámar í flutningi á sjó um allan heim. Að meðaltali dettur um einn gámur í sjóinn á hverjum klukkutíma allt árið um kring en talið er að um 10.000 gámar týnist á hverju ári með þessum hætti.

Hefðbundinn gámur er 6,1 metri á lengd, 2,44 metrar á breidd og 2,59 metrar á hæð. Nokkur stærstu gámaflutningaskip heims taka yfir 10.000 gáma hvert. Stærst þeirra er Emma Maersk sem er í eigu danska fyrirtækisins APM-Maersk og tekur um 15.200-15.550 gáma.

Stærstu gámaflutningafyrirtæki heims eru APM-Maersk frá Danmörku með 16% hlutdeild af heimsmarkaði. Næst er Mediterranean Shipping Company sem hefur aðsetur í Sviss. Þriðja stærsta fyrirtækið er CMA CGMC Group frá Frakklandi með rúmlega 8% markaðshlutdeild. Öll fyrirtækin ráða yfir fjölda gámaflutningaskipa sem taka frá átta þúsund gámum hvert.




*Moltugerðarílát*

*Vertu umhverfisvinur og búðu til þína eigin gróðurmold*

spjallaðu við ráðgjafa í síma 577 57 57
eða á netfanginu gamur@gamur.is



TILBOÐ
19.900 Kr

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

TAKTU **GRÆNA SKREFIÐ** MEÐ OKKUR

# LISTRÆN UPPLIFUN Í SALNUM

**SÉRHANNAÐUR SALUR** *Aino Freyja Jarvela, forstöðumaður Salarins, hefur stýrt þessu fyrsta sérhannaða tónleikahúsi landsins af miklum myndarskap í nærri tvö ár. Salurinn var tekinn í notkun 2. janúar 1999 og er rekinn af Kópavogsbæ.*

Aino Freyja segir rannsóknir sýna með skýrum og afgerandi hætti að fólk sækist frekar í að búa á svæði þar sem boðið er upp á ríkulega menningu heldur en í menningarsnauðari samfélögum. Þess vegna þarf sveitarfélag sem vill hlúa vel að íbúum sínum að sinna hinni menningarlegu hlið til jafns við aðrar þarfir fólksins – það hefur beinlínis áhrif á samkeppnishæfni sveitarfélaga. Í okkar menningarheimi eru gæði samfélags ekki aðeins metin út frá fjárhagslegum forsendum, heilbrigði eða menntun heldur einnig þeirri listrænu upplifun sem fólki er boðið upp á. Þess vegna er mjög mikilvægt að í okkar nærsamfélagi sé hlúð að menningarlegri velferð íbúanna með til að mynda tónleikahúsi eins og Salnum. Svo má þess geta að Salurinn skilar Kópavogsbæ mikilli og jákvæðri umfjöllun í fjölmiðlum.“

Þið eruð þessa dagana að bjóða upp á tónleika í hádeginu. Eru slíkir tónleikar vel sóttir?

„Já, við höfum fundið fyrir miklum áhuga fyrir þessari nýbreytni. Röðin er fjölbreytt og gaman að geta boðið upp á slíka viðburði með okkar besta tónlistarfólki sem og erlendum gestum. Til að mynda er mikill áhugi fyrir tónleikunum með þýska píanósnillingnum Thomasi Hell sem mun flytja klassískt 19. aldar verk eftir Brahms og nútímaverk eftir Ligeti. En hann hefur getið sér góðs orðs í Evrópu fyrir flutning á nútímaverkum. Við erum sannfærð um að þessir hádegistónleikar auðgi mannlífið í miðbæ Kópavogs og geti lýst upp vetur þess fólks sem starfar í Kópavogi og nágrenni. Stuttir tónleikar sem lyfta sálinni á köldum vetrardegi og kaffisopi á eftir getur ekki klikkað.“

Hefur dregið úr aðsókn eftir að Harpan var opnuð eða er kakan einfaldlega að stækka?



**FLOTT HÚS** Tónlistarmenn hafa verið afar ánægðir með hljómburðinn í Salnum í Kópavogi.

„Íslendingar virðast vera einstaklega miklir áhugamenn um tónlist og tónleika og hreinlega flykkjast á tónleika kvöld eftir kvöld. Salurinn er einstakur á þann hátt að þar komast áheyrendur í mikið návígi við tónlistarmenn og undantekningalaust myndast hlý og skemmtileg stemning á tónleikum í Salnum. Við finnum ekki fyrir öðru en auknum áhuga fyrir því sem við erum að gera. Til að mynda er nánast slegist um miða á spjalltónleika Jóns Ólafssonar, Af fingrum fram, en allir miðar seldust upp í fyrra. Eins eru tónlistarmenn ánægðir með góðan hljómburð í Salnum og þá nálægð sem hann býður upp á við áheyrendur.“

Finnst þér menning almennt mæta litlum skilningi?

„Hvað svo sem segja má um skilning yfirvalda er menningarneysla fólks á Íslandi með mesta móti. Því er menningarskilningur hér satt að segja með ágætum. Við Íslendingar erum góðir í að vefja klassík og almennari verkum saman eins og til að mynda verður boðið upp á í Salnum í vetur undir yfirskriftinni Ef lífið væri söngleikur! Þar sem okkar bestu leik- og sönglistarmenn fara yfir breitt svið söngleikjatónlistar á fernum tónleikum. Verkin dansa á línu leikhúss og tónleika og ekki er annað að sjá en þeir veki mikinn áhuga hjá gestum okkar.

Kópavogur hefur lagt mikið upp úr tónlist og má segja að með byggingu Salarins hafi bærinn lagt hornstein að góðu tónlistarlífi í bænum og sýnt skilning á mikilvægi menningar fyrir bæjarfélagið. Almennt má þó segja að þrátt fyrir að mörgu leyti ágæta umgjörð fyrir menningarviðburði á Íslandi, svo sem í byggingu viðburðahúsa, þá skortir sárlega að meira sé lagt í sjálfa framleiðslu listviðburðanna.“

Nú ert þú búin að vera forstöðumaður í bráðum tvö ár. Hvernig líkar þér í þessu starfi?

„Starfið er einstaklega fjölbreytt og skemmtilegt þar sem það krefst mikillar yfirsýnar og snertir á öllum þáttum framkvæmdastarfa auk listrænnar innsýnar vitaskuld. Á einum degi á maður til að bregða sér í hin ýmsu hlutverk svo sem listræns stjórnanda, kynningastjóra, verkefnastjóra, fjármálastjóra o.s.frv. En það áhugaverðasta við starfið er þó kannski það þegar okkur tekst að kveikja, næra og þróa hugmyndir í skapandi samstarfi ólíks fólks og svo fá að sjá þá hugmynd verða að veruleika á sviðinu og öðlast líf í höndum tónlistarmanna og áhorfenda.“

Kom þér eitthvað á óvart?

„Það sem er gleðilegast og gefur manni mest er að sjá þegar fjölbreytt flóra gesta Salarins skemmtir sér vel hér á tónleikum og á saman ljúfa stund í Salnum. Til þess er jú leikurinn gerður.“



**STJÓRNANDINN** Aino Freyja hefur stýrt Salnum með miklum myndarskap.





*Hamraborgarhátíðin verður haldin laugardaginn 1. september. Hamraborginni verður breytt í göngugötu og ungir sem aldnir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hátíðin verður komin á fullt skrið kl. 11 um morguninn og mun standa fram eftir degi.*

★ **Verslanir og þjónustuaðilar** í Hamraborginni bjóða gestum ýmsar veitingar og tilboð í tilefni dagsins!

★ **Ungmennahúsið Molinn** setur upp svið og ungir tónlistarmenn koma fram yfir daginn.
Þess má einnig geta að gestum og gangandi býðst að stíga á stokk - svokölluð **„open-mic“** stemning!

★ **Íþrótta- og tómstundafélög** kynna vetrarstarf sitt með fjölbreyttum sýningum og uppákomum.

★ **Sannkölluð markaðsstemning.** Áhugasamir selja notað og nýtt úr bílum sínum.
Handverk, sultur, bækur, skart, fatnaður og margt fleira!

★ **Menningarstofnanir bæjarins** eru opnar og tilvalið að líta við!

**Hittumst, gleðjumst og kynnumst hjarta Kópavogs**

## MEÐ HÆSTU BYGGINGU LANDSINS



**VERSLUN OG VIÐSKIPTI** Kópavogur er næstfjölmennasta sveitarfélag á Íslandi. Íbúar þar voru 31.198 í janúar á þessu ári. Kópavogsfundurinn var haldinn 28. júlí árið 1662 og var tilgangur hans að fá Íslendinga til að samþykkja erfðaeinveldið. Á fjórða tug síðustu aldar var byrjað að úthluta lóðum í landi Kópavogs og varð fólksfjölgun mikil og hröð. Bærinn fékk kaupstaðaréttindi árið 1955. Í bænum er stærsta verslunarmiðstöðin landsins, Smáralind, og hæsta bygging á Smátorgi.

BÓKABÚÐIN HAMRABORG
Laugardaginn 1. september bjóðum við upp á
30% afsláttur af myndarömmum
20% afsláttur af öllum kiljum
Hamraborg 5
Sími 554 0877
Opið 9-18 virka daga
10-16 laugardaga

Rauði krossinn Kópavogi
Rauði krossinn í Kópavogi
Hamraborg 11
Verður með ýmis konar handverk sjálfboðaliða til sölu á Hamraborgarhátíðinni.
Allur ágóði rennur í verkefni innanlands.
Heitt á könnunni!

20% afsláttur föstudaginn 31. ágúst og laugardaginn 1. september
ÚR OG SKARTGRIPIR KLUKKAN
HAMRABORG 10

# GOTT TÆKIFÆRI TIL AÐ LÁTA LJÓS SITT SKÍNA

**GOTT TÆKIFÆRI** *Molinn, ungmennahús Kópavogs, býður fólki að stíga á svið í Hamraborginni til að skemmta sér og öðrum.*

Ungmenni frá Molanum, ungmennahúsi Kópavogs, ætla að setja upp svið í Hamraborginni í tilefni af Hamraborgarhátíðinni sem fram fer 1. september. Sviðið verður fyrir framan Hamraborg 3. „Á því verða alls kyns hljóðfæri og græjur sem gestir og gangandi geta rifið í og skemmt sér og öðrum,“ útskýrir Andri Þór Lefever, forstöðumaður Molans. „Nokkrar hljómsveitir ætla að koma fram enda gott tækifæri til að kynna sig fyrir íbúum bæjarins,“ bætir hann við.

Molinn er tómstunda- og menningarhús í Kópavogi fyrir 16 ára og eldri. „Þar geta ungmenni komið menningu sinni og listum á framfæri, haldið tónleika og listsýningar, skipulagt viðburði og fleira,“ segir Andri. „Boðið er upp á fjölbreytt námskeið eða smiðjur þar sem ungmenni geta kynnst mismunandi listformum og aukið við þekkingu sína og færni.“



**SKEMMTILEGT STARF** Andri Þór er forstöðumaður Molans.

Andri segir að ekki megi heldur gleyma því að margir koma við í Molanum til þess eins að sýna sig og sjá aðra. „Sumir læra en aðrir hanga á netinu eða horfa á sjónvarpið. Verkefni Molans eru að jafnaði vel sótt og haustið er spennandi tími. Nú er nýr árgangur búinn með grunnskólann og því gjaldgengur í Molann.“ Hann hvetur alla á þessum aldri til að koma og kynna sér starfið.

„Molinn er mikilvægur vettvangur fyrir ungmenni bæjarins og við getum verið stolt af því sem þar er í boði. Það er auðvitað ómetanlegt að geta boðið ungmennum upp á aðstöðu fyrir allar þær pælingar og hugmyndir sem hjá þeim kvikna. Molinn er vímulaus staður og forvarnargildið því mikið. Verkefnin eru mörg, hvort sem þau lúta að atvinnumálum ungs fólks, sköpunarþörf eða félagsfærni. Þess má líka geta að Molinn er í góðu samstarfi við sambærileg hús víðs vegar í Evrópu og árlega gefst ungmennum Kópavogsbæjar kostur á að víkka sjóndeildarhringinn með þátttöku á námskeiðum með erlendum jafnöldrum sínum, bæði hér heima og úti í heimi.“



**STUÐ** Það er alltaf mikið um að vera hjá Molanum.

# MENNINGIN BLÓMSTRAR

*Mikil gróska er í listalífinu í Kópavogi. Nýlega var stofnað félag myndlistarmanna og eru stofnfélagar komnir yfir fimmtíu.*

Kópavogur er allur að vakna,“ segir Helga Ástvaldsdóttir, myndlistarmaður og formaður hins nýstofnaða Myndlistarfélags Kópavogs, þegar hún er spurð út í menningarlífið í bænum. Hún segist finna fyrir meiri vilja en oft áður, ekki síst hjá stjórnendum bæjarins. „Það er greinilega mikill vilji til að gera þetta að skemmtilegum og blómlegum menningarbæ.“

Helga hefur eins og fjölmargir aðrir listamenn aðstöðu í Auðbrekku en sú gata liggur fyrir neðan Hamraborgina. Í tilefni Hamraborgarhátíðarinnar ætla þessir myndlistarmenn og aðrir félagar í Myndlistarfélagi Kópavogs að vera með listasýningu eða örsýningu, eins og hún vill kalla hana, við Hamraborgina, meðal annars í gamla Muffins Bakery-húsnæðinu sem er við hliðina á blómabúðinni í Hamraborginni. Þar verða sýndar myndir og aðrir munir og verk á borð við keramik.

Myndlistarfélag Kópavogs var stofnað 29. maí síðastliðinn og eru stofnfélagarnir alls 55. Helga segir að sá fjöldi segi sína sögu. Margir listamenn búi með öðrum orðum í Kópavogi eða hafi vinnuaðstöðu þar.



**LISTALÍF** Helga Ástvaldsdóttir myndlistarmaður nýtir sér aðstöðuna í Auðbrekku.

HÚLLUM HÆ Í HAMRABORG
ALLAN LAUGARDAGINN 1. SEPTEMBER
20% AFSLÁTTUR AF NÝBÖKUÐUM BRAUÐUM OG RÚNSTYKKJUM
Reynir bakari KONDITORI
HAMRABORG 14 KÓPAVOGI SÍMI 554 4200
STOFA53



# SELJA BEINT ÚR SKOTTINU

**SELJA GRIMMT** *Fjöldi bæjarbúa mun taka þátt í skottsölunni í ár og eflaust munu enn fleiri hugsa sér gott til glóðarinnar og gera góð kaup.*

Ég mæli hiklaust með því að fólk selji gamla muni beint úr skottinu á bílnum sínum. Það er bara skemmtilegt,“ segir Elísa Friðjónsdóttir sem búið hefur í Kópavogi í 26 ár. Hún tók þátt í flóamarkaðnum Beint úr skottinu, eins og hann nefnist, á Hamraborgarhátíðinni í Kópavogi í fyrra og seldi ásamt vinkonu sinni, bækur, föt og skrautmuni fyrir um það bil fimmtíu þúsund krónur. Fjöldi bæjarbúa mun taka þátt í skottsölunni í ár og eflaust munu enn fleiri hugsa sér gott til glóðarinnar og gera góð kaup.

Elísa segir að fólk eigi ekki endilega að hafa það að markmiði að græða sem mest heldur fyrst og fremst að reyna að hafa það gaman og koma gömlum fötum og munum í not að nýju. „Við vorum að selja þetta fyrir einhverja hundrað kalla. Við vildum helst losna við gamalt dót og þá helst þannig að fólk gæti nýtt sér það. Það kom okkur á óvart hvað við seldum mikið.“ Hún segir að barnafötin hafi verið hvað vinsælust. „Svo fór slatti af bókum líka.“

Hún segir að stemmingin á hátíðinni hafi verið afar góð. „Karlmennirnir stóðu fyrir aftan konurnar og fussuðu og sveiuðu en svo voru það oft þeir sem tóku af skarið og ákváðu hvað ætti að kaupa. Það var svolítið skondið að fylgjast með því.“

Elísa telur að fólk sé tilbúnara til þess nú en oft áður að kaupa gamla muni og föt. „Fólk er ekki eins viðkvæmt fyrir því að þetta sé ekki alveg nýtt út úr búð. Það metur hlutina öðruvísi í dag og er frekar til í að breyta og bæta. Það er það góða við hrunið ef hægt er að segja eitthvað gott um það.“

Elísa segir að lokum að hún mæli eindregið með því að fólk mæti á Hamraborgarhátíðina. „Mér finnst svona hátíð þjappa fólki meira saman. Ég labbaði þarna um í fyrra og hitti bæjarbúa og aðra og þetta var mjög gaman.“

**GÓÐ KAUP** Hægt er að gera góð kaup á skottsölunni í Hamraborg.



**LÍFLEGT** Mikið líf og fjör skapast í Hamraborginni þennan hátíðardag.

## ÍSLANDSMÓT Í PYLSUKAPPÁTI

Íslandsmetið er tíu pylsur á tíu mínútum og vonast Sverrir Júlíusson, forsvarsmaður keppninnar, að sjálfsögðu til þess að það verði slegið nú á laugardaginn. Þegar þetta er skrifað hafa sex manns skráð sig til keppni en enn er hægt að bæta við fleiri keppendum og lýkur skráningu kvöldið fyrir keppni. Skráning fer fram á netfanginu pylsuvikingurinn@200.is.

Keppendum verður raðað upp á svið og fá þeir tíu mínútur til að troða ofan í sig eins mörgum pylsum og þeir mögulega geta í sig látið. „Eftir tíu mínútur hafa þeir 20 sekúndur til að hreinsa munninn og svo bíðum við í þrjár mínútur til að sjá hvort einhver þeirra ælir. Eftir það er sá sem borðaði flestar pylsur á tíu mínútum, án þess að æla, orðinn sigurvegari,“ segir Sverrir. Hann bætir því við að neyðarteymi verði á staðnum, tilbúið til að grípa inn í komi eitthvað upp á. Reglurnar í keppninni séu í samræmi við bandarísku heimsmeistarakeppnisreglurnar.



Þegar hann er spurður hvort þetta sé nú ekki fremur ógeðsleg keppni svarar hann því til að sumum finnist eflaust ógeðfellt að sjá fólk troða í sig eins og það getur. „En þetta getur líka verið skemmtilegt,“ segir hann að síðustu.

Opið til miðnættis alla daga
8-24
NÓATÚN
www.noatun.is

Bátur mánaðarins aðeins 439 kr.
Subway Hamraborg 11.



SUBWAY alltaf ferskt

# GAR

## ANDI HEIT MÓDEL • ÓTRÚLEG TILBOÐ




HC

# TV11

## SJÓÐANDI HEIT Í LEIKINA

Ný kynslóð Ivy Bridge fartölva með allri nýjustu tækni, 3.1GHz Turbo Intel i5 örgjörva og 2GB ofur öflugu GT630 leikjaskjákorti.

- Intel Core i5-3210M 3.1GHz Turbo 4xHT
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 2GB GeForce GT630M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB 3.0
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**144.900**

EIN ÖFLUGASTA FARTÖLVAN Í DAG




10C

TOSHIBA

# C870D

- AMD A6-4400M Dual Core 3.2GHz Turbo
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 640GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD+ LED TruBrite 1600x900
- 4GB ATI HD7520G DX11 öflugur skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.0MP HD 1280x800 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**99.900**

ÖFLUG 17.3" TOSHIBA FARTÖLVA




53316G

# V5-471G

- Intel Core i5-3317U 2.6GHz Turbo 4xHT
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 14" HD LED CineCrystal 1366x768
- 1GB GeForce GT620M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 5 tímar
- 1.3MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.900**

FISLÉTT 14" LEIKJATÖLVA




32364G

# V5-571G

## FARTÖLVA FRÁ ACER

Örþunn og fislétt fartölva úr nýjustu línu Acer með öflugum Intel Core i3 örgjörva ásamt GT620M leikjaskjákorti og alla nýjustu tækni.

- Intel Core i3-2367M 1.4GHz 3MB 4xHT
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD CineCrystal 1366x768 skjár
- 1GB GeForce GT620M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.3MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**99.900**

FRÁBÆR VÉL Á ÓTRÚLEGU VERÐI!




15-4469

# INSPIRON

- Intel Core i3-2370M 2.4GHz 3MB 4xHT
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 1TB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED TrueLife 1366x768
- 512MB Intel HD 3000 skjákjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 3.0
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

DELL

**99.900**

DELL FARTÖLVUR Á BETRA VERÐI




NZQA4MH

# EDGE E530

- Intel Core i5-3210M 3.1GHz Turbo 4xHT
- 6GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED Vibrant 1366x768
- 2GB GeForce GT630M DX11 skjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 1.0MP HD 720p face-tracking vefmyndavél
- Windows 7 Professional 64-bit

**139.900**

ÖFLUG LENOVO Á ÓTRÚLEGU VERÐI!




1012ED

# ENVY 6

- Intel Core i5-3317U 2.6GHz Turbo 4xHT
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 32GB SSD og 500GB SATA2 diskur
- 15.6" HD LED BrightView 1366x768
- 2GB ATI HD7670M DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 9 tímar
- 2.0MP HD 720p vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-bit

**149.900**

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

4BLS BÆKLINGUR

# 2TB

## TOURO DX3 FLAKKARI

Ótrúlegt tilboð á 2TB Touro DX3 flakkara frá Hitachi með 10X hraðara USB 3.0 tengi sem virkar bæði með MAC og PC á ótrúlegu tilboðsverði meðan birgðir endast!

- 2TB Hitachi DX3 USB3 flakkari
- 10X meiri hraði með USB 3.0
- Hágæða Enterprise lína Hitachi
- Stendur upp á rönd og hægt að stafla
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Virkar með PC og MAC tölvum
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

HITACHI Inspire the Next

**19.900**
AÐEINS ÞESSA HELGI

# 750GB

## METALLIC DIAMOND

- 750GB Silicon Power ferða-flakkari
- 10X meiri hraði með USB3.0
- Örsmár í lófa og aðeins 155gr.
- Virkar með PC og MAC tölvum
- Þarf ekki straumbreyti
- Glæsileg Metallic Grain áferð
- Afritunarhugbúnaður fylgir með

**14.900**
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

AÐEINS ÞESSA HELGI

# 27"LCD

## BENQ FULL HD LCD SKJÁR

- 27" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 50.000:1 DCR og 300 cd/m2
- 5ms GtG viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Senseye3 tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek
- Glæsilegur skjár á einstöku tilboði

**36.900**
HVERGI BETRA VERÐ!

ÖRÞUNNUR
MEIRI MYNDGÆÐI SKERPA OG LITADÝPT MEÐ NÝJUSTU LED TÆKNI

100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám
100% PIXLAR
Fylgir öllum nýjum skjám í Tölvutek

# 24"LED

## ACER ULTRA THIN SKJÁR

Framúrskarandi ný kynslóð Acer S Series LED tölvuskjáa sem eru ótrúlega þunnir aðeins 15mm á dýpt og með enn meiri myndgæðum, skerpu og ótrúlegri litadýpt.

- 24" LED FULL HD 1080P 16:9
- 100 milljón:1 ACM háskerputækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Ótrúlega þunnur aðeins 15mm
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

acer

**29.900**
AÐEINS ÞESSA HELGI

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF GIGABYTE MÓÐURBORÐUM

HD7750 NÝJASTA OG EITT ÖFLUGASTA SKJÁKORTIÐ 19.900

SSD ÚRVAL SSD DISKA Á VERÐI FRÁ 6.990

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÁTÖLURUM

22"LCD MAGNAÐUR SKJÁR Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI 19.900

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ALLSOP MÚSARMOTTUM

OFFICE 2010 OFFICE TILBOÐ MEÐ NÝRRI FARTÖLVU 14.900

LEYFI FYRIR 3 TÖLVUR

ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF MÚSUM

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU SATZUMA USB GLINGRI

50% AF ÖLLUM MINNISKORTUM

**OPIÐ ALLA HELGINA**

Opið í dag
10:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



63 **RICHARD GERE** leikari á afmæli í dag.
*„Lykillinn á bak við velgengni mína er hárspreyið mitt.“*

## Minjar meistara



Sýning með minjum búddískra meistara verður opnuð í jógasal Ljósheima í Borgartúni 3, í dag klukkan 17. Hún verður einnig opin um helgina frá 10-19 og aðgangur er ókeypis. Minjarnar eru í formi perlulaga kristalla. Fólki gefst kostur á að skoða þær og móttaka blessun þeirra og orku. Nánar á ljosheimar.is.



**INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR** Nýtur lífsins og hvetur fólk til að draga úr stressi í sínu lífi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR: FAGNAR FERTUGSAFMÆLI Í DAG

# ÞAKKLÁT FYRIR AÐ LIFA

Ingibjörg Stefánsdóttir jógakennari er fertug í dag. Þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til Ingibjargar var hún nýbúin að taka ákvörðun um að halda upp á daginn. „Það er dæmigert fyrir mig að gera allt á síðustu stundu. Ég var búin að vera að pæla í því að halda upp á afmælið en svo ákvað ég bara í dag í sturtunni að gera eitthvað og bjóða heim til mín.“ Spurð hvort hún haldi yfirleitt upp á afmælið sitt segir Ingibjörg að það sé upp og ofan. „Ég geri það ekki alltaf en mér þykir samt mjög vænt um afmælisdaginn minn. Ég er svo þakklátt fyrir að eiga afmæli, þakklát fyrir að lifa. Mamma mín lést þegar hún var ekki nema 33 ára gömul þannig að ég get ekki annað en verið glöð með afmælisdaginn minn.“

Aldurskomplexar eru því skiljanlega víðs fjarri Ingibjörgu. „Ég er ekki á neinum einasta bömmer – enda er aldur svo afstæður í dag. Aldur er heldur ekki bara tala, heldur bæði andlegur og líkamlegur aldur.“

Ingibjörg er eigandi jógastöðvarinnar Yoga Shala og segir hún vera í nógu að snúast á þessum árstíma þegar haustið er að bresta á. „Mesta sprengjan hjá okkur er alltaf á haustin þó að það sé orðið mikið að gera allan ársins hring. Jóga hefur unnið sér varanlegan sess hjá Íslendingum, það mætir alls konar fólk í tíma og kennararnir okkar eru líka litríkur hópur.“

Ingibjörg hefur kennt jóga frá því að hún flutti heim frá Bandaríkjunum árið 1999 og segir hún alltaf hafa jafn gaman af því. „Ég elska að kenna jóga og svo fæst ég líka við næringarráðgjöf sem er mjög skemmtilegt.“

Auk anna í vinnunni stendur Ingibjörg líka í flutningum þannig að það er í nógu að snúast hjá henni. „Ég er að flytja í aðra íbúð í húsinu sem ég bý í. Ég á heima í húsinu sem ég ólst upp í og amma mín líka. Við erum að skipta um íbúð,“ segir Ingibjörg sem segir það hafa marga kosti að búa í sama húsi og amman. „Þetta er svona indversk stemming hjá okkur: allir saman. Og eldri dóttir mín þriggja og hálfs árs nýtur góðs af, hún fer alltaf upp til ömmu sinnar á morgnana og kúrir hjá henni í morgunsárið.“

Ingibjörg segist afar sátt við þann stað sem hún er á í lífinu. „Ég er bara alltaf að reyna að njóta lífsins út í ystu æsar. Mér finnst Íslendingar vinna alltof mikið, við eigum að vera meira með fjölskyldu og vinum. Það er of mikið stress í gangi,“ segir Ingibjörg sem hvetur fólk til að huga að lífsstíl sínum. „Það er alveg hægt að breyta um lífsstíl, við sjáum ótal dæmi um það hér í jógastöðinni.“ sigridur@frettabladid.is

## Sýnir á Ljósanótt

Fjóla Jóns sýnir portrett sem hún hefur unnið að frá síðustu áramótum á Ljósanótt nú um helgina. Sýningin, sem haldin er á Icelandair Hótel í Keflavík, er tileinkuð vini Fjólu, Hermanni Fannari Valgarðssyni, sem féll frá á síðasta ári, langt fyrir aldur fram. Mun afrakstur sýningarinnar renna í minningarsjóð sem helgaður er Hemma.

Verkin eru unnin með akríl, kolum, pastelkrít, mulningi, vatnslitum, blýöntum og lökkum á ýmsar pappírstegundir. Sýningin sem var opnuð í gær verður opin fram á sunnudag. Þess má geta að sýningin er tíunda einkasýning Fjólu.



HERMANN FANNAR VALGARÐSSON

Ljósanótt, menningar- og fjölskylduhátíð Reykjanesbæjar, er nú haldin í þrettánda sinn, hún var haldin í fyrsta sinn árið 2000.

## Merkisatburðir

**1919** Listsýning opnuð almenningi í barnaskólanum í Reykjavík. Var þetta fyrsta slík sýning á Íslandi. 90 verk eftir 15 listamenn voru sýnd.

**1919** Leikrita- og ljóðskáldið Jóhann Sigurjónsson deyr í Danmörku, þar sem hann bjó, 39 ára að aldri.

**1980** Á Fljótsdalshéraði finnst silfursjóður mikill, talinn frá landnámsöld. Löngu síðar spunnust miklar deilur um aldur sjóðsins.

**1994** Lengsta skák í skáksögu Íslands til lykta leidd með jafntefli eftir 183 leiki. Jóhann Hjartarson og Jón Garðar Viðarsson tefldu á Skákþingi Íslands í Vestmannaeyjum.

**1997** Díana prinsessa af Wales og Dodi Al-Fayed láta lífið í bílslysi í París.

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**PÁLS HALLDÓRS JÓHANNESSONAR**
**frá Bæjum, Snæfjallaströnd, Hlíf II, Ísafirði.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki öldrunardeildar Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði.

**Anna Jóna Magnúsdóttir**
**Kristinn Arnar Pálsson** — **Hrönn Þórarinsdóttir**
**Rebekka Jóhanna Pálsdóttir** — **Pétur Ingi Ásvaldsson**
**Magnús Ási Pálsson**
**Haraldur Bjarmi Pálsson** — **Hrönn Eiríksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

**JÓN GUNNARSSON**
**Álfaskeið 64, Hafnarfirði,**

lést á Sólvangi 27. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 6. september kl. 15.00.

**Sigurrós Kristjánsdóttir**
**Þóroddur Friðrik Gísli Jónsson**
**Kristrún Hanna Ingibjartsdóttir**
**og afabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR BJÖRNSSON**
**rafvirkjameistari, Gullsmára 9, Kópavogi,**

lést þriðjudaginn 28. ágúst. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 7. september kl. 11.00.

**Sigurrós Gísladóttir**
**Lilja Guðmundsdóttir** — **Stefán Þór Sigurðsson**
**Halldóra Guðmundsdóttir** — **Friðgeir Snæbjörnsson**
**Björn Guðmundsson** — **Natalía Jakobsdóttir**
**Sóley Guðmundsdóttir** — **Einar Unnsteinsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ARNÞÓR BJÖRNSSON**
**Holtateigi 28, Akureyri,**

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldu sinnar þriðjudaginn 28. ágúst. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 7. september kl. 10.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri. Alúðarþakkir til hjúkrunarfræðinga Heimahlynningar fyrir ómetanlega hjálp og hlýju á erfiðum stundum.

**Þú lifir í hjörtum okkar,**

**Anna Sigríður Arnþórsdóttir** — **Tryggvi Jónsson**
**Birna Margrét Arnþórsdóttir** — **Steinar Magnússon**
**Drífa Þuríður Arnþórsdóttir** — **Mark Siddall**
**afa- og langafabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**VALGERÐAR ODDNÝJAR ÁGÚSTSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild 2B Hrafnistu Hafnarfirði.

**Inga Indíana Svala Vilhjálmsdóttir** — **Páll Trausti Jörundsson**
**Kára Hrönn Vilhjálmsdóttir** — **Sigmundur Smári Stefánsson**

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÍSLI J. ÁSTÞÓRSSON**

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 3. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sunnuhlíðarsamtökin.

**Guðný Sigurgísladóttir**
**Ástþór Gíslason** — **Erla Gunnarsdóttir**
**Hrafnkell S. Gíslason** — **Ragnheiður D. Gísladóttir**
**Hólmfríður Gísladóttir** — **Kristín Erla Boland**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, laugardag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í laugardagsblað færist því fram til kl. 13.30.**

# FINLUX

## 32" LCD SJÓNVARP




**Finlux 32FLX905U**

**69.990**

**Einfalt en vandað 32" Finlux sjónvarp með stafrænum DVBT móttakara, USB tengi og innbyggðum margmiðlunarspilara.**

**Innbyggður margmiðlunarspilari**
Tækið er búið margmiðlunarviðmóti og USB tengi, þannig að hægt er að tengja USB lykil eða flakkara við tækið og horfa á ljósmyndir og kvikmyndir. Styður öll helstu snið, t.d. DivX, MKV, MP3 og JPG.

**Vel tengjum búið**
Tækið er með öllum helstu tengimöguleikum sem þarf í dag, 2xHDMI, Scart, VGA, Audio In, heyrnartólstengi og USB tengi þannig að ekkert mál er að tengja leikjatölvur, heimabíó, heyrnartól og margt fleira við tækið.

**Góð myndgæði**
Tækið er með vönduðum LCD skjá með 1366x768 punkta upplausn og 5ms svartíma með progressive scan sem gefur skarpa og góða mynd.

**CI kortarauf**
Tækið er með innbyggðri CI kortarauf þannig að þeir sem eru með Digital Ísland frá Vodafone geta losnað við afruglarann frá Vodafone Digital Ísland og fá CA tengi sem er smellt í tækið.

DVB T · USB · HDMI HIGH-DEFINITION MULTIMEDIA INTERFACE

# Sjónvarpsmiðstöðin

FINLUX

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** teikniblek, **6.** í röð, **8.** að, **9.** stefna, **11.** bókstafur, **12.** töng, **14.** einkennis, **16.** frú, **17.** segi upp, **18.** tíðum, **20.** tveir eins, **21.** fugl.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fituskán, **3.** stefna, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** slagbrandur, **7.** stífkrampi, **10.** saur, **13.** spor, **15.** þekking, **16.** aur, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túss, **6.** rs, **8.** til, **9.** átt, **11.** ká, **12.** kjafi, **14.** aðals, **16.** fr, **17.** rek, **18.** oft, **20.** yy, **21.** rita.

**LÓÐRÉTT: 1.** brák, **3.** út, **4.** sikiley, **5.** slá, **7.** stjarfi, **10.** tað, **13.** far, **15.** skyn, **16.** for, **19.** tt.


# Helgarblað
alla laugardaga



## Allir eru að gera það vont
Metsölubókin Fifty Shades of Grey er milli tannanna á fólki



**Meðal annars efnis:**

**Á sjö börn og stjúpbörn**
„Ótrúlega skemmtilegt þegar við förum öll saman í ferðalög," segir Eva María Jónsdóttir.

**Rúllukragar og derhúfur**
Herratískan tekur á sig ýmsar myndir í vetur.





# Besta Akureyri í heimi

**BAKÞANKAR**
**Björns Þórs Sigbjörnssonar**



Fyrsta minning mín frá Akureyri er einhvern veginn svona: Ég var átta ára og að leika mér á glænýja eldrauða fjögurra gíra hrútastýris-Superia hjólinu mínu fyrir utan heima. Ég var nýfluttur í bæinn og þekkti fáa. Vatt sér þá að mér hjólbeinóttur náungi sem var að bera út Íslending og spurði hvort hann mætti prófa. Svarið var einfalt: „Nei, ég má ekki lána." Þetta hefur verið rifjað upp reglulega í þau 32 ár sem liðin eru því blaðberinn varð síðar besti vinur minn.

**VIÐ** krakkarnir á Akureyri áttum bara tvennar buxur. Stuttbuxur fyrir sumrin og snjóbuxur fyrir veturna. Á Akureyri var veðrið nefnilega eins og það á að vera; með skörpum skilum milli árstíða. Það rigndi aldrei á Akureyri og ekki minnist ég þess að þar hafi vindur blásið að ráði. Bara sól eða snjókoma.

**ÉG MAN** fyrsta kossinn. Bak við bankann við Ráðhústorgið. Ég man þegar ég stal frostpinna í fyrsta (og segjum eina) skiptið. Í KEA við Brekkugötu. Ég man fyrsta sopann. Hann var vondur en samt góður á sinn hátt.

**ÉG VAR** í KA og hataði Þór. Auðvitað hataði ég ekki Þór en þóttist gera það. Rígurinn milli félaganna er nauðsynlegur. Baraflokkurinn var mín hljómsveit og við hjólbeinótti gaurinn hlustuðum á Catcher comin' og skoðuðum klámfengið plötuumslagið eins og enginn væri morgundagurinn.

**AKUREYRI** var stór fyrir litla stráka en minnkaði auðvitað eftir því sem árin liðu og við urðum stærri. KEA var með búð á nánast hverju götuhorni og annar hver bæjarbúi vann hjá Sambandinu. En svo hættu Sambandið og KEA-búðirnar og þá fór ég suður. Ég sem aldrei ætlaði suður. Aldrei fór ég aldrei suður.

**NÚ FER** ég reglulega norður og stel frostpinna og geri allt hitt sem ég gerði áður. Ég er ferðamaður í gamla bænum mínum sem allt í einu er orðinn 150 ára en ber aldurinn einstaklega vel og lítur líklega betur út en nokkurn tíma fyrr. Allt þetta háskólafólk, þessar verslanir, þessi menning. Akureyri er klárlega besta Akureyri í heimi og ég er til í að rífast við hvern þann mann sem vill mótmæla því.

**TIL** hamingju Íslendingar með Akureyri.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

# Ljósanótt
## Reykjanesbær 2012

### Velkomin í Árgangagöngu á Ljósanótt í Reykjanesbæ

Byrjaðu frábæran laugardag á Ljósanótt kl. 13:30 með þátttöku í einstakri skrúðgöngu, Árgangagöngunni. Þar sem mannkynssaga nútímans tekur á sig mynd.

### Málið er einfalt

Sértu fæddur ´52 mætir þú fyrir framan Hafnargötu 52 o.s.frv. Yngsta kynslóðin hefur gönguna og marserar niður Hafnargötu í gegnum heilt æviskeið. Þeir eldri bíða og horfa á æskuna renna hjá þar til röðin kemur að þeim að bætast við. „Hringnum" er lokað þegar hópur heldri borgara stígur inn í gönguna og gætir þess, sem fyrr, að enginn heltist úr lestinni. Allt undir dynjandi lúðrablæstri lúðrasveita Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og Svans.

Við tekur viðburðarríkur dagur í Reykjanesbæ sem endar með stórkostlegri flugeldasýningu og stórtónleikum þar sem fram koma: Valdimar Guðmundsson, Ragnheiður Gröndal, Sigurður Guðmundsson og Sigríður Thorlacius í Ellý og Vilhjálmur Tribute Blár Ópal, Nýdönsk og Retro Stefson

**Velkomin á Ljósanótt í Reykjanesbæ. Sjá dagskrá á ljosanott.is**

**Bjartasta flugeldasýning landsins.**
**Landsbankinn er aðalstyrktaraðili Ljósanætur.**

## Láttu sjá þig!




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS LÝSISPERLUR 300 STK
498 KR. 500 ML
498 KR. 300 STK.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
KJARNAFÆÐI KOFAREYKTUR ÚRBEINAÐUR LAMBAFRAMPARTUR
1798 KR.KG.
GÆÐA ORKUKUBBUR
600 GR. BRAUÐ
259 KR. 600 GR
BÓNUS HANGIÁLEGG
8 SN. Í PAKKA CA. 120 GR / CA. 359 KR. PAKKINN
2998 KR.KG
BÓNUS KJARNABRAUÐ
198 KR. 500 GR
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
REYKT FOLALDAKJÖT
MEÐ BEINI
798 KR.KG.
NICKY
898 KR
TÓLF NICKY SALERNISRÚLLUR
NÝ BAKAÐ BAGUETTE
195 KR. 2 LTR.
129 KR. STK
2798 KR. KG
FROSIN LÚÐA FRÁ NOREGI
359 KR.
ÞRJÁR NICKY ELDHÚSRÚLLUR
95 KR. 500 ML
95 KR. 500 ML
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI 1 LTR.
129 KR
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI
ÞRJÁR 250 ML FERNUR Í PAKKA
159 KR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BÓNUS SILKISKORIN
SKINKA 120 GR
298
KR. 120 GR
EKKERT VIÐBÆTT VATN
REYKT LÚXUSSKINKA
SKÓLA-OSTUR
TILBOÐ
Í SNEIÐUM
1298 KR.KG
OSTSTYKKI
998 KR.KG
FROSIN LAMBASVIÐ
229 KR.KG
HEINZ BEANZ
4 DS. HEINZ BAKAÐAR
BAUNIR 398 KR.
BÓNUS BACON
1598 KR.KG
OPNUM KL.10
KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR FERSKUR HEILL
KJÚKLINGUR Á GÓÐU VERÐI
698
KR. KG
1798
KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
ÓDÝRUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS
DIAPERS MIDI
4-9 KG
DIAPERS MAXI
9-18 KG
DIAPERS JUNIOR
15-25 KG
BABY-WIPES
1398
KR. PK
MIDI 4-9 KG/56 STK.- MAXI 9-18 KG./50 STK. - JUNIOR 15-25 KG./44 STK.
EUROSHOPPER BLEIUR
emmessís
HVERS DAGSÍS
GOTT VERÐ
198 KR. I LTR
179
KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR
KARTÖFLUR Í LAUSU
BÓNUS
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG
APPELSÍNUSAFI I LTR.
129 KR
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
100% KJÖT
1295
KR. KG
NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT
NAUTAHAKK
798
KR. 620 G
FROSIÐ NAUTAHAKK 620 GR
TILBOÐ
Franskar
700g
ÞYKKVABÆJAR 700 GR
TILBOÐS FRANSKAR
KARTÖFLUR
259 KR.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# menning

menning@frettabladid.is



**ÞRJÁR SÝNINGAR** Þrjár einkasýningar verða opnaðar í Gerðarsafni laugardaginn 1. september klukkan 15. Helgi Gíslason myndhöggvari sýnir þrívíð verk og teikningar, Sigrún Ó. Einarsdóttir og Søren S. Larsen glerlistaverk og Torfi Jónsson leturskrift og vatnslitamyndir.

Bækur ★★★★☆

**Flöskuskeyti frá P**

Jussi Adler Olsen



**Forlagið**

## Mögnuð sending frá Danaveldi

Jussi Adler Olsen kann að skrifa spennusögur, um það er engum blöðum að fletta. Flöskuskeyti frá P er þriðja sagan hans sem þýdd er á íslensku og lesendur fá að fylgjast áfram með hinu sérkennilega lögregluteymi í deild Q; Carl Mörk, Assad og Rósu. Þau fást við mál sem aðrir hafa gefist upp á og til þeirra berst gamalt flöskuskeyti sem, sé það raunverulegt, er sönnun um skelfilegan glæp.

Olsen lætur einkar vel að búa til óhugnað á hversdagslegan hátt. Lýsingar hans á illvirkjanum eru magnaðar og í raun er það kannski frekar það sem hann segir ekki sem vekur óhug en það sem sagt er. Honum hefur tekist að lýsa illskunni, ekki með því að upphefja hana heldur með því að færa hana niður á hversdagslegt plan.

Persónusköpun er með ágætum og sérkennilegar heimilisaðstæður, sem allflestar sögupersónurnar búa við, eru nógu skrítnar og skemmtilegar til að vekja áhuga lesandans. Undirmenn sem engu hlýða vekja þó á stundum upp spurningar um hvernig lögreglustarfið eigi að ganga fyrir sig, en karakterarnir eru það áhugaverðir að slíkar hugsanir eru látnar lönd og leið.

Það er hins vegar fyrst og fremst spennan sem drífur söguna áfram. Óhugnaðurinn liggur í loftinu á sinn hversdagslega hátt og Olsen veitir lesendum innsýn í líf aðal- og aukapersóna sinna þannig að maður vill vita meira, fylgja þeim áfram í næstu sögu. Og án efa mun það bjóðast, því spurningum um einkalíf persónanna er velt upp sem augljóslega á að svara í næstu bókum. Og þá er bara að bíða eftir næstu sendingu frá Adler Olsen.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**

**Niðurstaða:** Flöskuskeyti frá P er frábær saga, vel skrifuð og spennandi.

# Fantasíur rjúka út



„Viðtökur Fantasía hafa komið okkur ánægjulega á óvart en ég held að íslenskar konur hafi langað í bók af þessu tagi lengi,“ segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, en fyrsta upplag, 2.500 eintök, er uppselt hjá útgefanda og annað jafn stórt upplag er í prentun. „Til að mæta þessari eftirspurn erum við að hraða útgáfu rafbókarinnar sem kemur út í dag [í gær]. Við höfum aldrei fylgt prentaðri bók jafn hratt eftir með rafbók þannig að þetta eru tímamót hjá okkur.“

Í Fantasíum eru birtar kynlífsfantasíur sem ritstjóri bókarinnar, Hildur Sverrisdóttir, valdi úr fjölda aðsendra sagna. Egill segir velgengni bókarinnar einkum byggja á því hversu góðar sögurnar eru og hversu vel bókinni er ritstýrt. „Íslenskar konur sendu frábært efni sem Hildur vann svo úr. Auðvitað vekur efni af þessu tagi umræðu og áhugi en forsendan fyrir sölunni er að bókin sé góð.“

Egill telur ekki beint samband á milli bókarinnar og umræðu sem metsölubókin Fifty Shades of Grey hefur vakið en hún kemur raunar út í íslenskri þýðingu hjá Forlaginu eftir helgi. „Þær eru vissulega skyldar þannig að þær eru erótískt efni og erótískt efni er það sem allt snýst um í bókabransanum í dag.“

# MISHEPPNUÐ TILRAUN

Myndlist ★★★★☆

**Veggir**

Ingvar Högni Ragnarsson

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur**

Myndasería af vegg sem umlykur byggingarsvæði í miðbæ Reykjavíkur. Þetta hljómar satt að segja ekki neitt brjálæðislega spennandi, en þetta er samt myndefnið sem ljósmyndarinn Ingvar Högni Ragnarsson valdi sér fyrir einkasýninguna Veggir sem nú stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Á sýningunni eru sjö myndir sem teknar eru á eins árs tímabili. Myndirnar virðast allar hafa verið teknar snemma að vori eða seint um haust, miðað við snjómagnið á götunni fyrir framan vegginn og birtuna á myndunum. Þetta eru ekki stórar myndir en passlegar fyrir sýningarrýmið, sem ber heitið Skotið og ber það nafn með rentu.

Í sýningarskrá segir að á byggingarsvæðinu sem veggurinn umlykur, hafi staðið til að byggja ódýrar íbúðir fyrir ungt fólk í Reykjavík, en það hefur staðið tómt og óraskað frá efnahagshruninu. Jafnframt segir að verkefnið hafi verið hugsað sem „tilraun til að skrásetja félagslegar aðstæður og fylgjast með þeim pólitísku, félagslegu og hagfræðilegu breytingum sem áttu sér stað hér á landi eftir búsáhaldabyltinguna.“

Einmitt, gæti einhver sagt. Eru væntingarnar listamannsins til verkefnisins ekki aðeins of háleitar. Býst hann við því virkilega að serían birti okkur þá niðurstöðu sem hann sækist eftir…

Kannski er þetta raunverulega einlæg viðleitni listamannsins, eða einfaldlega lúmskur húmor, enda er harla lítið að gerast á myndunum. Þetta er nánast sama myndin aftur og aftur. Af sama veggnum. Þetta er eins og að horfa á málningu þorna. En viti menn, þegar maður gengur frá einni mynd til annarrar og skoðar betur þá sér maður eitthvað krot vera að birtast á veggnum, einhverjar skammstafanir. Svo æsast leikar, með gulu spreyti stendur skrifað: „Ekki vera“. Já, spurning hvort þetta sé ádeila á hrunið. Svo kemur sprengjan: Pínulítil mynd af hnefa sem heldur merki Sjálfstæðisflokksins, bláa fálkanum, í krumlu sinni.

Þegar maður les lengra í sýningarskrá sér maður að listamaðurinn gerir sér grein fyrir að tilraunin hefur misheppnast: „Almenningsrými hafa misst mikilvægi sitt í pólitískri umræðu og sýndarveruleikinn og félagsmiðlar eru hinir nýju veggir fyrir byltingarkenndar hugmyndir og félagsleg samskipti.“

Niðurstaðan er því sú að Facebook veggir-hafi í dag meiri slagkraft en veggir af „holdi og blóði“, og óþarfi að splæsa í spreydós, þegar hægt er að spreyja rafrænt á netinu.

Veðraður og upplitaður krossviðsveggurinn er aðalstjarna sýningarinnar. Fallegur, malerískur og heillandi í litbrigðum. Hann nýtur sín best þegar sem fæst húsþök eða Hallgrímskirkjuturnar gægjast yfir hann, en er samt alltaf flottur. Myndin innst í skotinu, þar sem myndavélin súmmar mest inn á vegginn, er þannig fallegust.

Birtan er íslensk, súld og leysingar, sólin björt bak við ský, og snjórinn að hopa, hiti um frostmark. Ekta íslenskt.

**Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Góð og næm sýning með lúmskum húmor og skilaboðum sem hitta í mark.



**VEGGIR** Niðurstaða listamannsins er að mati gagnrýnanda að það sé óþarfi að splæsa í spreydós þegar hægt er að spreyja rafrænt á netinu.








Gallerí Fold 1992–2012

Gallerí Fold 20 ára
afmælisuppboð

mánudaginn 3. september, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg




Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17, mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is




**GÓÐ STEMNING** Hægt er að sitja bæði uppi og niðri í Hlöðunni á Kvoslæk.

# Tónleikar og kaffi

Rut Ingólfsdóttir fiðluleikari og Richard Simm píanóleikari halda tónleika í Hlöðunni að Kvoslæk í Fljótshlíð sunnudaginn 2. september klukkan 15. Á efnisskránni eru verk eftir Johannes Brahms, Eugene Ysaÿe og Olivier Messiaen.

Boðið er upp á kaffi í hléinu. Miðasala er við innganginn og frítt er fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Að loknum tónleikum munu Rut og Richard taka verkin upp og þar með ljúka upptökum fyrir þrjá geisladiska sem þau hafa unnið að undanfarin tvö ár. Sá fyrsti kom út á síðasta ári með verkum eftir Mozart og César Franck. Hinir tveir, annar með öllum sónötum Brahms fyrir fiðlu og píanó og hinn með stuttum hugljúfum verkum eftir íslensk og erlend tónskáld, koma út á næstu árum.

# GRIFFILL SVARAR SAMKEPPNI

## SKÓLABÓKARDÆMI UM SPARNAÐ, GILDIR AÐEINS Í DAG

# 3 x TAX FREE

## AF ÖLLUM NÁMSBÓKUM

*Hvað eru það mörg prósent í afslátt?*

Svar: VSK af bókum er 7% Útreikningur af söluverði m/ VSK er 6,54 %x 3 = 19,62% Námundum upp í næsta tug. Lokasvar: 20%

# 20%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

## ...LÍKA BLEKHYLKJUM



**Opnunartímar**

Virka daga kl. 10-22
Laugardaga kl. 11-22
Sunnudaga kl. 13-22

Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími 5331010

GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 31. ágúst 2012**

### ➜ Sýningar

**20.00** Sýningin Skuggi, Shadow, opnar í Hafnarborg í Hafnarfirði. Fjöldi listamanna kemur að sýningunni.

### ➜ Tónlist



**17.30** Hljómsveitin Tilbury heldur tónleika í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Allir velkomnir.

**20.30** Bjarni Þór og félagar halda tónleika í Salnum, Kópavogi. Sérstakir gestir verða söngkonan Jónína Aradóttir og Grímuverðlaunahafinn Þór Breiðfjörð. Miðaverð er kr. 3.300.

**20.45** Tónlistarhópurinn Reykveek spilar á stærstu raftónleikum sem haldnir hafa verið á Akureyri, Exodus 2012. Tónleikarnir eru haldnir fyrir framan Hótel Kea og eru í boði Sjónlistamiðstöðvarinnar í tilefni 150 ára afmælis Akureyrar og 20 ára afmælis Listagilsins.

**22.00** KK Band með nýdönsku ívafi kemur



fram á Café Rosenberg.

**22.00** Baraflokkurinn spilar á Græna Hattinum, Akureyri. Miðaverð er kr. 2.500.

**23.00** Þungarokksveitin DIMMA heldur tónleika á Bar 11. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Dj Cyppie spilar á Glaumbar. Tilboð á barnum.

**23.00** Ingvar Valgeirsson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


# LEIKHÚSKORT
# Á VILDARKJÖRUM

Arion banki býður viðskiptavinum í Vildarþjónustu Leikhúskort Þjóðleikhússins á sérstökum vildarkjörum.

Gildir til og með 3. september nk.

**Veldu þér fjórar sýningar** af spennandi efnisskrá Þjóðleikhússins og settu þær á Leikhúskortið þitt. Þú finnur allt um efnisskrá Þjóðleikhússins á leikhusid.is.

Almennt kort 10.900 kr.
– fullt verð er 12.900 kr.

Ungmennakort fyrir 25 ára og yngri 7.900 kr.
– fullt verð er 9.900 kr.

Afslátturinn gildir ef greitt er með greiðslukorti frá Arion banka.

Leikhúskortin fást í miðasölu Þjóðleikhússins.
Miðasalan er opin alla daga milli 12 og 18, síminn er 551 1200.




Arion banki




**GUÐNI TÓMASSON** Hafnarborg býður sýningarstjórum að senda inn tillögur að haustsýningum og var hugmynd Guðna að Skia hlutskörpust að þessu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# *Skuggar í Hafnarborg*

Ólíkar birtingarmyndir skuggans í verkum nokkurra íslenskra myndlistarmanna verða í brennidepli á yfirlitssýningunni Skia, sem verður opnuð í Hafnarborg í dag. Skia er gríska orðið yfir skugga en Guðni Tómasson sýningarstjóri hefur valið á sýninguna verk af ýmsum toga sem fjalla á einn eða annan hátt um skuggann.

„Það er áhugavert að búa sér til ramma til að vinna út frá,“ segir Guðni. „Alveg eins og með sjónsviðið er samspil ljóss og skugga lykilatriði í myndlist. Mér fannst áhugavert að móta hugmyndina í þá átt, þótt ég hafi á endanum farið í allt aðrar áttir en ég lagði upp með. Ég ætlaði upphaflega að búa til eins konar flokka á skugga en á endanum varð útkoman mun tilfinningalegri.“

Verkin á sýningunni eru frá miðri síðustu öld til samtímans. Guðni segist hafa haft ákveðna listamenn í huga þegar hann hóf undirbúning á sýningunni. „Ég endaði síðan á því að leita í ýmsar áttir; sum verkin duttu eiginlega upp í hendurnar hjá mér en hjá öðrum var ég að leita að ákveðinni stemningu. En í rauninni eru þetta allt listamenn sem eru í miklu uppáhaldi hjá mér.“

Sýningin er er afrakstur þess að Hafnarborg býður sýningarstjórum að senda inn tillögur að haustsýningu í safninu en þetta er í annað sinn sem það er gert. Í tengslum við sýninguna verður efnt til Skuggaleika þann 6. október en þar mætast listamenn og fræðimenn af ýmsum sviðum og kynna hugmyndir og rannsóknir af ólíkum toga sem þó fjalla allar um skuggann. Guðni lóðsar gesti um sýninguna á sunnudag.

**LISTAMENNIRNIR SEM EIGA VERK Á SÝNINGUNNI:**

Elías B. Halldórsson, Gabríela Friðriksdóttir, Haraldur Jónsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hringur Jóhannesson, Jóhann Briem, Katrín Elvarsdóttir, Kristján Guðmundsson, Magnús Pálsson, Ragnar Kjartansson, Ralph Hannam, Sigurður Árni Sigurðsson, Snorri Arinbjarnar og Þorvaldur Skúlason.





Söngsveitin Fílharmónía
heldur raddpróf fyrir nýja félaga
sunnudaginn 2. september kl. 15 í Melaskóla.
Verkefni starfsársins eru:
Október: Misa Criolla eftir Ramirez og
Maríutónlist eftir Anders Öhrwahl.
Desember: Jólatónleikar með Frostrósum
Febrúar: Carmina Burana með Sinfóníuhljómsveit Íslands
Apríl: Íslensk kórtónlist
Júní: Ferðalag til Austurríkis
Æfingar fara fram í Melaskóla
kl. 19-22 á mánudagskvöldum frá og með 3. september.
Nánari upplýsingar veita:
Magnús Ragnarsson s. 698-9926 og Lilja Árnadóttir s. 898-5290
Sjá www.filharmonia.is

# SÍÐUSTU DAGAR SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**



30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

Rúm Gott
**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: **70.224**
Tvíbreitt: **129.336**

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott
**30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM**

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM



**8 TALSINS** eru þær myndir þar sem leikstjórinn Tim Burton hefur stýrt eiginkonu sinni, Helenu Bonham Carter, nokkuð sem hann segir vera auðvelt verk. Sú nýjasta er væntanleg í lok árs en það er stórvirkið Vesalingarnir, eða Les Misérables.

Bíó ★★★☆☆

**Elles**

Leikstjórn: Malgorzata Szumowsa

**Leikarar:** Juliette Binoche, Joanna Kulig, Anaïs Demoustier

## Vaggandi og groddaleg

Juliette Binoche leikur blaðakonu í París sem kemst í kynni við tvær ungar vændiskonur í tengslum við grein sem hún vinnur að fyrir tímaritið Elle. Konurnar segja sögu sína og við fáum að sjá svipmyndir úr lífi þeirra, og þá helst úr vændinu. Á sama tíma er blaðakonan undir miklu álagi. Eiginmaðurinn er tilætlunarsamur og tillitslaus, elsti sonurinn fiktar með fíkniefni og sjálf er konan farin að leita huggunar í flöskunni.



Ákveðin hætta er á að mynd af þessu tagi festist í hjólförum fordæminga og predikana, en Elles lætur allt slíkt eiga sig. Þeir sem eru mótfallnir vændi sjá ömurleikann í kynlífssenunum á meðan aðrir sjá eitthvað allt annað. Annað slagið gerist myndin meira að segja svo djörf að sýna gjaldskylda bólfimina í jákvæðu ljósi. Kannski eru skoðanir mínar eilítið litaðar af andstyggð minni á „greininni", en þessi atriði eru ekki síður óþægileg en þau subbulegustu.

Og fyrst við erum í kynlífssenunum er rétt að taka það fram að Elles er á köflum óþarflega groddaleg. Það þjónar engum tilgangi að sýna konu í kvikmynd fá hlandbunu upp í munninn á sér. Þá er vaggandi myndatakan þreytandi til lengdar og tökumaðurinn skemmti sér eflaust betur yfir bjöguðu linsunni sinni en áhorfendur munu gera. Í miðjunni eru allir óeðlilega mjóir en breikka svo til hliðanna.

Það er gríðarsterkur leikhópurinn sem heldur myndinni uppi. Binoche hefur fyrir löngu sannað sig sem ein allra besta leikkona heims, og hinar aðalleikkonurnar tvær eru einnig alveg frábærar. Einnig lumar myndin á einstöku atriði sem mun lifa lengur í minningu minni en myndin sjálf. Það á sér stað við borðstofuborð fjölskyldunnar og er þrælmagnað.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Tætingsleg mynd á köflum, en frábærir leikarar sigla þessu í höfn.

# Leikur repúblikana

Óskarsverðlaunaleikarinn Michael Douglas er í samningaviðræðum um að leika Ronald Reagan, fyrrum Bandaríkjaforseta, í væntanlegri mynd um leiðtogafundinn í Höfða. Þessar viðræður hafa komið sumum á óvart því sjálfur er Douglas harður stuðningsmaður Demókrataflokksins í Bandaríkjunum en Reagan var repúblikani.

Myndin kallast Reykjavík og gerist árið 1986. Bretinn Mike Newell mun hugsanlega leikstýra myndinni og framleiðendur verða Ridley Scott, leikstjóri Prometheus, og David W. Zucker. Hollywood Reporter greinir frá því að ekki hefur verið ákveðið hver fer með hlutverk Mikhails Gorbatsjov, fyrrverandi forseta Sovétríkjanna.



**Í HLUTVERKI REAGANS** Michael Douglas er í samningaviðræðum um að leika Ronald Reagan. NORDICPHOTOS/GETTY



**Á FLÓTTA** Parið Charlie og Annie leggja upp í ferðalag og er fylgt eftir af ýmsum aðilum. Kvikmyndin Hit and Run er frumsýnd í kvöld.

# Á flótta með kærustunni

**Gamanmyndin Hit and Run er frumsýnd í kvikmyndahúsum í kvöld.**

Gamanmyndin Hit and Run segir frá Charlie og Annie sem ákveða að leggja af stað akandi til Los Angeles. Einn hængur er þó á, því Charlie er í vitnavernd og á ekki að yfirgefa heimili sitt. Parið er elt uppi af glæpamönnum í hefndarhug, fyrrum kærasta Annie og lögreglumanni sem er ætlað að gæta öryggis Charlies.

Handritið er skrifað af Dax Shepard sem fer einnig með aðalhlutverkið og leikstýrir myndinni ásamt David Palmer. Kristen Bell fer með hlutverk Annie og Bradley Cooper fer með hlutverk glæpamannsins og fyrrum félaga Charlies, Alex Dimitri. Með önnur hlutverk fara Tom Arnold og Kristin Chenoweth.

Shepard steig sín fyrstu skref í leiklistinni sem leikari í sjónvarpsþáttunum Punk'd með Ashton Kutcher. Hann lék einnig á móti Dane Cook og söngkonunni Jessicu Simpson í gamanmyndinni Employee of the Month árið 2006 sem og í myndinni Idiocracy. Shepard er trúlofaður leikkonunni Kristen Bell og ættu þau því ekki að hafa átt í neinum vandræðum með að leika ástfangið par í kvikmyndinni.

Gagnrýnendur gefa myndinni 45 prósent ferskleikastig á vefsíðunni Rottentomatoes.com. Sumir segja myndina vera sem ferskan blæ inn í kvikmyndaflóruna en aðrir segja fátt annað spennandi við myndina en bílarnir. „Myndin er hvorki fyndin né spennandi, en í henni eru margir fallegir bílar," skrifar gagnrýnandi Chicago Reader.

Áhorfendur er eilítið jákvæðari í garð myndarinnar og gefa henni 58 prósent ferskleikastig. Gagnrýnendur á vefsíðunni Metacritic.com eru sama sinnis og segja kvikmyndina sæmilega afþreyingu en langt því frá að vera stórvirki.

### HELMINGURINN Í STEFGJÖLD

- Flestir bílarnir sem sjást í myndinni eru í eigu Dax Sheperd, þar á meðal Lincoln Continental-bíllinn. Lítið fjármagn var til í framleiðslu hennar og því sá Shepard einnig um allan akstur í myndinni.
- Framleiðendur myndarinnar höfðu úr tveimur milljónum dollara að moða við gerð hennar. Helmingur þeirrar upphæðar fór í að greiða stefgjöld.
- Kristen Bell er afskaplega hrifin af letidýrum. Shepard ákvað eitt sinn að koma unnustu sinni á óvart á afmælisdegi hennar og kom því í kring að hún fengi að umgangast eitt slíkt. Bell varð svo ánægð með þetta að hún brast í grát.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

BOLTAVAKTIN
Staða og úrslit leikja í beinni

vísir
- oft á dag



**Í FYRSTA SINN Í BÍÓ** Ólöf Jara og Matti Matt eru meðal þeirra sem fara með hlutverk í bíómyndinni um Ávaxtakörfuna sem verður frumsýnd í bíóhúsunum á morgun.

# Ávaxtafjör fyrir blessuð börnin

Íslenska barnaleikritið um ávextina í Ávaxtakörfunni hefur nú verið flutt af sviði yfir á hvíta tjaldið í fyrsta skipti og verður bíómyndin frumsýnd á morgun.

Það er margt stórra nafna sem fer með hlutverk ávaxtanna hressu sem hafa alltaf góðan boðskap fram að færa. Ólöf Jara Skagfjörð fer með hlutverk jarðarbersins sem lagt er í einelti af hinum ávöxtunum, Matti Matt leikur hinn stjórnsama og sjálfumglaða Imma ananas, Helga Braga er ofurskipulagða rauða eplið og Ágústa Eva Erlendsdóttir kemur fram í gervi Evu appelsínu sem sér fátt annað en sjálfa sig. Birgitta Haukdal kemur svo inn í hópinn sem Gedda gulrót, grænmetið sem þykir ekki eiga heima innan um alla ávextina. Þetta eru bara nokkrir þeirra færu listamanna sem leggja sitt á plóginn í myndinni sem er full af tónlist eftir Þorvald Bjarna.

Ýmsar nýjungar verða kynntar til leiks í myndinni sem ekki þekkjast úr leikritinu, þar á meðal eru nokkur ný lög og Mygluholan ógurlega. Myndarinnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu af yngstu kynslóðinni og óhætt er að ætla að bíóhúsin muni fyllast af litlum og spenntum aðdáendum um helgina, í fylgd foreldra sinna. -trs

# ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR



**PROLOGIC VEIÐIGALLI Í FELULITUM**

Smekkbuxur og jakki. Vatnshelt og vindhelt með útöndun. MAX4 felumynstur. Frábært verð.

AÐEINS **29.900,-**

# ALLT Í SKOTVEIÐINA

## Á BETRA VERÐI



VERÐ FRÁ **68.900,-**

### STOEGER P350 SYNTHETIC OG MAX4

Pumpa með Benelli snúningsboltanum. Plastskefti. Tekur 2 ¾“ til 3 ½“ skot. 26“ hlaup. Þyngd rétt yfir 3 kg. Þrengingar og ólarfestingar fylgja. Synthetic 68.900,- og MAX4 72.900,-

VERÐ FRÁ **86.900,-**

### STOEGER 2000

Bakslagsskift byssa með Benelli snúningsboltanum. Plastskefti. Skiftir 2 ¾“ og 3“ skotum. 26“ hlaup. Þyngd rétt um 3 kg. Þrengingar og ólarfestingar fylgja. Synthetic 86.900,- Walnut 91.900,- og MAX4 95.900,-

AÐEINS **49.900,-**

### ESCORT FIELDHUNTER

Einföld og áreiðanleg byssa með pumpulás. Tekur 2 ¾“ og 3“ skot. Plastskefti. Plötur til að breyta afstöðu skeftis fylgja. Einnig þrengingar og ólarfestingar. Escort Fieldhunter er fáanleg hægri- og vinstrihandar. Verð 49.900,-

AÐEINS **59.900,-**

### ESCORT MARINEHUNTER

Einföld og áreiðanleg byssa með pumpulás. Tekur 2 ¾“ og 3“ skot. Plastskefti. Byssan er nikkelhúðuð og því betur varin fyrir salti en margar aðrar byssur. Tilvalin á sjóinn. 5 þrengingar fylgja, ólarfestingar og plötur til að breyta skeftisafstöðu. Escort Marinehunter er fáanleg hægri- og vinstrihandar.



AÐEINS **79.900,-**

### ESCORT PS

Hálfsjálfvirk, gasskift haglabyssa frá Hatsan í Tyrklandi. Tekur 2 3/4“ og 3“ skot. Góð reynsla við íslenskar aðstæður. 5 Þrengingar fylgja ásamt skeftishallaplötum.

AÐEINS **89.900,-**

### ESCORT XTREME

Hálfsjálfvirk haglabyssa með gasskiftingu. Tekur 2 ¾“ og 3“ skot. 28“ hlaup. Plastskefti með stömu gúmmígripi. Escort Xtreme fylgja ólarfestingar, 5 þrengingar og plötur til að breyta afstöðu skeftis. Escort Xtreme er fáanleg hægri- og vinstrihandar.

AÐEINS **99.900,-**

### ESCORT SUPREME

Hálfsjálfvirk haglabyssa með gasskiftingu. Tekur 2 3/4“ og 3“ skot. 28“ hlaup. Skefti úr fallegri, sérvalinni hnotu. Escort Supreme fylgja ólarfestingar, 5 þrengingar og plötur til að breyta afstöðu skeftis. Escort Supreme er fáanleg hægri- og vinstrihandar.

TILBOÐSVERÐ **98.900,-**

### BAIKAL TVÍHLEYPA

Traust, yfir / undir tvíhleypa. Einn gikkur, val á milli hlaupa. Útkastari. Þrjár þrengingar og ólarfestingar. 28“ hlaup. 3.6 kg. Einhver ódýrasta tvíhleypan á markaðnum.



VERÐ FRÁ **174.900,-**

### BERETTA ES100

Láshús og hlaup er smíðað hjá Beretta á Ítalíu. Byssan er sett saman hjá Beretta á Spáni. 26“ hlaup og plastskefti. Bakslagsskift byssa. Hörð plasttaska frá Beretta fylgir. 3 þrengingar og ólarfestingar.

Beretta ES 100 er fáanleg í 5 útfærslum; Plastskefti með svörtu eða hvítu láshúsi, hnotuskefti með svörtu eða hvítu láshúsi og að lokum í MAX4 felumynstri.

AÐEINS **109.900,-**

### OPTIMA B12

Falleg hnotuskefti. 28“ hlaup. Svart láshús. Útdragari. Einn gikkur og val á milli hlaupa. 5 þrengingar og ólarfestingar.

## GERVIGÆSIR



Þessar vinsælu sem selst hafa í gámavís í hartnær 10 ár. 12 skeljar með lausum hausum. 8 á beit, 2 í hvíld og 2 á verði. Öll festijárn fylgja með. Frábært verð.

**Aðeins 18.995,-**

Gerið verð og gæðasamanburð.

**Gerviálftir aðeins 3.995,-**

**Flotgæsir aðeins 2.995,-**

## HAGLASKOT

## GÓÐ SKOT Á GÓÐU VERÐI

RIO

### RIO HAGLASKOT

Rio haglaskot. Rio skotin hafa verið framleidd síðan 1896. Rio skotin hafa svo sannarlega slegið í gegn meðal íslenskra skotmanna.

- 36 gr. rjúpnaskot aðeins **1.595 kr.** pakkinn (25 skot)
- 42 gr. gæsaskot aðeins **1.895 kr.** pakkinn (25 skot)
- 50 gr. magnum skot aðeins **2.395 kr.** pakkinn (25 skot)
- 24 gr. og 28 gr leirdúfuskot með blýhöglum. **995 kr.** pakkinn (25 skot)



Sellier & Bellot

### SELLIER & BELLOT HAGLASKOT

Framleidd síðan 1825. Vinsæl og vönduð skot á góðu verði.

- 36 gr. rjúpnaskot aðeins **1.695 kr** pakkinn (25 skot)
- 42,5 gr. gæsaskot aðeins **2.195 kr** pakkinn (25 skot)
- 53 gr. geysiöflug Magnum skot. Aðeins **2.595 kr** pakkinn (25 skot)
- 24 gr. leirdúfuskot með blýhöglum. **995 kr** pakkinn (25 skot)

**GOTT TILBOÐ!**

**Þú færð 15% afslátt af ódýru 36 gr. rjúpnaskotunum keyptum með gæsaskotum.**

## SPORTBÚÐIN

**KRÓKHÁLSI 4 - SPORTBUDIN.IS - SÍMI 517 8050**

*Í leiðinni úr bænum*

**MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16**



**63 ÁRA AFMÆLI** fagnar leikarinn Richard Gere í dag. Von er á tveimur nýjum myndum með kappanum á næsta ári.

# Grín á þremur tungumálum

Uppistandarinn DeAnne Smith frá Montreal og Freddie Rutz, svissneskur grínisti og töframaður, koma fram á Iceland Comedy Festival 2012 sem verður haldin í september á Gamla Gauknum og í Gamla kaupfélaginu á Akranesi. Rökkvi Vésteinsson stendur fyrir komu þeirra og mun hann einnig troða upp.

DeAnne Smith er bandarískur uppistandari, búsett í Montreal. Síðan hún byrjaði í uppistandi árið 2005 hefur hún verið einn af helstu uppistöndurum Montreal og komið fram úti um allan heim, þar á meðal í þættinum Last Comic Standing á sjónvarpsstöð NBC, The Comedy Network. Í fyrra kom hún óvænt fram hér á landi og þótti standa sig vel. DeAnne og Rökkvi kynntust í Montreal þegar DeAnne var að byrja í bransanum og hafa oft komið fram saman gegnum árin.

Rutz er grínisti, töframaður og dansari. Á síðasta ári mætti hann með grínsýninguna sína á Edinburgh Fringe Festival. Rökkvi og Rutz ætla að vera með uppistand á þýsku saman en alls verða þrjú tungumál notuð á hátíðinni, eða enska, íslenska og þýska.



**DEANNE SMITH** Uppistandarinn DeAnne Smith kemur fram á Iceland Comedy Festival.

# Fagrir kjólar í Feneyjum

**Kvikmyndahátíðin í Feneyjum fer fram þessa dagana en þetta er í 69. sinn sem hátíðin er haldin. Opnunarhátíðin fór fram með pompi og prakt á miðvikudagskvöldið þar sem ekki síst síðkjólarnir vöktu athygli. Kate Hudson kastaði stjörnublæ á samkomuna þar sem hún kom í gullkjól með unnusta sinn Matt Bellamy upp á arminn. Hudson leikur aðalhlutverkið í myndinni The Reluctant Fundamentalist sem var opnunarmynd hátíðarinnar.**







1 **FLOTT PAR** Leikarahjónin Naomi Watts og Liev Schreiber tóku sig vel út.

2 **STJÖRNUPAR** Kate Hudson og Matt Bellamy vöktu mikla athygli ljósmyndara. Gullkjóll leikkonunnar og sólgleraugu söngvarans vöktu athygli.

3 **MARGLITT** Brasilíska fyrirsætan Natalia Borges klæddist marglitum síðkjól á rauða dreglinum.

4 **RAUÐKLÆDD** Pólska leikkonan Kasia Smutniak í fallegum síðkjól.

5 **HVÍTT** Ítalska sjónvarpsstjarnan Fiammetta Cicogna klæddi sig upp fyrir opnunarhátíðina.

6 **SMART** Ítalska leikkonan Daniela Virgilo í smekklegum kjól.

NORDICPHOTOS/GETTY

REYKJAVÍK JAZZ
20 12
1. SEPTEMBER
HARPA
JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR
ALL WE ARE SAYING
Bill Frisell og hljómsveit spila tónlist eftir John Lennon


PORT hönnun
www.reykjavikjazz.is

Haustönn hefst 3.september
Ný og fjölbreytt stundarskrá

OPIÐ HÚS
Laugardaginn 1. september
Verið hjartanlega velkomin

Dagskrá:
10.15-11.30 Hatha flæði
11.45-13.00 Meðgöngujóga
14.00-15.15 Karlajóga
15.30-16.45 Kundalini jóga
17.00-18.00 Yoga Nidra

www.jogasetrid.is


Velkomin í JÓGASETRIÐ
Auður Bjarnadóttir Jógasetrið, Borgartúni 20



**Í TÓNLEIKAFERÐ** Dad Rocks! er á leiðinni í tónleikaferð um England og Skotland.

# Dad Rocks! á tónleikaferð

Dad Rocks! er á leiðinni í tónleikaferð um England og Skotland í október. Þar mun hann hita upp fyrir hina tilraunakenndu ensku hljómsveit Tall Ships.

Dad Rocks! er hugarfóstur Snævars Albertssonar, sem hefur búið í Danmörku frá unglingsaldri. Hann gaf á síðasta ári út sína fyrstu plötu, Mount Modern, sem fékk mjög góðar viðtökur bæði hér heima og erlendis. Mörg lögin fjölluðu um það að eignast krakka og að vera pabbi og þóttu textarnir sérlega hnyttnir.

# Náðu efsta sæti á breska iTunes

Plata Of Monsters and Men, My Head is an Animal, kom út í Bretlandi á mánudaginn og náði strax efsta sætinu á sölulista iTunes þar í landi.

„Við erum í efsta sæti á iTunes í Bretlandi. Kærar þakkir til allra sem keyptu plötuna í dag,“ skrifaði sveitin á Twitter-síðu sína. Þessi árangur er í takt við vinsældirnar í Bandaríkjunum þar sem platan náði öðru sæti á iTunes skömmu eftir að hún kom þar út og einnig sjötta sætinu á Billboard-listanum.

Breskir fjölmiðlar hafa farið lofsamlegum orðum um Of Monsters and Men að undanförnu. Blaðamaður BBC segir að Bretar hafi verið lengi að meðtaka Of Monsters and Men. Eins og margir aðrir líkir hann hljómsveitinni við hina ensku Mumford and Sons og segir báðar sveitir hafa einfaldleikann og grípandi lög að leiðarljósi. „Ekkert á þessari plötu kemur á óvart en stöðugleikinn er mikill. Hérna er ekki eitt slakt lag,“ skrifar hann.

Blaðamaður vefsíðunnar Digital Spy gefur plötunni fjórar stjörnur af fimm mögulegum og segir að með henni sé öruggt að Of Monsters verði á tónleikaferð um heiminn næstu árin. The Guardian gefur henni fjórar af fimm og segir löngu tímabært að hljómsveitin slái í gegn í Bretlandi.

The Observer gefur sveitinni reyndar aðeins tvær stjörnur og segir plötuna innantóma sem sé synd því söngvararnir Nanna Bryndís Hilmarsdóttir og Ragnar Þórhallsson séu íslenska útgáfan af Kim Deal og Frank Black úr rokksveitinni Pixies. **- fb**



**VINSÆL Í BRETLANDI** Of Monsters and Men á hátíðinni Rock En Seine í París. Hljómsveitin virðist ætla að taka Bretlandseyjar með trompi. NORDICPHOTOS/GETTY



**MICHAEL J. FOX** Leikarinn smávaxni ætlar að snúa aftur í sjónvarpið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Snýr aftur í sjónvarpið

Michael J. Fox ætlar að snúa aftur í sjónvarpið í nýjum sjónvarpsþáttum sem verða lauslega byggðir á ævi hans. 22 þættir verða framleiddir fyrir sjónvarpsstöðina NBC.

Fox leikur þriggja barna föður sem býr í New York-borg og þarf að sinna fjölskyldunni, vinnunni og takast á við heilsuvandamál sín. Persóna hans verður með Parkinson-sjúkdóminn, rétt eins og Fox sjálfur. Hann sló fyrst í gegn í þáttunum Family Ties á níunda áratugnum en hefur lítið leikið undanfarinn áratug. Þó hefur hann leikið gestahlutverk í Curb Your Enthusiasm og The Good Wife við góðar undirtektir.



**FYRSTA PLATAN** The Heavy Experience hefur gefið út sína fyrstu stóru plötu.

# Kvintett með Slowscope

Kvintettinn The Heavy Experience hefur sent frá sér sína fyrstu stóru plötu, Slowscope. Áður hefur sveitin gefið út samnefnda stuttskífu.

Tónlist The Heavy Experience er illlýsanleg blanda drunutónlistar og djass; einföld en ákveðin, þunglamaleg en skýr.

Slowscope kemur aðeins út á 12 tommu hljómplötu, en platan er skorin í 180 gramma jómfrúarvínylblöndu. Þess ber að geta að geisladiskur fylgir vínylplötunni. Útgefendur eru Kimi Records og Úsland, útgáfufélag hljómsveitarinnar.




**Ódýrast!**
www.bensinverd.is sýnir þér hvar lítrinn er ódýrastur

# Ofurdagur




# 7 kr.

## afsláttur af lítrann í dag*




Öll Skeljungskort gilda líka á Orkustöðvunum.

Orkulykillinn opnar þér leið að lægra verði á **67 Orku- og Shellstöðvum** um allt land

Ódýrari, einfaldari og þægilegri eldsneytiskaup með Orkulyklinum. Þú borgar með Orkulyklinum, lækkar eldneytiskostnaðinn og nýtur sérkjara hjá fjöldanum öllum af samstarfsaðilum okkar.
Vinsamlegast athugið að Ofurdagsafsláttur bætist ekki við aðra afslætti.

Sæktu um Orkulykilinn í dag á **www.orkan.is**

ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

*Þegar greitt er með lyklum og kortum Orkunnar og Staðgreiðslukorti Skeljungs.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM49890

# sport

sport@frettabladid.is



**HELGI VALUR DANÍELSSON** og félagar í sænska liðinu AIK tryggðu sér í gær sæti í riðlakeppni Evrópudeildar UEFA með ótrúlegum 2-0 sigri á CSKA Moskvu í Rússlandi í gær. AIK vann samanlagt 2-1 en heimamenn sóttu nánast látlaust í gær án þess að skora. Helgi Valur spilaði allan leikinn fyrir AIK.

## ÚRSLIT

### Undankeppni EM

**Serbía - Ísland** **114-58 (66-29)**
Stig Íslands: Jakob Örn Sigurðarson 14, Hlynur Bæringsson 12, Logi Gunnarsson 7, Helgi Már Magnússon 6, Ægir Steinarsson 5, Sigurður Þorsteinsson 4, Brynjar Þór Björnsson 3, Helgi Pálsson 3, Jón Arnór Stefánsson 2, Pavel Ermolinskij 2.

### Pepsi-deild karla

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **17** | **12** | **2** | **3** | **40-17** | **38** |
| KR | 17 | 9 | 4 | 4 | 32-22 | 31 |
| **ÍBV** | **17** | **8** | **3** | **6** | **28-16** | **27** |
| ÍA | 17 | 8 | 3 | 6 | 27-31 | 27 |
| **Stjarnan** | **17** | **6** | **8** | **3** | **35-31** | **26** |
| Valur | 17 | 8 | 0 | 9 | 28-25 | 24 |
| **Keflavík** | **17** | **7** | **3** | **7** | **27-27** | **24** |
| Breiðablik | 17 | 6 | 5 | 6 | 18-22 | 23 |
| **Fylkir** | **17** | **6** | **5** | **6** | **22-30** | **23** |
| Fram | 17 | 5 | 2 | 10 | 23-29 | 17 |
| **Selfoss** | **17** | **4** | **3** | **10** | **24-34** | **15** |
| Grindavík | 17 | 2 | 4 | 11 | 23-43 | 10 |

### Evrópudeild UEFA

**Liverpool - Hearts** **1-1**
0-1 David Templeton (84.), 1-1 Luis Suarez (87.). Liverpool vann samanlagt, 2-1.

**AIK - CSKA Moskva** **2-0**
AIK vann samanlagt, 2-1.

**Newcastle - Atromitos** **1-0**
Newcastle vann samanlagt, 2-1.

*Öll úrslit úr leikjum gærdagsins má sjá á Vísi.*

### Enski deildarbikarinn

**Wolves - Northampton** **3-1**
Björn Bergmann Sigurðarson og Eggert Gunnþór Jónsson voru báðir í byrjunarliði Wolves.

Undankeppni EM:

## Risastórt tap Íslands í Serbíu

**KÖRFUBOLTI Ísland mátti þola 56 stiga tap fyrir Serbíu í undankeppni EM ytra í gær, 114-58. Ísland er í næstneðsta sæti riðilsins með einn sigur í sex leikjum.**

**Ísland komst í 5-2 forystu í upphafi leiks en þá komu þrettán serbnesk stig í röð. Heimamenn litu ekki um öxl og hreinlega stungu strákana af.** - esá

### Lið 17. umferðar

**Markvörður**
Ögmundur Kristinsson, Fram

**Varnarmenn**
Arnór Eyvar Ólafsson, ÍBV
Ármann Smári Björnsson, ÍA
Alexander Scholz, Stjarnan

**Miðjumenn**
Finnur Ólafsson, Fylkir
Tómas Leifsson, Selfoss
Rúnar Már Sigurjónsson, Valur
Einar Karl Ingvarsson, FH

**Sóknarmenn**
Kristinn Ingi Halldórsson, Fram
Kolbeinn Kárason, Valur
Garðar Bergmann Gunnlaugsson, ÍA

# FH-ingar með pálmann í höndunum

**FH er komið með sjö stiga forskot í Pepsi-deild karla eftir sterkan 2-0 sigur á ÍBV í gær. Eyjamenn eru úr leik í baráttunni um titilinn og það þarf mikið að gerast svo FH verði ekki Íslandsmeistari í ár.**

**FÓTBOLTI** FH er með afar þægilega stöðu eftir sigurinn á ÍBV í gær. Leikurinn var leikur tveggja hálfleikja. FH hefði átt að afgreiða leikinn í fyrri hálfleik en hleypti ÍBV inn í þeim seinni og litlu mátti muna að ÍBV hefði jafnað.

FH hafði ótrúlega yfirburði í fyrri hálfleik. Þeir réðu lögum og lofum strax frá fyrstu mínútu og byrjuðu strax að þjarma að hálfdaufum Eyjamönnum.

Atli Guðnason fékk fyrsta dauðafæri leiksins en lét verja frá sér. Björn Daníel kom þó FH yfir eftir rúmlega korter. Hann fékk þá laglega sendingu í teiginn frá Guðjóni Árna og afgreiddi sendinguna smekklega í fjærhornið. Flott mark.

Öll færi fyrri hálfleiks voru FH-inga og Einar Karl hefði átt að skora er hann komst einn í gegn eftir að Tonny hafði dottið fyrir framan teiginn. Skot hans fór í slána. Fjölmargar sóknaraðgerðir FH-inga sköpuðu usla en það sama verður ekki sagt um ÍBV.

### Vannýtt færi FH-inga

Sóknarleikur liðsins var í algjörum molum og varnarmenn FH svitnuðu varla við að brjóta niður hugmyndasnauðar og máttlausar sóknaraðgerðir gestanna. Þess utan slitnaði allt of mikið á milli varnar og miðju hjá ÍBV og FH fékk fjölmargar skyndisóknir þar sem voru þrír á móti þremur eða tveir á móti tveimur. Það var ekki ÍBV að þakka að FH skyldi ekki nýta færin sín en með réttu hefði þessi leikur átt að vera búinn í hálfleik. FH fékk svo sannarlega færin til þess að ganga frá leiknum.

ÍBV nýtti sér það í síðari hálfleik að vera enn inni í leiknum. Andri Ólafsson kom af bekknum og smám saman náði ÍBV tökum á leiknum. Leikurinn snerist algjörlega við er Eyjamenn tóku loksins við sér. Þeir settu FH undir mikla pressu og voru ekki fjarri því að jafna. Að sama skapi opnaðist vörn þeirra illilega við pressuna en sem fyrr voru sóknarmenn FH-inga klaufar upp við mark gestanna.

### Tryggvi kominn úr agabanni

Margir vildu sjá Tryggva Guðmundsson koma inn af bekknum en hann var í fyrsta skipti í leikmannahópi ÍBV eftir verslunarmannahelgi. ÍBV hefði ekki veitt af töfrum Tryggva í teignum þegar þeir pressuðu hvað mest og í raun óskiljanlegt að Magnús Gylfason, þjálfari ÍBV, skyldi ekki henda honum inn á völlinn fyrr í þessum mikilvæga leik fyrst hann var á annað borð að kalla á hann í hópinn á nýjan leik.

### Mánaðarbann og fjórir leikir

„Upphaflega þegar Tryggvi fór í bann hugsaði ég mér mánaðarbann og fjóra leiki. Ef hann myndi standa sig þá var möguleiki á að hann kæmi aftur inn í hópinn. Hann gerði það og æfði vel. Hann er kominn úr banni og tiltækur aftur. Ég hefði sett hann inn fyrr ef ég hefði vitað að hann skoraði.

Mér fannst liðið bara vera að spila svo vel er við pressuðum þá að ég setti hann ekki inn. Kannski hefði ég átt að skipta fyrr inn en maður veit aldrei,“ sagði Magnús um Tryggva og bætti við að Tryggvi myndi spila áfram með liðinu ef hann færi eftir þeim reglum sem væru settar.

„Við erum enn að berjast um Evrópusæti og hættum ekki. Við eigum samt ekki séns á titlinum lengur. Það er alveg ljóst,“ sagði Magnús svekktur en hann var alls ekki ánægður með fyrri hálfleikinn hjá sínu liði enda voru hans menn engan veginn tilbúnir í slaginn þá.

> Vítin eru til staðar. Manchester United klúðraði niður forskoti síðasta vetur og Keflavík átti átta stig á FH árið 2008.
>
> **HEIMIR GUÐJÓNSSON** ÞJÁLFARI FH

### Víti til varnaðar

Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, var hýr á brá eftir leikinn enda tók hans lið risaskref í átt að titlinum.

„Við erum þar sem við viljum vera. Vítin eru samt til staðar. Manchester United klúðraði niður forskoti síðasta vetur og Keflavík átti átta stig á FH árið 2008. Við getum bara tekið fyrir einn leik í einu. Nú er þetta í okkar höndum og þannig viljum við hafa það. Ef við förum fram úr okkur og fögnum núna þá lendum við í vandræðum,“ sagði Heimir kátur.

Næstu leikir í deildinni fara fram á sunnudag en FH-ingar mæta Keflvíkingum á mánudagskvöld.

henry@frettabladid.is



**ÓHRÆDDUR** Abel Dhaira átti góðan leik í marki ÍBV í gær. Hér er hann kominn langt frá marki sínu í baráttu við Guðjón Árna Antoníusson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### FH 2-0 ÍBV

*1-0 Björn Daníel Sverrisson (16.)*
*2-0 Kristján Gauti Emilsson (90+3.)*
Vodafone-völlurinn, áhorf.: 1.960
Dómari: Þorvaldur Árnason (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–13 (9–5) |
| Varin skot | Gunnleifur 4 – Abel 5 |
| Horn | 7–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–17 |
| Rangstöður | 1–2 |

**FH 4–3–3** Gunnleifur Gunnleifsson 7 – Danny Thomas 6, Freyr Bjarnason 7, Pétur Viðarsson 6 (72., Kristján Gauti Emilsson -), Guðjón Árni Antoníusson 6 – ***Björn Daníel Sverrisson 7**, Bjarki Gunnlaugsson 6, Hólmar Örn Rúnarsson 6 – Einar Karl Ingvarsson 6 (65., Guðmann Þórisson 5), Atli Guðnason 7, Albert Brynjar Ingason 6.

**ÍBV 4–3–3** Abel Dhaira 7 – Matt Garner 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 6, Rasmus Christiansen 6, Arnór Eyvar Ólafsson 6 – George Baldock 4, Þórarinn Ingi Valdimarsson 4 (85. Tryggvi Guðm. -), Guðmundur Þórarinsson 7 – Tonny Mawejje 6, Víðir Þorvarðarson 4 (46., Andri Ólafsson 7), Christian Olsen 6.




Kolbeinn Kárason er besti leikmaður 17. umferðar Pepsi-deildar karla::

# Það ruglar enginn neitt í mér

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Kárason skoraði tvívegis í 4-0 sigrinum á Keflavík í 17. umferð Pepsi-deildar karla. Valur vann einnig 4-0 sigur í fyrri leiknum og virðist henta liðinu vel að mæta Bítlastrákunum af Reykjanesinu.

„Lokatölurnar gefa rétta mynd af leiknum og við hefðum getað unnið enn stærri sigur að mínu mati. Ég man ekki eftir því að þeir hafi átt færi í leiknum og heldur ekki í fyrri umferðinni,“ segir framherjinn sem hefur skorað sjö mörk í deildinni og er á meðal markahæstu manna, aðeins 21 árs að aldri.

Óhætt er að segja að skipst hafi á skin og skúrir hjá Valsmönnum í sumar. Nánast ríkir sú regla að liðið vinni og tapi leikjum til skiptis. Því væri margt vitlausara en að spá Hlíðarendapiltum tapi í leik liðsins á sunnudag gegn Stjörnunni.



„Við ætlum að breyta þessu jójógengi okkar,“ segir Kolbeinn sem tók sér frí frá knattspyrnu að loknu sínu fyrsta ári í öðrum flokki. Þá var Kolbeinn 18 ára og segist hreinlega hafa fengið leiða á fótbolta.

„Gunnlaugur Jónsson, sem þá þjálfaði Val, fékk mig til að mæta á æfingar aftur,“ segir Kolbeinn sem var í leikmannahópi Vals í síðasta leik Íslandsmótsins sumarið 2010. Síðan þá hefur hann æft af krafti undir stjórn Kristjáns Guðmundssonar og Freys Alexanderssonar og ber þeim vel söguna sem og liðsfélögum sínum.

„Það er stutt í húmorinn í Valsliðinu. Menn eru góðir vinir og fínasta stemning. Það eru einhverjir hrekkjarar í liðinu. Ásgeir Ingólfs og Kiddi (Kristinn Freyr Sigurðarson) og fleiri sem eru alltaf hver að stríða öðrum. Það er ekkert alvarlegt samt,“ segir Kolbeinn aðspurður um hvort leikmenn þurfi að vera varir um sig hver gagnvart öðrum í búningsklefanum.

„Það er enginn samt að rugla neitt í mér,“ segir Kolbeinn léttur en framherjinn stæðilegi gat sér gott orð í hnefaleikum á sínum tíma. Hann hefur þó enga löngun til þess að ræða hnefaleikaferil sinn frekar.

„Ég er fótboltamaður, ekki boxari,“ segir Kolbeinn. - ktd


Síminn
ICELANDAIR
10-11
... alltaf opið
Coca-Cola
SPORT 2 HD
LIVERPOOL
ARSENAL
SUNNUDAG KL. 12.00
TRYGGÐU ÞÉR
ÁSKRIFT NÚNA
512 5100 | STOD2.IS
SANNKALLAÐIR STÓRLEIKIR Í ENSKA BOLTANUM Í SEPTEMBER
Liverpool - Man. Utd
Anfield Road, 23. september
Arsenal - Chelsea
The Emirates, 29. september
Man. City - Arsenal
Etihad Stadium, 23. september
Man. Utd. - Tottenham
Old Trafford, 29. september
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**KOLBEINN** Hér í leik með Ajax í hollensku úrvalsdeildinni. NORDICPHOTOS/AFP

Dregið í Meistaradeildinni:

## Kolbeinn mætir City og Real

**FÓTBOLTI Dregið var í riðla í Meistaradeild Evrópu í gær og annað árið í röð munu Kolbeinn Sigþórsson og félagar hans í Ajax leika gegn Real Madrid. Í sama riðli eru einnig Englandsmeistarar Manchester City og Dortmund sem varð tvöfaldur meistari í Þýskalandi á síðasta tímabili.**

**Evrópumeistarar Chelsea mæta Juventus en bæði Manchester United og Arsenal fengu auðveldari verkefni. Þá ætti Barcelona að eiga greiða leið í 16-liða úrslit keppninnar.** - esá

**RIÐLARNIR Í MEISTARADEILDINNI**

**A-riðill:** Porto, Dynamo Kiev, PSG, Dinamo Zagreb.
**B-riðill:** Arsenal, Schalke, Olympiacos, Montpellier.
**C-riðill:** AC Milan, Zenit St. Petersburg, Anderlecht, Malaga.
**D-riðill:** Real Madrid, Manchester City, Ajax, Dortmund.
**E-riðill:** Chelsea, Shaktar Donetsk, Juventus, Nordsjælland.
**F-riðill:** Bayern München, Valencia, Lille, BATE Borisov.
**G-riðill:** Barcelona, Benfica, Spartak Moskva, Celtic.
**H-riðill:** Manchester United, Braga, Galatasaray, Cluj.

# STJARNAN VÆRI STUNGIN AF EF FLAUTAÐ VÆRI AF Í HÁLFLEIK

**Stjörnumenn hafa aðeins unnið einn af síðustu sex leikjum í Pepsi-deildinni og eiga ekki lengur möguleika á titlinum. Staðan væri allt önnur ef leikir sumarsins hefðu verið flautaðir af eftir 45 mínútur.**

**FÓTBOLTI** Stjörnumenn komust yfir í bikarúrslitaleiknum á móti KR og hafa oftar en ekki verið með flotta stöðu í hálfleik í sumar. Fótboltaleikir standa hins vegar í 90 mínútur og seinni hálfleikir sumarsins hafa séð til þess að Stjarnan fékk silfur í bikarnum og keppir ekki við FH og KR um Íslandsmeistaratitilinn.

Stjörnumenn hafa bara unnið einn af síðustu sjö leikjum sínum í deildinni og hafa fyrir vikið dottið niður í fimmta sæti. Þeir væru hins vegar með örugga forystu á toppnum hefðu allir leikir sumarsins verið flautaðir af í hálfleik.

Stjörnumenn eru aðeins búnir að vera tvisvar sinnum undir í hálfleik í Pepsi-deildinni í sumar og jafnteflisleikurinn á móti ÍBV í síðustu umferð var ellefti leikur Garðbæinga í sumar þar sem þeir komu með forystu inn í hálfleik. Ekkert lið hefur skorað meira á fyrstu fimmtán mínútum leikjanna og Stjarnan hefur skorað fyrsta markið í 65 prósent leikja sinna í sumar.

Það eru sjö leikir síðan Stjörnuliðið var undir í hálfleik en það gerðist síðast í 1-1 jafntefli liðsins á móti Breiðabliki 16. júlí síðastliðinn. Það er jafnframt síðasti leikurinn sem Garðbæingum tókst að vinna seinni hálfleikinn.

Fyrir sex leikjum áttu Garðbæingar möguleika á því að blanda sér af fullum krafti í baráttuna um Íslandsmeistaratitilinn en slæmir seinni hálfleikir hafa kostað liðið 8 stig í síðustu sex leikjum og það munar um minna í slagnum við FH, KR og ÍBV. Þrjú efstu liðin hafa öll gert miklu betur í seinni hálfleik en Stjörnumenn.

FH-ingar hafa sjö stiga forystu á toppi deildarinnar enda búnir að vinna tólf leiki í fyrstu 17 umferðunum en Hafnfirðingar leggja grunninn að flestum þeirra eftir hálfleiksræðu Heimis Guðjónssonar. FH-liðið hefur bara sjö sinnum verið yfir í hálfleik í sumar.

KR-ingar hafa aðeins unnið tvo af síðustu sjö fyrri hálfleikjum sínum sem hefur ekki hjálpað liðinu í baráttunni við FH og er án vafa ein af ástæðum þess að Vesturbæjarliðið hefur bara náð í 9 af síðasta 21 stigi í boði.

Eyjamenn eru aðeins í 8. sæti á þessum lista en þeir hafa skorað 20 af 28 mörkum sínum í sumar í seinni hálfleik sem hefur hjálpað liðinu mikið við að landa stigum í sínum leikjum.

Hér til hliðar má síðan sjá stöðuna í „fyrri hálfleiks deildinni“.

**ooj@frettabladid.is**



**KOMUST YFIR** Stjörnumenn fagna hér marki Garðars Jóhannssonar í bikarúrslitaleiknum en hann skoraði strax á sjöttu mínútu leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**Pepsi-deild karla ef flautað væri af í hálfleik**

| | |
|---|---|
| 1. Stjarnan | 37 stig (Markatala: 20-11) |
| 2. FH | 28 stig (14-7) |
| 3. KR | 25 stig (12-7) |
| 4. Valur | 25 stig (11-10) |
| 5. Keflavík | 23 stig (11-7) |
| 6. Breiðablik | 21 stig (5-5) |
| 7. ÍA | 19 stig (9-14) |
| 8. ÍBV | 19 stig (8-8) |
| 9. Fram | 19 stig (6-12) |
| 10. Selfoss | 16 stig (11-11) |
| 11. Grindavík | 16 stig (7-13) |
| 12. Fylkir | 16 stig (7-15) |






**ÓLAFUR** Er í hvíld frá handbolta en gaf þó Aroni landsliðsþjálfara ekki afsvar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aron búinn að ræða við alla landsliðsmennina:

## Ólafur tekur sér hvíld

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson, nýr landsliðsþjálfari karla í handbolta, hefur lokið við að ræða við alla leikmenn sem voru með landsliðinu á Ólympíuleikunum. Aron fékk jákvæð viðbrögð frá öllum leikmönnum og það er aðeins Ólafur Stefánsson sem ætlar ekki að vera með íslenska liðinu í leikjunum í undankeppni EM í október og nóvember.

Aron ræddi niðurstöður viðtala sinna við landsliðsmennina í viðtali við Guðjón Guðmundsson í kvöldfréttum Stöðvar 2.

„Menn voru heilt yfir mjög svekktir eftir Ólympíuleikana og með það að detta svona óvænt út. Það svekkelsi sat í sumum. Einhverjir eru að skipta um lið og fóta sig á nýjum stað, finna húsnæði og svo framvegis. Annars voru menn heilt yfir jákvæðir og spenntir fyrir komandi verkefnum,“ sagði Aron.

„Ólafur Stefánsson ætlar að taka sér frí eins og staðan er. Hann er ekki með neitt lið og er í fríi frá handknattleik í einhvern tíma. Það er ólíklegt að hann verði með íslenska landsliðinu í framtíðinni en hver veit nema hann taki upp skóna eftir áramótin og spili einhvers staðar,“ segir Aron.

„Það var enginn leikmaður sem sagði þvert nei og almennt voru menn jákvæðir fyrir utan svekkelsið á Ólympíuleikunum. Snorri Steinn [Guðjónsson] er með allt í lausu lofti og þarf að finna sér lið og komast yfir svekkelsið. Ég ákvað að gefa honum tíma og ræða við hann þegar hann er kominn með sitt á hreint,“ sagði Aron.

Aron reiknar eins og áður sagði ekki með Ólafi Stefánssyni í komandi verkefni. „Nei, ég geri það ekki. Ólafur er kominn í frí og meðan hann er ekki að spila fyrir neitt félagslið þá er hann ekki gjaldgengur í landsliðið. Við sjáum bara til hvað hann gerir eftir áramótin,“ sagði Aron.

Fyrsti leikur landsliðsins undir stjórn Arons verður gegn Hvíta-Rússlandi þann 31. október næstkomandi. Hann fer fram í Laugardalshöllinni. - óój

# ÚTSÖLULOK

## Á SUNNUDAGINN



# 30%

## AF ÖLLUM VÖRUM*

**GILDIR AF OUTLET VERÐUM**

ATH! • TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR • ALLA DAGA •

*Gildir ekki af DVD-diskum

## VERÐDÆMI!

- **Zöru jakki fyrir dömur** — 80% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði
  Upphaflegt verð: kr. 16.995
  Outlet verð: kr. 4.000
  **Nú með 30% afslætti: kr. 2.800**
- **Saints peysa fyrir dömur** — 65% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði
  Upphaflegt verð: kr. 9.990
  Outlet verð: kr. 4. 995
  **Nú með 30% afslætti: kr. 3.496**
- **Wrangler gallabuxur fyrir herra** — 65% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði
  Upphaflegt verð: kr. 17.490
  Outlet verð: kr. 8.990
  **Nú með 30% afslætti: kr. 6.293**
- **Oasis kjóll** — 80% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði
  Upphaflegt verð: kr. 15.990
  Outlet verð: kr. 4.797
  **Nú með 30% afslætti: kr. 3.358**
- **Zöru jakki fyrir herra** — 80% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði
  Upphaflegt verð: kr. 11.995
  Outlet verð: kr. 3.000
  **Nú með 30% afslætti: kr.2.100**
- **Wrangler gallajakki fyrir herra** — 60% AFSLÁTTUR af upphaflegu verði
  Upphaflegt verð: kr. 16.890
  Outlet verð: kr. 9.490
  **Nú með 30% afslætti: kr. 6.643**

**AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ VERIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!**

KORPU OUTLET

TAX FREE

**STÆRSTA OUTLET LANDSINS!**

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

# dagskrá



## > Stöð 2 Sport kl. 18.30
## Chelsea – Atletico Madrid

***Bein útsending frá leik Chelsea og Atletico Madrid um titilinn Meistarar meistaranna í Evrópu. Chelsea sigraði í Meistaradeild Evrópu og Atletico Madrid í Evrópudeildinni á sl. keppnistímabili. Þar mætir Fernando Torres, framherji Chelsea, upp-eldisfélagi sínu en hann hóf fótboltaferilinn hjá Atletico Madrid.***

## VIÐ TÆKIÐ HALLFRÍÐUR Þ. TRYGGVADÓTTIR GEFUR RÁÐ

# *Kvikmynd betri en galdraseyði*

Ertu rúmliggjandi með flensu og þráir ekkert heitar en að vera stálhress og vinnufær? Þá ættir þú að setjast fyrir framan sjónvarpið og leigja góða mynd. Ekki bara dreifir það huganum heldur skemmtir og, viti menn, læknar. Það gerði allavega kraftaverk fyrir mig.

Eftir að hafa soðið engifer, drukkið sólhatt og sofið í tíma sem ætti að vera nálægur heimsmeti, að minnsta kosti sló ég heimsmet hjá sjálfri mér, ákvað ég að leigja Midnight in Paris eftir Woody Allen og ég varð ekki fyrir vonbrigðum.

Fyrst og fremst dýrka ég aðalleikarann Owen Wilson af óútskýranlegri ástæðu. Ef til vill elska ég að hata hann og að hann skuli með sínum vandræðalegum töktum ferðast aftur til Parísar á þriðja áratugnum að næturlagi þótti mér brilljant. Þar hitti hann, sem Hollywood-handritshöfundur við skrif á fyrstu skáldsögu sinni, goðin Hemingway, Picasso og Fitzgerald-hjónin. Á sama tíma er verðandi eiginkona hans fjarri góðu gamni með foreldrum og vinum í París ársins 2010.



Ef til vill er þessi flækja ekki allra en ég lýg ekki þegar ég segi að innlifun mín inn í charleston-tíma Parísar hafi framkallað eitthvað sem sterkt galdraseyði getur ekki. Því mæli ég með lækningamætti kvikmynda.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Söngleikir okkar tíma **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Sjáið tindinn - þarna fór ég **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Seiðandi söngrödd **20.00** Leynifélagið **20.30** Hringsól **21.30** Kvöldsagan: Draumur um Ljósaland **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Liðast um landið **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.15 Guðrún Á. Símonar** (e) Dagskrá um söngkonuna sem var einn af mestu listamönnum þjóðarinnar um sína daga.
**17.20 Snillingarnir**
**17.44 Bombubyrgið**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Gómsæta Ísland** (3:6) (Delicious Iceland) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Hundar í háloftum** (Space Buddies) Nokkrir hundar halda út í geim og lenda í ýmsum uppákomum.
**21.00 Eitt ár enn** (Another Year) Mynd um ár í lífi hamingjusamra hjóna og samskipti þeirra við vansæla ættingja og vini. Leikstjóri er Mike Leigh og meðal leikenda eru Jim Broadbent og Ruth Sheen.
**23.10 Hver myrti Rauðhettu?** (2:2) (Who Killed Little Red Riding Hood?) Frönsk mynd í tveimur hlutum. Ung stúlka finnst stórslösuð í skurði við vegarkant í útjaðri smábæjar og við hlið hennar liggur vinur hennar látinn. Hann er með úlfsgrímu og hún með rauðhettugrímu. Lögreglan fer á stúfana og reynir að fá botn í þetta dularfulla mál. Meðal leikenda eru Marie-France Pisier, Quentin Baillot og Thomas Jouannet. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.50 Hinn sanni Dan** (Dan in Real Life) Bandarísk bíómynd frá 2007 um mann sem kemst að því að konan sem hann varð ástfanginn af er kærasta bróður hans. Leikstjóri er Peter Hedges og meðal leikenda eru Steve Carell, Juliette Binoche, Dane Cook, Dianne Wiest og John Mahoney.
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Stuck On You**
**10.00 That Thing You Do!**
**12.00 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**14.00 Stuck On You**
**16.00 That Thing You Do!**
**18.00 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**20.00 Bridesmaids**
**22.00 The Mist**
**00.05 Murder by Numbers**
**02.05 One Last Dance**
**04.00 The Mist**
**06.05 Big Stan**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In The Middle** (3:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (135:175)
**10.15 Sjálfstætt fólk** (16:30)
**10.50 Sprettur** (3:3)
**11.20 Cougar Town** (11:22)
**11.45 Jamie Oliver's Food Revolution** (4:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid** Sígildur vestri með Paul Newman og Robert Redford, sem leika útlaga á flótta undan vægðarlausum hópi sérsveitar lögreglunnar. Hvort sem leiðin liggur yfir fjöll, gegnum þorp eða yfir ár þá er hópurinn alltaf rétt handan við hornið.
**14.45 Sorry I've Got No Head**
**15.15 Tricky TV** (12:23)
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**16.45 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 American Dad** (12:19)
**19.45 Simpson-fjölskyldan** (2:22)
**20.10 So You Think You Can Dance** (11:15) Stærsta danskeppni í heimi þar sem efnilegir dansarar fá tækifæri til að slá í gegn. Í hverri viku fá þeir krefjandi verkefni og í hverri viku fækkar í hópnum.
**21.35 Extract** Frábær gamanmynd þar sem Jason Bateman, Kristen Wiig og Ben Affleck fara á kostum.
**23.05 Virtuality** Hörkuspennandi framtíðartryllir með Nicolaj Coster-Waldau úr Game of Trones í aðalhlutverki.
**00.30 The Moon and the Stars** Rómantísk ástarsaga um leikara sem fella hugi saman við uppsetningu á Tosca.
**02.10 The Abyss** Magnþrungin spennumynd sem gerist í undirdjúpunum. Nokkrir færir frístundakafarar eru neyddir til að vinna hættulegt sérverkefni fyrir bandaríska flotann.
**04.55 Butch Cassidy and the Sundance Kid**

## 2 SPORT *besta sætið*

**08.00 Formúla 1: Belgía - Æfing 1** BEINT
**12.00 Formúla 1: Belgía - Æfing 2** BEINT
**14.50 Pepsi-deild kk: FH - ÍBV**
**16.40 Evrópud.: Liverpool - Hearts**
**18.30 Chelsea - Atl. Madrid** BEINT Frá leik um titilinn Meistarar meistaranna í Evrópu.
**20.45 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**21.15 La Liga Report**
**21.45 Tvöfaldur skolli**
**22.25 Chelsea - Atl. Madrid** Leikur um titilinn Meistarar meistaranna í Evrópu.
**00.10 UFC 119**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Sunnudagsmessan**
**16.50 Man. Utd. - Fulham**
**18.40 Tottenham - WBA**
**20.30 Premier League Show 2012/13**
**21.00 Premier League World 2012/13**
**21.30 Football League Show 2012/13**
**22.00 Premier League Show 2012/13**
**22.30 Aston Villa - Everton**
**00.20 Swansea - West Ham**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** (16:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 The Big Bang Theory** (18:24)
**20.05 2 Broke Girls** (17:24)
**20.30 How I Met Your Mother** (21:24)
**20.50 Up All Night** (5:24)
**21.15 Mike & Molly** (3:23)
**21.35 Veep** (2:8)
**22.00 Weeds** (6:13)
**22.30 Ellen**
**23.15 The Big Bang Theory** (18:24)
**23.35 2 Broke Girls** (17:24)
**00.00 How I Met Your Mother** (21:24)
**00.20 Up All Night** (5:24)
**00.45 Mike & Molly** (3:23)
**01.10 Veep** (2:8)
**01.35 Weeds** (6:13)
**02.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## POPP TÍVÍ

**17:00 Simpson-fjölskyldan**
**17:45 Íslenski listinn**
**18:10 Sjáðu**
**18:35 Glee** (12:22)
**19:20 Evrópski draumurinn** (6:6) Hörkuspennandi og skemmtilegur þáttur um tvö lið sem þeysast um Evrópu þvera og endilanga í kapphlaupi við tímann og freista þess að leysa þrautir og safna stigum. Liðin eru mönnuð þeim Audda og Steinda annars vegar og Sveppa og Pétri Jóhanni hins vegar.
**19:55 The Secret Circle** (2:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa allir yfir óvenjulegum hæfileikum.
**20:40 The Vampire Diaries** (2:22) Bandarísk þáttaröð um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár.
**21:20 Pretty Little Liars** (3:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**22:05 Breakout Kings** (2:13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**22:45 Evrópski draumurinn** (6:6)
**23:20 The Secret Circle** (2:22)
**00:05 The Vampire Diaries** (2:22)
**00:50 Pretty Little Liars** (3:25)
**01:35 Breakout Kings** (2:13)
**02:25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.05 UKI**
**09.10 Lína langsokkur**
**09.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.00 Elías**
**10.15 Dora the Explorer**
**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.
**17.30 iCarly** (12:25)
**17.55 Tricky TV** (1:23)

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.25 Pan Am** (14:14) (e)
**17.15 Rachael Ray**
**18.00 One Tree Hill** (7:13) (e)
**18.50 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.15 Will & Grace (7:24)** Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
**19.40 The Jonathan Ross Show** (21:21) (e) Gestir kvöldsins eru ekki af verri endanum, þau Danny Devito, Dara O'Brien, Simon Cowell og David Williams.
**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtiþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.
**21.15 The Biggest Loser** (17:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 CSI: New York** (2:18) (e)
**00.20 Monroe (4:6) (e)**
**01.10 CSI** (20:22) (e)
**02.00 Jimmy Kimmel** (e)
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.25** The Memorial Tournament 2012 (4:4) **10.15** Golfing World **11.05** Opna breska meistaramótið 2012 (4:4) **17.35** Inside the PGA Tour (35:45) **18.00** Deutsche Bank Championship - PGA Tour 2012 (1:4) **22.00** PGA Tour - Highlights (31:45) **22.55** Deutsche Bank Championship - PGA Tour 2012 (1:4) **01.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |






# STANGVEIÐI-ÚTSALA

**20-50% AFSLÁTTUR**

Vandað úrval af veiðistöngum, veiðihjólum og veiðifatnaði á frábæru verði.



**HARDY** UNIQUA 13 FLUGUSTÖNG
Tvíhenda fyrir línu 8. (Hjól fylgir ekki).
**54.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 112.990 KR.



**HARDY** DEMON 14 FLUGUSTÖNG
Tvíhenda fyrir línu 9. (Hjól fylgir ekki).
**74.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 159.990 KR.



**LOOP** EVOTEC 9' FLUGUSTÖNG
Sexstrent grip. Lína 5.
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 54.990 KR.




**30-50% AFSLÁTTUR AF LOOP FLUGULÍNUM**



**PENN** OVERSEA PRO
Sjóstöng. 20 pund.
**9.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 18.990 KR.



**20% AFSLÁTTUR AF VEIÐIHJÓLUM**



**20% AFSLÁTTUR AF FLUGUM**



**ABU** AMBASSADEUR BG 10.000
Kasthjól.
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.



**30% AFSLÁTTUR AF VÖÐLUM**



**50% AFSLÁTTUR AF FATNAÐI FRÁ LOOP**



**30% AFSLÁTTUR AF VÖÐLUSKÓM**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122286

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Ain't Got Nobody með Sísý Ey. Fullkomið lag til að tárast aðeins yfir áður en maður fer út á lífið …“*

Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari og tónsmiður Retro Stefson

# Fjallað opinskátt um kynlíf

„Þetta er fræðsluþáttur en efnið er séð með augum ungs fólks og við upplifum þetta svolítið í gegnum það,“ segir Hrefna Björk Sverrisdóttir einn framleiðenda sjónvarpsþáttanna 2+6 sem hefja göngu sína á Popptíví í vetur. Stórveldið framleiðir þættina í samstarfi við Hrefnu Björk.

Stjórnendur sjónvarpsþáttanna eru Sunna Sverrisdóttir og Veigar Ölnir Gunnarsson sem bæði eru að stíga sín fyrstu skref í sjónvarpi. Þættirnir verða átta að tölu og hefjast tökur á þeim í næstu viku. Að sögn Hrefnu Bjarkar verður ákveðið efni tekið fyrir í hverjum þætti og nefnir sem dæmi BDSM og sjálfsfróun. „Ungt fólk er mjög opinskátt þegar kemur að kynlífi og það er mjög áhugavert að sjá og heyra hvað það er að spá. Þó það sé opinskátt er ýmislegt sem byggt er á misskilningi og þess vegna er gott og þarft að svara þeim spurningum sem á þeim brenna.“

Kynfræðingurinn Sigríður Dögg Arnardóttir verður Sunnu og Veigari innan handar við gerð þáttanna auk fjölda sérfræðinga, leiðbeinenda og kynlífsunnenda. Helstu viðmælendur þáttanna verður þó fólk á aldrinum 18 til 25 ára og segir Hrefna Björk að vel hafi reynst að fá fólk til að tjá sig opinskátt um kynlíf. „Fólk er mjög opið um þessi mál og því hefur gengið vel að fá viðmælendur. En eins og ég segi, þá er þátturinn enn í vinnslu og því er enn tækifæri fyrir fólk að hafa samband ef það lumar á einhverju sniðugu.“

Hægt er að hafa samband við Hrefnu Björgu í gengum netfangið *tveirplussex@storveldid.is*.

-sm



**SPENNANDI ÞÁTTUR** Hrefna Björk Sverrisdóttir og Stórveldið framleiða þáttinn 2+6 sem verður á dagskrá Popptíví í vetur. Þátturinn fjallar um kynlíf.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK









NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS

**HUMAR LINDUSON ELDJÁRN:** VARÐ ÓVÆNT FACEBOOK-STJARNA

# Ótrúlega góðhjörtuð sál

„Humar kom inn í líf okkar fyrir þremur árum og á einmitt afmæli á morgun. Við fundum hann inni í skáp en þangað hafði hann flækst í flutningum og mátti dúsa þar einn og yfirgefinn í nokkurn tíma. Þegar við svo fundum hann var það ást við fyrstu sýn og hann hefur búið hjá okkur síðan þá og er mikill gleðigjafi,“ segja Linda Guðrún Karlsdóttir og Ari Eldjárn um Humar Linduson Eldjárn, sem varð landsþekktur á skömmum tíma fyrir skemmtilegar færslur á Facebook.

Vinasíða Humars var stofnuð í febrúar árið 2010 og lengi vel átti hann aðeins 200 vini en í vor tók síðan óvæntan kipp og fyrir stuttu var vinatala Humars komin upp í fimm þúsund. „Hann var algerlega í skýjunum og það kom ekkert annað til greina hjá honum en að láta alla vini sína vita hvað þeir væru honum mikilvægir svo hann þakkaði þeim persónulega í þriggja klukkutíma langri þakkarræðu,“ segja þau.

Það tók um tíu klukkustundir að taka upp umrædda þakkarræðu og að sögn Ara tók það verulega á raddböndin að lesa upp öll 5000 nöfnin. „Rödd Humars er verulega óþægileg fyrir hálsinn og oft þarf hann ekki að tala nema í nokkrar mínútur til að framkalla hæsi og raddleysi. En hann vill allt gera fyrir vini sína og með vatnsflösku og viljastyrk tókst þetta einhvern veginn.“

Innt eftir því hvort það fari ekki mikil vinna í að halda Facebook-síðu Humars virkri svara þau játandi. „Þetta er eins og tuttugu prósenta hlutastarf. Hann leggur mikið upp úr því að svara öllum. Við spyrjum Humar stundum hvernig hann nenni að standa í þessu en þá lítur hann hneykslaður upp frá tölvunni og segir: „tessir vera vinir med Humar!“ – svo heldur hann bara áfram.“



**FJÖLSKYLDAN SAMANKOMIN** Ari, Linda og Humar stilla sér upp fyrir jólakort fjölskyldunnar í fyrra. MYND/FRÍÐUR EGGERTSDÓTTIR

### HVÍLÍGIR VINIR FIRI HUMAR!

**Hvernig er að vera humar?**
Tad mjö gaman! en sdundum sumir reina borda Humar! tá Humar mjö reidur! Humar klíba!!
**Hvernig tilfinning er það að eiga svona marga vini á Facebook?**
Tessi mjö gódur! Humar gladur! Humar sdökkva í lofd! hvílígur fögnudur firi Humar!!
**Áttu besta vin?**
Já! Humar eiga fimmnúllnúllnúll vini! tessir mjö sgemtilegir! tessir adlir besdir! hvílígir vinir firi Humar!!



Ari og Linda segja vinsældir Humars hafa komið þeim töluvert á óvart en að það hafi glatt þau að annað fólk skuli einnig hafa gaman af Humri. „Hann er ótrúlega góðhjörtuð og einlæg sál en getur líka reiðst mjög auðveldlega ef að honum er vegið og hikar ekki við að klípa frá sér. Stafsetningin og málfarið hans Humars eiga ábyggilega líka sinn þátt í vinsældum hans og svo röddin. En það sem gerir síðuna hans skemmtilega er fyrst og fremst allt humartengda efnið sem vinir hans hafa póstað á vegginn hans í gegnum tíðina.“

Þegar þau eru að lokum spurð út í framtíðaráform Humars segja þau framtíðina óráðna. „Draumurinn er að gera litla hljómplötu og jafnvel stuttar teiknimyndir.“

sara@frettabladid.is

# Rappar um einelti á nýrri plötu

„Vonandi mun það hjálpa þeim sem eru í svipuðum sporum. Ekki gefast upp,“ segir rapparinn Gummzter úr Mosfellsbæ um lagið sitt Í þínum sporum. Það fjallar um einelti og er að finna á annarri plötu hans, Fullorðinn, sem kemur út í næstu viku.

„Þetta er persónulegasta lagið á plötunni,“ segir Gummzter, eða Guðmundur Snorri Sigurðsson, sem varð sjálfur fyrir einelti í grunnskóla. „Það hætti í tíunda bekk þegar ég byrjaði í rappinu.“

Fyrsta plata Gummzters kom út fyrir þremur árum. Eftir það lagði hann rappið nánast á hilluna í um tvö ár en fór þá að búa til sína eigin takta og kviknaði þá neistinn á nýjan leik. „Fyrsta platan var rosalega þung og tilfinningaþrungin. Þessi er aðeins léttari,“ segir hann. Fimm mismunandi taktsmiðir koma við sögu á plötunni og er hún ein fjölbreyttasta rappplata sem hefur komið út á Íslandi að mati Gummzters. Hann varð tvítugur í sumar og ákvað því að skíra plötuna Fullorðinn. Hún verður fáanleg ókeypis á síðu hans *Gummzter.com*. Einnig verður hægt að kaupa hana og styrkja þar með listamanninn á *Tonlist.is* og *Gogoyoko.com*.

- fb



**GUMMZTER** Rapparinn Gummzter gefur í næstu viku út plötuna Í þínum sporum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




PIPAR\TBWA • SÍA • 122282



**DIDRIKSONS JUSTIN ÚLPA**
Stærðir 130–170
**17.990 kr.**



**DIDRIKSONS MELVIN KIDS SNJÓBUXUR**
Stærðir 80–130
**10.990 kr.**



**DIDRIKSONS BOARDMAN REGNSETT**
Stærðir 80–130
**14.990 kr.**



**DIDRIKSONS SLASKEMAN REGNSETT**
Stærðir 80–130
**7.990 kr.**



**DIDRIKSONS SHEY FLÍSBUXUR**
Stærðir 80–130
**4.990 kr.**



**DIDRIKSONS BIGGLES LÚFFUR**
Stærðir 0–4
**2.900 kr.**



**DIDRIKSONS BAFFIN KULDAGALLI**
Stærðir 80–130
**18.990 kr.**



**DIDRIKSONS HERMIT ÚLPA**
Stærðir 80–130
**8.990 kr.**



**DIDRIKSONS MONTE FLÍSPEYSA**
Stærðir 80–130
**3.990 kr.**



**DIDRIKSONS JARVIS ÚLPA**
Stærðir 80–130. Einnig til blá og bleik.
**14.990 kr.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Rúnar snýr aftur

Það gleður landann eflaust að heyra að hinn vinsæli þáttur Loga Bergmanns Eiðssonar, Spurningabomban, er væntanlegur aftur á Stöð 2 í vetur. Ekki nóg með að þátturinn vinsæli snúi aftur heldur hefur endurkoma leikarans **Rúnars Freys Gíslasonar** í þættina verið staðfest. Rúnar Freyr annaðist liðinn Dansleikurinn í þáttunum síðasta vetur þar sem hann túlkaði lagatexta með frábærum tilþrifum og þurftu þátttakendur að giska á um hvaða lag væri að ræða. Rúnar hvarf þó úr þáttunum undir lokin og tók ekki þátt í þáttaröðinni sem hófst síðasta vor og stóð yfir fram á sumar.



### Frægir fundu skjálftann

Það er ljóst að íslenskar stjörnur hafa báða fætur á jörðunni því svo virðist sem flestar þeirra hafi fundið jarðskjálftann sem reið yfir suðvesturhornið í hádeginu í gær. Margar þeirra lýstu því yfir á Facebook og á Twitter. „Ekki alveg notalegt að vera á 18. hæð í svona skelli," skrifaði **Einar Bárðarson** umboðsmaður á Facebook-síðu sína strax eftir skellinn. Þá hafði **Kristinn Hrafnsson**, talsmaður Wikileaks, áhyggjur af hugsanlegu eldgosi við Reykjavík í kjölfar skjálftans og yfirtöku Akureyrar sem höfuðborg Íslands. **Logi Bergmann Eiðsson**, fréttaþulur á Stöð 2, varð svo stoltur af sjálfum sér fyrir að hafa fundið skjálftann að hann lýsti því yfir á Twitter að það færi ekki allt fram hjá honum.

**- trs, - bþh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Jarðskjálftinn var 4,6 stig
2. Íslenskir Vítisenglar gætu misst stöðu sína innan samtakanna
3. Gengi Svedda tannar handtekið í Hollandi
4. Fylltu á þyrluna á næstu bensínstöð
5. Kókaínneysla á drykkjukvöldi Harry Bretaprins í Las Vegas





